



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

# **Kennarinn, sagan og gildin**

*Um þátt kennara og námsefnis í miðlun gilda í sögukennslu*

**Ritgerð til MPaed.-prófs**

**Guðlaugur Pálmi Magnússon**

**Júní 2012**

Háskóli Íslands  
Sagnfræði- og heimspekideild  
Sagnfræði

# Kennarinn, sagan og gildin

*Um þátt kennara og námsefnis í miðlun gilda í sögukennslu*

Ritgerð til MPAed.-prófs

Guðlaugur Pálmi Magnússon

Kt.: 240257-2709

Leiðbeinandi: Guðmundur Jónsson

Júní 2012



## Ágrip

Vísindi og þekkingarsköpun eru ávallt bundin kennimiðum (e. *paradigm*) sem tengd eru stað og stund. Í þessari ritgerð heimfæri ég kenningu Thomasar S. Kuhns um kennimið í vísindum upp á sagnfræði, sögukennslu og kennslubækur í sögu. Kenningin gerir ráð fyrir því að tiltekin kennimið séu ríkjandi á hverjum tíma og í þeim birtist samkomulag (e. *consensus*) um hvað sé gild þekking og „góð vísindi“. Hér er því haldið fram að kennimiðin feli einnig í sér ákveðin gildi. Megináhersla ritgerðarinnar er á gildamiðlun í sögukennslu. Ritgerðin er þríþætt. Í fyrsta lagi er fjallað um það yfirgrípandi kennimið sem legið hefur til grundvallar kennslubókum í sögu og gildamiðlun í sögukennslu. Sýnt er fram á hvernig kennimið, kennt við Ranke, varð ráðandi í sagnfræði frá miðri 19. öld. Stór þáttur þess er hugmyndin um framfaratrú og línulega þróun frá upphafi siðmenningar til þjóðríkisins. Kennimiðið berst til Íslands í upphafi 20. aldar og aðlagðist því viðfangsefni sem efst var á baugi, sjálfstæðisbaráttunni. Í ritgerðinni er sýnt fram á að á Íslandi hafi þetta kennimið, sjálfstæðiskennimiðið, verið sá túlkunarrámi sem borið hefur uppi atburðarás Íslandsögunnar frá landnámi, og að þjóðernishyggja og framfaratrú hafi verið yfirgrípandi gildi í sögukennslu. Annar hluti ritgerðarinnar er byggður á spurningakönnun um hlutverk námsefnis, gildi og gildamiðlun meðal starfandi sögukennara á Norðurlöndunum. Netkönnun var framkvæmd á árunum 2006-2007 og eru niðurstöður hennar þær að kennarar glíma stöðugt við gildamiðun í kennslu sinni og hafa virka afstöðu til gilda. Í þriðja hluta ritgerðarinnar er fjallað um siðaskiptin í íslenskum kennslubókum í sögu og sýnt hvernig sjálfstæðiskennimiðið er ráðandi túlkunarrámi og þjóðernishyggja ráðandi gildi. Niðurstöðurnar sýna að sami atburður getur miðlað mismunandi gildum. Þannig hafa siðaskiptin í Evrópu verið notuð til að miðla framfarahugmyndinni en siðaskiptin á Íslandi hafa miðlað þjóðernishyggju.

## Formáli

Ég hef verið sögukennari í framhaldsskóla í hátt á þriðja áratug. Í því starfi hef ég orðið sífellt meðvitaðri um að snar þáttur í sögukennslu er miðlun gilda, ekki síst eftir að ég tók þátt í að semja námskrá í sögu fyrir grunn- og framhaldsskóla árið 1999 með Þorsteini Helgasyni, dósent á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Í þeirri vinnu var ekki komist hjá því að velja sjónarhorn og áherslur sem um leið fólu í sér að velja þau gildi sem miðla ætti í samhenginu. Upp úr þessu fór ég að velja fyrir mér hversu víðtæk gildamiðlun væri og hversu samofin hún væri kennslunni. Þorsteinn Helgason bauð mér að taka þátt í „Historia i läromedlen“, tengslaneti norrænna fræðimanna um kennsluefni í sögu, til að þróa þessar hugmyndir. Við höfðum frumkvæði að því að tengslanetið stóð fyrir viðhorfakönnun meðal norrænna sögukennara. Niðurstöðurnar komu síðan út á bók þar sem ég skrifaði einn kafla sem fjallaði um gildi. Þá fékk ég áhuga á að skoða frekar gildamiðlun í íslenskum kennslubókum í sögu og setja í samhengi við kenningu Thomasar S. Kuhns um kennimið. Afraksturinn af þessari vinnu birtist hér. Þessi ritgerð hefur vaxið fram í samræðu við fjölda fólks, meðal þeirra má nefna Þorstein Þórhallsson, sögudeildina í Menntaskólanum við Hamrahlíð og aðra kollega mína í sögukennslunni og er þeim þakkað hér með. Guðmundi Jónssyni, prófessor í sagnfræði, þakka ég fyrir góða leiðsögn. Sömuleiðis þakka ég þeim kennurum sem svöruðu spurningalistanum og þeim sem ég tók viðtal við. Sérstakar þakkir fá Steingrímur Þórðarson íslenskukennari í MH fyrir prófarkalestur og Guðmundur Arnlaugsson sögukennari í MH sem aðstoðaði mig við að ganga frá heimildaskrá í sama mund og hann var á fæðingardeildinni að bíða eftir öðru barni sínu. Síðast en ekki síst fær Víkurakademían, eiginkona mín og Þorsteinn Helgason, sérstakar þakkir fyrir yfirlestur, skapandi samræður og fyrir reka mig áfram uns markinu var náð.

## Efnisyfirlit

Ágrip .....	1
Formáli .....	2
Efnisyfirlit .....	3
Töfluskrá .....	4
Myndritaskrá .....	4
<b>I. Inngangur, markmið og aðferðir .....</b>	<b>5</b>
Inngangur .....	5
Efnisskipan ritgerðar og rannsóknarspurningar .....	6
Aðferðir og gögn .....	7
<b>II. Fræðilegur bakgrunnur .....</b>	<b>9</b>
Þekkingarfræðilegar forsendur, vísindasýn og söguskilningur .....	9
Um gildi í námskrá og skólastarfi .....	15
Um gildi í sögukennslu .....	17
Meðvituð sköpun og endurskoðun gilda .....	19
Kennimið í sögukennslu .....	20
<b>III. Könnun á gildum og gildamiðlun í sögukennslu .....</b>	<b>22</b>
Um spurningalistakönnunina .....	22
Niðurstöður spurningalistakönnunar .....	25
Samtöl við kennara um gildamiðlun .....	33
Samantekt um kennslubækur og samtöl .....	37
<b>IV. Tilvikskönnun á gildamiðlun: Siðaskiptin í kennslubókum .....</b>	<b>39</b>
Sjálfstæðiskennimiðið vex fram .....	39
Sjálfstæðiskennimiðið undir hatti hefðarvísinda .....	46
Evrópusaga – mannkynssaga - siðaskipti .....	50
Sjálfstæðiskennimiðið í kreppu? Samþætt mannkyns- og Íslandssaga .....	54
Siðaskiptin í kennslu: hvernig fara kennarar að? .....	59
<b>V. Lokaorð .....</b>	<b>65</b>
Heimildaskrá .....	68
Viðauki: Spurningalisti .....	71

## Töfluskra

Tafla 1 Fjöldi þátttakenda frá hverju landi og hlutfall af heild. ....	22
Tafla 2 Svör kennara við spurningunni: Hver ættu að vera helstu hlutverk námsgagna í sögu? .	35
Tafla 3 Svör kennara við spurningunni: Hvaða gildi skipti mestu máli að námsgögnin komi á framfæri? .....	35

## Myndaskra

Mynd 1 Hvert er helsta hlutverk kennslugagna? Hlutfall sem telur tiltekinn svarmöguleika „mikilvægastan“ eða „næstmikilvægastan“. Allir svarendur. ....	26
Mynd 2 Samanburður á spurningunum: Hvaða gildum skiptir mestu máli að námsgögnin komi á framfæri? og hvaða gildi leggur kennslubókin áherslu á?“ Allir svarendur. ....	28
Mynd 3 Hlutfall svarenda sem álíta alþjóðahyggju mikilvægt gildi. Greint eftir löndum.....	29
Mynd 4 Svarendur sem álíta umburðarlyndi mikilvægt gildi. Greint eftir löndum. ....	29
Mynd 5 Svarendur sem álíta jafnrétti mikilvægt gildi. Greint eftir þjóðerni svarenda. ....	30
Mynd 6 Svarendur sem álíta þjóðvitund mikilvægt gildi. Greint eftir þjóðerni svarenda.....	31
Mynd 7 Svarendur sem álíta umhverfisvitund mikilvægt gildi. Greint eftir þjóðerni svarenda. ....	32
Mynd 8 Hvað tekur þú til bragðs ef þú ert ekki ánægð/ur með efnispátt í bókinni sem þú notar? Allir svarendur. ....	33

## I. Inngangur, markmið og aðferðir

### Inngangur

Það gildir um sagnfræðina eins og aðrar fræðigreinar að hún getur aldrei grundvallast á „staðreyndum“ sem standa utan við hið menningarlega og samfélagslega samhengi sem hún hrærist í. Hversu mjög sem sagnfræðingurinn reynir að gæta hlutlægni er hann eða hún hluti af samfélagi sem er undirorpið stöðugum breytingum. Hann eða hún er af ákveðu kyni, þjóðerni, aldri, með tiltekna heimsmynd, mannskilning og pólitískar skoðanir. Allt þetta er birtingarmynd þess sem kallað er *gildi*.<sup>1</sup> Það sama á við um sögukennarann, hann eða hún getur ekki stokkið út úr heimi gildanna og kennt sögu sem er handan gildaheimsins, gildin eru allt um kring, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Málið snýst því ekki um að stefna að gildalausri kennslu heldur að velja og móta gildin og setja þau í samhengi tíma og samfélags. Samkvæmt námskrám allra Norðurlandanna ber kennurum *skylda* til að miðla ákveðnum gildum. Í fyrsta kafla sænsku námskrárinnar segir t.d. undir fyrirsögninni „Skolans värdegrund“:

Utbildningen ska förmedla och förankra respekt för de mänskliga rättigheterna och de grundläggande demokratiska värderingar som det svenska samhället vilar på. Undervisningen ska vila på vetenskaplig grund och beprövad erfarenhet. Var och en som verkar inom skolan ska också främja aktning för varje människas egenvärde och respekt för vår gemensamma miljö.<sup>2</sup>

Sami texti er í upphafstexta bæði fyrir námskrá grunn- og framhaldsskóla frá 1994 og er líka í nýjustu námskrá frá 2011 fyrir framhaldsskólann. Í námskránum er síðan tíunduð útfærsla sem og miðlun þessara gilda. Það sama má segja um námskrár hinna Norðurlandanna nema á Íslandi en þar hefur lítið farið fyrir yfirlýstri áherslu á miðlun gilda fram að þessu og hefur það þar að auki minnkað í námskrá (2006) frá þeirri sem var á undan (1999). En í nýjustu útfærslu námskrárinnar íslensku, sem er í deiglunni, er mikil breyting orðin á; þar eru tilgreindir sex grunnþættir menntunar sem eiga að fléttast inn í allar námsgreinar sem eru kenndar. Þessir grunnþættir eru: Læsi í víðum skilningi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.<sup>3</sup> Misjafnt hefur verið hve nákvæmlega gildamiðlunin er tilgreind og hver hlutur hennar er í

<sup>1</sup> Hugtakið „gildi“ sem er eitt lykilhugtak í ritgerðarinnar er þýðing á enska hugtakinu „value“ og sænska hugtakinu „värde“.

<sup>2</sup> *Läroplan, examensmål och gymnasie gemensamma ämnen för gymnasieskola 2011*, bls. 5.

<sup>3</sup> *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011*, bls. 14.



einstökum námsgreinum, þar á meðal í sögu. Breytingar hafa orðið á því hvaða gildi hafa verið ríkjandi á hverjum tíma. Ljóst er þó að sagan sem kennslugrein í skólum hefur undanfarnar tvær aldir átt að efla þjóðerniskennnd sem eitt megingildi. Í þessari ritgerð er leitast við að draga fram hversu miðlun gilda er sterkur þáttur í sögukennslu. Sérstök áhersla er lögð á að sýna hversu þjóðernishyggjan hefur litað sögukennslu á Íslandi fram á þennan dag. Opinberlega hefur dregið úr þessari áherslu þar sem þjóðernishyggja hefur fengið á sig neikvæðan stimpil. Í þessu ljósi er spennandi að sjá hvernig skólunum tekst að útfæra þessar grunnstoðir í námsgreinum í skólanámskrám, sér í lagi sögu.

### **Efnisskipan ritgerðar og rannsóknarspurningar**

Í þessari ritgerð er fjallað um hlutverk gilda í sögukennslu. Hún er í fimm hlutum. Fyrsti hluti er inngangur. Í öðrum hluta eru dregin upp fræðileg sjónarmið. Almenn er fjallað um gildi í námskrám og hlutverk þeirra. Einkum er rætt um gildi sem miðlað er í sögukennslu á ýmsum tímum og stöðum. Þar næst leitast ég við að sýna fram á að ríkjandi kennimið í íslenskri sagnfræði á 20. öld hafi snúist um að miðla þjóðernishyggju. Þetta kennimið nefni ég „sjálfstæðiskennimiðið“. Með notkun kennimiðsins er leitast við að varpa ljósi á fræðilegan og hugmyndasögulegan bakgrunn kennslubókanna.

Í þriðja hluta er gerð grein fyrir spurningakönnun um hlutverk námsefnis, gildum og gildamiðlun meðal starfandi sögukennara á Norðurlöndunum. Um er að ræða netkönnun sem framkvæmd var á árunum 2006-2007. Almenn umfjöllun um þessa könnun birtist í bókinni *Opening the Mind or Drawing Boundaries? History Texts in Nordic Schools* sem kom út 2010. Gerð er grein fyrir meginniðurstöðum könnunarinnar. Samanburður er gerður milli Norðurlandanna að því marki sem gögnin leyfa og Ísland skoðað sérstaklega. Þessum hluta lýkur með umfjöllun um samtöl við nokkra starfandi íslenska sögukennara sem varpar frekara ljósi á könnunina.

Í fjórða hluta ritgerðarinnar er fjallað um gildi og gildamiðlun í íslenskum kennslubókum í sögu. Um er að ræða tilvikskönnun og siðaskiptin tekin sem dæmi. Greint er frá viðtölum við nokkra kennara um hvernig þeir kenna um siðaskiptin og hvaða gildum þeir telji sig miðla í samhenginu. Loks er gerð grein fyrir heimsóknum í

kennslustundir í sögu þar sem kennt var um siðaskiptin. Fimmti og síðasti hluti ritgerðarinnar er niðurstöður og lokaorð.

Rannsóknarspurningar ritgerðarinnar eru eftirfarandi:

1. Hversu veigamikil er gildamiðlun í sögukennslu og hvað ræður því hvaða gildi eru efst á baugi hverju sinni?
2. Hvernig hefur þjóðernishyggjan mótað rannsóknir og kennslu í sögu á Íslandi?
3. Hvaða afstöðu hafa norrænir sögukennarar til gefinna gilda: Alþjóðahyggju, umburðarlyndis, jafnréttis, þjóðvitundar og umhverfisvitundar. Miðla þeir þessum gildum í kennslu? Er samhljómur eða munur milli landa?
4. Hvernig birtast þjóðernishyggjan og framfarahugmyndin í umfjöllun kennslubóka og kennara í kennslustundum um siðaskiptin á Íslandi?

### Aðferðir og gögn

Í ritgerðinni er notast við eigindlegar og meginlegar aðferðir og byggist ritgerðin á svokallaðri margprófun (e. *triangulation*) en það er aðferð til að auka á réttmæti í rannsóknum. Í því felst að nota fleiri en eina aðferð til að nálgast gögn og greina þau og þannig eru veikleikar í einni tegund gagna og aðferðar bætt upp með styrkleikum annarrar.<sup>4</sup> Í ritgerðinni eru þrjár aðferðir notaðar. Tilgangurinn með slíkri nálgun er að leita svara við þeim rannsóknarspurningum sem settar eru fram í ritgerðinni. Þessi aðferðafræðilega nálgun er að miklu leyti í samræmi við það sem Steinar Kvale gerir grein fyrir í bók sinni *Doing interviews* 2007.<sup>5</sup>

Í fyrsta lagi er spurningalistakönnun þar sem spurt er um viðhorf kennara til gildamiðlunar. Könnunin er hluti af norrænu samstarfi í tengslanetinu „Historia í läromedlen“ með það markmið að afla gagna um afstöðu kennara til námsefnis. Könnun stóð yfir frá nóvember 2006 til apríl 2007 og henni svöruðu 409 sögukennarar á grunn- og framhaldskólastigi á Norðurlöndunum. Úrvinnsla könnunarinnar er einföld með lýsandi tölfræði og verður henni nánar lýst í þriðja hluta.

Í öðru lagi eru samtöl við starfandi kennara um sögukennslu. Rætt var við sjö kennara úr þremur skólum á höfuðborgarsvæðinu. Aðferðin við val á viðmælendum er svokallað „hentugleikaúrtak“ (e. *convenience sampling*) en þá eru þátttakendur valdir

<sup>4</sup> Denzin, „Strategies of multiple triangulation“, bls. 297-313; Silverman, *Qualitative Research Theory*.

<sup>5</sup> Kvale, Steinar, *Doing interviews*.

vegna þess að þeir eru á réttum stað á réttum tíma. Til viðbótar við samtölin við kennarana var stuðst við þrjár vettvangsathuganir þar sem ég fylgdist með sögukennslu þriggja kennara á höfuðborgarsvæðinu. Nánar er skýrt frá samtölunum og vettvangsheimsóknunum í hluta IV hér á eftir.

Í þriðja lagi er gerð innihaldsgreining á kennslubókum í sögu. Sá hluti fjallar um gildamiðlun íslenskra kennslubóka í sögu með sérstakri áherslu á umfjöllun um siðaskiptin. Þær kennslubækur sem teknar eru til skoðunar eru bæði Íslands- og mannkynssögubækur en einnig bækur þar sem þetta tvennt er samþætt. Leitast er við að sýna hvernig umfjöllun um siðaskiptin endurspeglar áherslu á þjóðernishyggju sem grundvallargildi í kennslubókum 20. aldar og fram á okkar tíma. Þessi umfjöllun sýnir hvernig sjálfstæðiskennimiðið sem túlkunarrámi stýrir hvaða gildum umfjöllunin um siðaskiptin miðlar.

Samtölin við kennarana eru notuð til að varpa frekara ljósi á bæði spurningalistakönnunina og innihaldsgreininguna á kennslubókunum. Umfjöllun um samtölin kemur því í beinu framhaldi af umfjöllun um hvorn þáttinn fyrir sig.

## II. Fræðilegur bakgrunnur

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeim grunnsjónarmiðum sem ritgerðin byggist á.<sup>6</sup> Fyrst verður fjallað um þekkingarfræðilegar forsendur, vísindasýn og söguskilning. Þá verða fræðilegum sjónarmiðum um gildi gerð skil, einkum þeim sem snúa að gildum í námskrá og kennslu í sögu.

### Þekkingarfræðilegar forsendur, vísindasýn og söguskilningur

Í ritgerðinni er byggt á ákveðinni tegund af söguskilningi, eða þekkingarfræði, þar sem fullkomin hlutlægni varðandi rannsóknir og miðlun í sagnfræði er hvorki talin möguleg né æskileg. Þekkingarfræðileg afstaða mín er einhvers staðar milli tveggja póla, þ.e. annars vegar vísindaheimspeki póstívistu, þar sem mannlegi þátturinn og merkingarþátturinn er álitinn bjaga vísindalega þekkingu og hins vegar þekkingarfræði póstmóðernismans, þar sem þekkingin er tilbúið sjónarhorn. Eigindleg rannsókn í formi viðtals (hér samtals) er þá tilbúið sjónarhorn þekkingar (e. *construction site of knowledge*).<sup>7</sup>

Richard J. Praxton færir rök fyrir því að sagnfræðingar og höfundar kennslubóka séu meðvitað og ómeðvitað gerendur í að koma sínum gildum að.<sup>8</sup> Þessi gildi spanna allt frá þröngum, jafnvel umdeildum, einkaskoðunum til þeirra gilda sem almenn samstaða er um í samfélaginu. Mér þykir einsýnt að þetta eigi einnig við um sögukennara. Í rannsóknum um fortíðina er sögð saga þar sem söguritararnir velja viðfangsefnið, meta, flokka og ákveða hvaða efniviður (e. *raw material*) er mikilvægur til að lýsa því sem fjallað er um. Í þessu samhengi verður til það sem Praxton kallar „rödd sögumanns“ (e. *narrative voice*) sem sumir sagnfræðingar og söguritarar nota meðvitað. Það felur í sér meðvitaða afstöðu sem gerir þessa höfunda að virkum gerendum í miðlun efnisins sem um ræðir.<sup>9</sup> Hér vil ég bæta því við að ég tel að „rödd sögumannsins“ sé alltaf til staðar hvort sem höfundur textans hefur það sem markmið eður ei.

Þó tel ég ekki að sagnfræðingar haldi fram handahófskenndum einkaskoðunum. Samkvæmt Thomas S. Kuhn er fræðileg þekking ávallt bundin viðteknum kennimiðum sem ríkjandi eru í akademíunni, í samkomulagi (e. *consensus*) um hvaða reglur gilda

<sup>6</sup> Skyld sjónarmið er að finna í grein Ronalds W. Evans, „Educational Ideologies and the Teaching of History“, bls. 172.

<sup>7</sup> Steinar Kvale, *Doing interviews*, bls. xvii.

<sup>8</sup> Praxton, Richard, J., „A Deafening Silence: History Textbooks and the Students Who Read Them“, bls. 315-339.

<sup>9</sup> Praxton, *A Deafening Silence*, bls. 318-319.

um „góð vísindi“.<sup>10</sup> Heimildarýni, úrvinnsla heimilda, túlkun og röksemdafærsla er sett undir mæliker vísindasamfélagsins. Í því samhengi veldur hugtakið „hlutlægni“ ákveðnum vandkvæðum þegar það er skilið þannig að til sé sannur, hlutlaus veruleiki óháður rannsakandanum sem sagnfræðin leitast við að lýsa sem nákvæmast og best. Þess vegna er hentugt að nota önnur viðmið (e. *criteria*) en „hlutlægni“ t.d. heimildarýni, þekkingu á heimildum, gagnrýni, sanngirni, víðsýni, söguskilning, skýringargildi og mikilvægi viðfangsefnisins.<sup>11</sup> Án þess að hér sé farið djúpt í þekkingarfræði sagnfræðinnar felur þessi skilningur í sér að sögulegum sannleik er hvorki hafnað né hann tekinn sem gefinn. Ég tel að það sem að ofan segir eigi einnig við um kennslubókahöfunda og sögukennara. Þeir hafa alltaf tiltekna afstöðu, meðvitaða eða ómeðvitaða, til þess efnis sem á að miðla og túlka, hvort sem um er að ræða kennslubækur eða heimildir á borð við myndir, kvikmyndir, heimildamyndir, fagurbókmenntir, verkefni, viðtöl o.þ.h.

Til að skoða þessa hluti nánar verður hér stuðst við kenningu Kuhns um þróun vísindanna sem hann setti fram í bók sinni *The Structure of Scientific Revolutions* frá 1962.<sup>12</sup> Þó að Kuhn hafi fjallað um sögu náttúruvísinda hafði kenning hans víðtæk áhrif á alla umræðu um vísindaheimspeki og vísindasögu, þar með talin félagsvísindi og sagnfræði. Kuhn lýsir því sem hann kallar vísindabyltingar og kennimið fyrir ráðandi fyrirkomulag í vísindum.<sup>13</sup> Kuhn telur að vísindastarf sé sögulega skilyrt og eigi sér stað í samfélagi vísindamanna (e. *scientific community*) en þau eru, eins og öll önnur samfélög, stofnanavædd með valdastrúktúr, klíkumyndanir og hagsmuni.

Fyrsta fullskapaða kennimiðið með stórkenningu til grundvallar er skólastíkin, þar sem helstu kenningar mátti rekja til þeirra Aristótelesar og Ptólemaíosar. Þegar því kennimiði var kollvarpað við byltingu varð til nýtt kennimið með kenningum Galileós, Keplers og síðar Newtons. Önnur bylting varð þegar Einstein og Bohr komu með sínar stórkennningar sem leystu kenningu Newtons af hólmi. Kuhn telur að langur aðdragandi hafi verið að raunverulegri stofnanavæðingu vísindanna með skólastíkinni. Í sérhverju kennimiði verður til það sem Kuhn kallar hefðarvísindi (e. *normal science*), en þar sameinast vísindasamfélagið um stórkenningu, aðferðafræði, skýringarmódel og

<sup>10</sup> Kuhn, Thomas S., *The Structure of Scientific Revolutions*.

<sup>11</sup> Karlson, Klas-Göran, „Historiedidaktikens teori“, bls. 41-43.

<sup>12</sup> Kuhn, Thomas S., *The Structure of Scientific Revolutions*.

<sup>13</sup> Í bók sinni *Heimsmýnd á hverfanda hveli*, þýðir Þorsteinn Vilhjálmsson hugtakið paradigmi bæði sem viðmið og kennimið, sjá bls. 317. Hér verður stuðst við síðara orðið.

rannsóknarviðfangsefni og til verður dæmasafn um fyrirmyndir góðra vísindarannsókna. Hefðarvísindi eru einskonar púsluspil sem gengur út á að flokka og raða saman veruleikanum samkvæmt stórkenningunni og skýra sem flest ferli og fyrirbæri veruleikans í anda hennar. Í þessu ferli rekast vísindamenn smám saman á fyrirbæri sem ómögulegt er að fella að stórkenningunni. Þessi fyrirbæri kallar Kuhn anómalíur, eða frávik. Þeim fjölga í tímans rás og stuðla að óvissu um hvort ráðandi stórkenning sé í raun rétt. Þá kemst vísindasamfélagið í kreppu. Þessar anómalíur verða svo kveikjan að nýjum stórkenningum sem spretta upp í því skapandi andrúmslofti sem myndast þegar losnar um kennimiðið. Eftir því sem skólastíkin þroskaðist sem kennimið hófst, samkvæmt Kuhn, framvinda sem hann lýsir svo: Kennimið – hefðarvísindi – anomalíur – kreppa – bylting – skapandi vísindi – samkeppni milli stórkenninga – kennimiðaskipti (e. *paradigm shift*) – hefðarvísindi – anomalíur, og svo koll af kolli.<sup>14</sup>

Helsta gagnrýnin á kenningu Kuhns er sú að vísindasamfélagið sé einangrað frá samfélaginu og kenningin einskorðist við innviði vísindanna og vísindasamfélagsins. Kuhn er gagnrýndur fyrir að sjá ekki fjölbreytileikann og mismunandi kenningaskóla sem þó er að finna innan tiltekins kennimiðs. Breski sagnfræðingurinn Peter Burke notar kennimiðshugtak Kuhns til að lýsa evrópskri sagnfræði á 18. 19. og 20. öld í grein sinni „Paradigms Lost: From Göttingen to Berlin“.<sup>15</sup> Burke telur að sporgöngumenn Rankes hafi unnið í anda Ranke-kennimiðsins. Fyrirennarar þeirra tilheyrðu hins vegar „the sociocultural paradigm“ sem einnig hefur verið nefnt „conjectural history paradigm“. Þetta voru m.a. Rousseau, Adam Smith og Ferguson en þeir voru ósnortnir af þjóðríkishugmyndinni í sínum skrifum. Segja má að þessir fræðimenn hafi verið meiri kenningasmiðir með minni áherslu á „empíríu“ en fylgismenn Rankes sem einblíndu á þjóðríkið og eflingu þess. Framlag Rankes og fylgismanna hans var aðferðafræðin þar sem skjallugar heimildir og heimildarýni urðu hornsteinar sagnfræðinnar. Ranke-kennimiðið innlimaði þó að nokkru leyti „the sociocultural paradigm“ með framfarahugmynd upplýsingarinnar og var þjóðríkishugmyndin þá felld inn í þróunarferlið.

Árið 1995 birtist í tímaritinu *Sögu* safn erinda um söguskoðun Íslendinga.<sup>16</sup> Þessi erindi voru flutt á ráðstefnu á vegum Sagnfræðingafélagsins undir yfirskriftinni: *Sagan*

<sup>14</sup> Kuhn, Thomas S., *The Structure of Scientific Revolutions*.

<sup>15</sup> Burke, Peter, „Paradigms Lost: From Göttingen to Berlin“, bls. 244-257.

<sup>16</sup> „Sagan og samtíminn: Ráðstefna um söguskoðun Íslendinga“, bls. 55-109.

og samtíminn, ráðstefna um söguskoðun Íslendinga. Í inngangi að þessum erindum lýsir Guðmundur Jónsson, íslenski sagnfræði með þessum orðum: „Þessi söguskoðun lagði mönnum ekki aðeins til skilning á þjóðfrelsisbaráttunni, hún veitti ákveðna heildarsýn á Íslandssöguna, gaf henni inntak og stefnu, skilgreindi meginatburði hennar, bjó til hetjur og fól.“<sup>17</sup> Þessi setning lýsir að mínu mati í hnotskurn ákveðnu kennimiði í íslenski sagnfræði. Hér beiti ég kennimiðshugtaki Kuhns og nefni þetta sjálfstæðiskennimiðið og mun greina viðfangsefni mitt út frá því. Ég lýsi hvernig sjálfstæðiskennimiðið vex fram úr því kennimiði sem einkennir evrópska sagnfræði í byrjun 20. aldar, með vísun í grein Peters Burke hér á undan. Þetta kennimið hefur einkennt sagnfræði og ekki síður sögukennsluna síðustu hundrað árin. Túlkunarramminn hvílir á þjóðernishyggju og þjóðríkishugmyndinni sem samofin er framfarahyggju. Sjálfstæðiskennimiðið hefur því gegnsýrt íslenskar kennslubækur.

Gunnar Karlsson gerir ítarlega grein fyrir þessari nálgun í íslenskum kennslubókum í tímaritinu *Sögu* 1982 í grein sem nefnist „Markmið sögukennslu“.<sup>18</sup> Gunnar rekur hvernig þjóðernishyggjan gegnsýrir sögubækur Jóns J. Aðils og Jónasar Jónssonar. Hann setur þá báða í samhengi við þá *stórkenningu* eða *kennimið* eins og ég nefni það hér, sem var ríkjandi í Evrópu á 19. öld, og fram eftir 20. öldinni og hann kallar „vekjandi sögu“. Hún var í upphafi borin uppi af þjóðernissinnuðum frjálshyggjumönnum í Evrópu og lýsir Gunnar henni svo: „Hlutverk hennar var að vekja þjóðernistilfinningu ungra þegna, og það var m.a. gert með því að innræta þeim að þeir væru partur af góðri og merkilegri þjóð og það væri þess virði að leggja nokkuð á sig fyrir hana.“<sup>19</sup> Gunnar bætir við að hann „hafi ekki fundið þess merki að vekjandi sögukennslu hafi verið rutt af stalli með neinum hávaða á Íslandi.“<sup>20</sup> Þetta er einmitt í anda þess kennimiðs sem Burke kennir við Ranke.

Áhugavert er að skoða hvaða hugmyndastraumar liggja til grundvallar þeim söguskýringum sem eru viðteknar í orðræðu um Íslandssögu í upphafi 20. aldar. Þegar Jón Sigurðsson notar Gamla sáttmála sem upphafsreit í *Hugvekju til Íslendinga* árið 1848 gefur hann tóninn um hvernig túlka skuli samskipti Íslendinga við konungsvaldið norska og síðan það danska.<sup>21</sup> Sú viðtekna skýring verður til að Íslendingar „missi

<sup>17</sup> Guðmundur Jónsson, „Sagan og samtíminn: Ráðstefna um söguskoðun Íslendinga“, bls. 55-56.

<sup>18</sup> Gunnar Karlsson, „Markmið sögukennslu. Söguleg athugun og hugleiðingar um framtíðarstefnu“, bls. 173-222.

<sup>19</sup> Gunnar Karlsson, „Markmið sögukennslu“, bls. 181.

<sup>20</sup> Gunnar Karlsson, „Markmið sögukennslu“, bls. 192.

<sup>21</sup> Jón Sigurðsson, *Hugvekja til Íslendinga*.

sjálfstæðið“ í kjölfar Sturlungaaldar vegna þess að þeir gátu ekki komið sér saman um innlent ríkisvald og dregur hún dóm af hugmynd Thomasar Hobbes í *Leviatan* (1651). Þar er kveðið á um að „allra stríð gegn öllum“ neyði menn til að koma upp miðlægu ríkisvaldi til að koma á friði. Íslendingar gátu ekki komið sér saman um innlent ríkisvald og því voru þeir nauðbeygðir að lúta því norska til að ná „friði og íslenskum lögum“. Í þessu samhengi fær Gamli sáttmáli stöðu samfélagssáttmála Thomasar Hobbes. Eftir þetta eru samskipti Íslendinga og konungsvaldsins gjarnan skoðuð í þessu ljósi og réttur Íslendinga skilgreindur í samræmi við það. Einnig verður þemað að standa vörð um þennan sáttmála.

Í kjölfar frönsku byltingarinnar og fram eftir 19. öldinni eru hugmyndir um *samfélagssáttmálann*, *almannaviljann*, *þjóðarviljann* og *stjórnarskrár* lykilatriði í þeirri umræðu sem fylgir lýðræðisþróun og þjóðfrelsisbaráttu. Hér er mikilvægt að undirstrika að Jón Sigurðsson lítur Gamla sáttmála mjög jákvæðum augum í *Hugvekju til Íslendinga* 1848. Þegar hann reynir að útlista hver réttindi Íslands eru leitar hann í Gamla sáttmála og segir:

Ísland gekk í samband við Noreg sjálfviljuglega, ekki sem sérstakt hérað eða ey, sem heyrði Noregi til, heldur sem frjálst land, sem hafði stjórnað sér sjálft um rúm 300 vetra, án þess að vera Noregi undirgefið í neinu. Það samtengist Noregi með þeim kjörum, sem Íslendingar urðu ásáttir um við Noregs konung, og þar á meðal þeim kosti, að öll stjórn þeirra og lög skyldi vera innlend, og enginn nema þeir eiga með að dæma menn úr landi. Hversu frjállega samningurinn vað gjörður af Íslendinga hálfu vottar bezt þessi grein samningsins, sem er í öllu tilliti ágætlega samin, og vottar jafn fagurlega veglyndi eins og frelsistilfinning þjóðarinnar: „Halda viljum vér ok vorir arfar allan trúnað við yðr, meðan þér ok yðrir arfar halda trúnað við oss.“<sup>22</sup>

Og áfram segir:

...Íslendingar hafa ekki hyllt Dani eða Þjóðverja, né neina aðra þjóð, til einveldis yfir sig, þó þeir hafi jafnframt Dönnum og Norðmönnum hyllt einvalda konunga. Þar af leiðir aptur, að þegar konungur afsalar sér einveldið, þá höfum vér ástæðu til að vænta þess, að hann styrki oss til að halda að minnsta kosti þeim réttindum, sem helguð eru með hinum forna sáttmála, þegar land vort sameinaðist Noregi; Það er sá grundvöllur sem vér eigum að byggja á, og laga samkvæmt þörfum þessara tíma, og það er því heldur ætlanda, að konungur veiti oss styrk til þess, sem Íslendingar hafa

---

<sup>22</sup> Jón Sigurðsson, *Hugvekja til Íslendinga*, bls. 120-121.



einmitt játað einveldinu í því skyni, að þeir treystu því til að sýna landinu öfluga vernd í að njóta sinna fornu réttinda, einsog þegar var sýnt.<sup>23</sup>

Hér fær samfélagssáttmáli Thomasar Hobbes birtingarmyndir samkvæmt tíðarandanum hverju sinni, fyrst í Gamla sáttmála, síðan einveldishyllumunum og síðast þeim breytingum sem Jón Sigurðsson væntir eftir að konungur afsalar sér einveldi á Íslandi 1848. Einveldið fær meira að segja réttlætingu með því að ætla að einvaldskóngurinn hafi veitt Íslendingum vernd til að njóta sinna fornu réttinda. Árið 1848 er komið að því að uppfæra samfélagssáttmálann, Gamla sáttmála, samkvæmt tíðarandanum. Hér notar Jón Sigurðsson „tilgátu-sögu“ (e. *conjectural history*) sem Peter Burke myndi telja að væri í anda „the sociocultural paradigm“ sem var ríkjandi meðal upplýsingamanna í Frakklandi, á þýska málsvæðinu, á Englandi og í Skotlandi á 18. og 19. öld.<sup>24</sup> Jón heimfærir þetta upp á sögu Íslands til að réttlæta kröfur sínar fyrir hönd Íslendinga. Sjónarhorn Jóns er í stíl við sjónarhorn skosku upplýsingarmannanna um sögulega framvindu, frekar heimspekilegt en empírískt eða fræðilegt.

Allt frá því að Jón Sigurðsson vakti upp Gamla sáttmála í *Hugvekju til Íslendinga* nota Íslendingar sáttmálann til að skýra og skilgreina samskipti sín við konungsvaldið. Einnig verður þemað að standa vörð um þennan sáttmála. Jón Þorkelsson og Einar Arnórsson gripu sáttmálahugmynd Jóns Sigurðssonar á lofti í bókinni *Ríkisréttindi Íslands - skjöl og skrif* frá árinu 1908.<sup>25</sup> Bókin er skrifuð eftir að Uppkastsnefndin var skipuð 1907 en áður en Uppkastið er komið fram 1908 og er hún bersýnilega hugsuð sem innlegg í umræðuna um stöðu Íslands í Danaveldi. Þeir Jón Þorkelsson og Einar Arnórsson vilja leiðrétta ýmsar villur sem uppi eru um þessi mál og upplýsa alþýðu manna um staðreyndir. Gamli sáttmáli er fyrir þeim heilagt plagg: „...og Gamla-sáttmála ætti í rauninni hvert mansbarn hér á landi að kunna utanbókar eins og faðir vor.“<sup>26</sup> Gamli sáttmáli er að þeirra mati grunnurinn að ríkisréttindum Íslands þegar kemur að því að skýra stöðu landsins gagnvart Danaveldi. Hér gefa þeir tóninn fyrir það sem eftir kemur: „Sú sanna réttarstaða landsins nú verður að okkar skoðun að miðast við það, hver staða landsins var að réttum og órofum lögum á tímabilinu 1262-1662. Þá

---

<sup>23</sup> Jón Sigurðsson, *Hugvekja til Íslendinga*, bls. 124.

<sup>24</sup> Peter Burke, „Paradigms Lost“, bls. 251.

<sup>25</sup> Jón Þorkelsson og Einar Arnórsson, *Ríkisréttindi Íslands - skjöl og skrif*.

<sup>26</sup> Jón Þorkelsson og Einar Arnórsson, *Ríkisréttindi Íslands*, formáli.

var Ísland konungsíki og hafði full ríkisréttindi að lögum.<sup>27</sup> Í formála kemur fram að ætlun þeirra sé:

...að gefa út lítið kver, sem hefði inni að halda helstu skjöl og skilríki um ríkisréttindi þessa lands, ásamt nokkrum skýringum við skjölin, stuttu yfirliti yfir, hvernig stjórn landsins hafi verið háttáð að réttu lagi eptir að landið gekk undir Noregskonung 1262.<sup>28</sup>

Svo virðist sem þeir hafi ætlað sér að jarðbinda sáttmálahugmyndina með empírískum rannsóknum og útfæra hana fræðilega. Þeir rekja atburði Íslandssögunar í ljósi samninga og sáttmála milli konungvalds og Íslendinga þar sem stofninn er Gamli sáttmáli. Peter Burke myndi líklega skilgreina þá undir hatt Ranke-kennimiðsins<sup>29</sup> þar sem þeir halda sig við empírískar rannsóknir á opinberum gögnum og skjalasöfnum, þar sem þjóðríkishugmyndin er túlkunarramminn. Útkoman verður „hlutlæg“ samantekt á gögnum þar sem Gamli sáttmáli verður að milliríkjasamningi. Samfélagssáttmálahugmynd Jóns Sigurðssonar verður að lögformlegum samningi sem bundinn er við stað og stund. Þessi túlkun varð ofan á og hefur verið ríkjandi æ síðan.

Kennslubækur í sögu eru ákaflega sterk birtingarmynd á sjálfstæðiskennimiðinu sem er notað til að raða saman heildarsögu – þjóðarsögu – mannkynssögu í eina skiljanlega heild. Í ritgerðinni leitast ég við að greina sjálfstæðiskennimiðið í íslenskum kennslubókum í sögu og sögukennslu, en jafnframt hvernig kennimiðið veikist þegar fjarar undan þjóðernishyggjunni og framfarahugmyndinni. Þetta ástand samsvarar að mínu áliti því sem Kuhn kallar kennimið í kreppu og fjallað var um hér að framan. Hér beiti ég þessu í tilvikskönnun á hvernig íslenskir sagnfræðingar og kennslubókahöfundar greina frá siðaskiptunum sem hluta af sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. En fyrst verður fjallað nánar um gildi í námskrá, skólastarfi og sögukennslu.

### **Um gildi í námskrá og skólastarfi**

Eins og kemur fram í inngangi þá kveða námskrár allra Norðurlandanna á um *skyldu* kennara til að miðla ákveðnum gildum. Í þeirri sænsku ber einn inngangskafllinn fyrrsögnina „Skolans värdegrund och uppdrag“. Talsvert hefur verið fjallað um gildi í tengslum við uppeldi og menntun á síðustu árum. Sigrún Aðalbjarnardóttir hefur bent á að mikilvægt sé að svara spurningum um hver séu lífsgildi samfélags okkar og hvaða

<sup>27</sup> Jón Þorkelsson og Einar Arnórsson, *Ríkisréttindi Íslands*, formáli.

<sup>28</sup> Jón Þorkelsson og Einar Arnórsson, *Ríkisréttindi Íslands*, formáli.

<sup>29</sup> Burke Peter, „Paradigms Lost“, bls. 247.

lífsgildi séu algild og hver séu afstæð.<sup>30</sup> Í grein sinni „Með gildum skal land byggja – gildagrunnur skólans“ fjallar Gunnar E. Finnbogason um mikilvægi þess að lýsa tengslunum milli gilda, markmiða og skólastarfs sem að hans mati eru ekki augljós. Hann hefur rýnt í íslenskar námskrár fyrir grunnskóla og rekur umræðu sem hefur farið fram í Svíþjóð síðustu tvo áratugina. Námskrár hljóta að endurspegla þá hugmyndastrauma sem eru á sveimi í samfélaginu hverju sinni. Námskrár eru stýritækin sem eiga að gefa línuna í þessum efnum og því mætti ætla að þar væru skilgreind þau grunngildi sem miðla skal. Gunnar finnur þó engan samstæðan gildagrunn skilgreindan í námskránum og telur að þar séu margvísleg gildi ítrekuð.<sup>31</sup>

Ólafur Páll Jónsson spyr í grein sinni „Gildi og skynsemi“ hvað séu grunngildi og hver séu fyrirferðarmestu gildin í skólastarfi í dag. Hann telur að við þessum spurningum sé ekkert einhlítt svar.<sup>32</sup> Gunnar J. Gunnarsson setur manngildið í öndvegi sem grunngildi.<sup>33</sup> Hanna Ragnarsdóttir setur á oddinn mannréttindi, virðingu og fjölbreytileika.<sup>34</sup> Þessir höfundar eiga það sammerkt að leitast við að bregðast við aukinni hnattvæðingu, vaxandi fjölmenningu, afstæðishyggju og árekstrum milli ólíkra menningarheima, en þetta eru einkenni sem tengd hafa verið við póstmódernisma. Af þessu er ljóst að erfitt er að finna og ákvarða nákvæmlega hver gildagrunnur samfélagsins sé þannig að allir séu sammála.

Af þessum sökum og mörgum öðrum geta námskrár ekki orðið trygging fyrir því að þau gildi sem þar eru boðuð skili sér í skólastarfinu. Námskrár eru ekki alltaf útfærðar þannig að þær geti leiðbeint nægilega vel þeim sem setja saman námsefni eða þeim sem stýra miðluninni, þ.e. kennurum. Miðlunin fer fram við ákveðnar aðstæður og þau gildi sem lögð eru til grundvallar eru mikið undir kennurum komin. Ólafur Páll Jónsson heldur því fram að til að svara spurningunni um hvaða gildum sé miðlað verði að spyrja kennara.<sup>35</sup> Kennarar og nemendur glíma við síbreytilegan veruleika sem hefur áhrif á hvaða gildi eru efst á baugi í kennslustofunni. Í samræmi við þetta sjónarhorn Ólafs Páls er stuðst við áður nefnda könnun og viðtöl við starfandi kennara í þessari ritgerð.

<sup>30</sup> Sigrún Aðalbjarnardóttir, „Lífsgildi“, bls. 779-787.

<sup>31</sup> Gunnar E. Finnbogason, „Með gildum skal land byggja – gildagrunnur skólans“, bls. 169-184.

<sup>32</sup> Ólafur Páll Jónsson, „Gildi og skynsemi“, bls. 95-102.

<sup>33</sup> Gunnar J. Gunnarsson, „Hver eru grunngildin í skólastarfi í dag?“, bls. 103-108.

<sup>34</sup> Hanna Ragnarsdóttir, „Grunngildi skólastarfs í fjölmenningsamfélagi“, bls. 109-112.

<sup>35</sup> Ólafur Páll Jónsson, „Gildi og skynsemi“, bls. 95-102.

## Um gildi í sögukennslu

Umræða um gildi í skólasterfi, eins og sú sem rakin var hér að framan, er gjarnan almenns eðlis, minna hefur verið fjallað um gildi í einstökum greinum. Ein hlið á þessari umræðu snýr að gildum í sögukennslu sem kennurum er beinlínis ætlað að miðla. Það er algengur skilningur að sögukennslan snúist einungis um að miðla sögulegum staðreyndum þannig að miðlunin hæfi þroskastigi barna og unglunga hverju sinni. Þegar betur er að gáð er hlutverk sögukennslunnar nokkuð annað. Sögukennslan hefur frá upphafi átt að þjóna mikilvægu hlutverki við þá félagsmótun sem menntakerfi þjóða hafa haft sem markmið.<sup>36</sup> Þar er miðlun „sameiginlegra“ gilda miðlægur þáttur, þessi meintu sameiginlegu gildi eru síðan sögulega og menningarlega skilyrt.

Kennslufræði sögu hefur glímt við hlutverk og markmið sögukennslu í takt við þá umræðu sem hefur átt sér stað um hlutverk og eðli sagnfræðinnar gegnum tíðina. Hugtakið söguvitund í tengslum við eflingu sjálfsvitundar og sjálfsmyndar einstaklinga og hópa hefur fengið æ stærra rými í þeirri umræðu síðari ár. Söguvitund fær það hlutverk að vera ein meginstoð fyrir sjálfsvitund og sjálfsmynd einstaklinga og hópa. Aðgreiningin í „við og hinir“, spurningar á borð við: Hver er ég, hver erum við, hvaðan kem ég og á hvaða leið er ég? er allt viðfangsefni sem sagan tekur til. Þeim er ætlað að hjálpa nemendum að glíma við grundvallartilvistarspurningar sem gefa lífinu merkingu, hjálpa þeim að minnast og gleyma, allt í þeim tilgangi að átta sig í tilverunni.<sup>37</sup>

Sagnfræðilega þekkingu þarf að skoða í tíma og rúmi, og segja má að hver kynslóð þurfi að skrifa sína eigin sögu því samtími sagnfræðingsins móti sjónarhorn hans á fortíðina. Það sama gildir um námsefni og viðfang sögukennslu. Sömu tímamót og sama atburðarás er sett í mismunandi búning á mismunandi tímum, sjónarhornið er endurmetið í samræmi við tíðarandann hverju sinni og önnur gildi eru lögð til grundvallar. Alþjóðahyggja hefur varla verið áberandi gildi í sögukennslu í Evrópu á tímum þjóðernishyggju og heimsvaldastefnu á 19. og 20. öld eða á valdatíma nasista í Þýskalandi. Hið sama má örugglega segja um umburðarlyndi og jafnrétti. Sögukennsla í samtímanum í okkar heimshluta hefur ofangreind gildi hins vegar sem viðmið þegar heimsvaldastefnan eða Þýskaland nasismans er til umfjöllunar.

<sup>36</sup> Þorsteinn Helgason, „Inntak sögukennslu“, bls. 37–67.

<sup>37</sup> Sjá samræðu Karlsons við ýmsa fræðimenn, Karlson, Klas-Göran, „Historiedidaktikens teori“, bls. 41-43.

Sjaldnast er algjör samstaða um gildin en sundurleitnin er þó mismikil eftir aðstæðum. Bandaríkin eru dæmi um land með flóknar etnískar aðstæður og margbreytilega hópa eins og frumbyggja, fólk af afrískum eða evrópskum uppruna svo nokkuð sé nefnt.<sup>38</sup> Annað dæmi eru kaþólikkar og mótmælendur á N-Írlandi sem eiga vafalaust erfitt með að sameinast um ákveðin grunngildi til að miðla í sögukennslu. Þá má nefna Spánverja sem þurfa að glíma við arf spænska borgarastríðsins, Þjóðverjar seinni heimsstyrjöldina, íbúar Chíle gera nú upp við herforingjastjórn Pinochets og fleira mætti tína til. Norðurlöndin, að Íslandi meðtöldu, eru tiltölulega einsleit hvað varðar gildi í samanburði við löndin sem nefnd eru hér að ofan. Engu að síður eru mörg álitamál í íslenskri sögukennslu. Hvernig er t.d. tekið á veru bandaríska hersins á Íslandi í kennslubókum og kennslu? Hermálið var hitamál sem skipti íslensku þjóðinni í tvennt og olli hatrömmum deilum í hálföld og enn er þetta hitamál í hugum margra. Þau gildi sem kristallast í deilunum um veru bandaríska hersins hér eru margþætt, þjóðernishyggja gegn alþjóðahyggju, vinstri róttækni og friðarhyggja gegn vestrænni samvinnu um NATÓ, og loks sjónarmið þeirra sem töldu sig bundna af hlutleysisstefnu sem var skráð í stjórnarskrá Lýðveldisins í upphafi.

Af framansögðu er ljóst að gildum er miðlað í sögukennslu, meðvitað og ómeðvitað. Jafnvel þótt fjallað sé um sömu atburði, einstaklinga og hugmyndasöguleg fyrirbæri eru þau látin tákngera mismunandi gildi á mismunandi tímum. Atburður sem hefur neikvæð formerki á einum tíma getur fengið hlutlaus eða jákvæð formerki á öðrum tíma. Í eldri íslenskum sögubókum var yferráðum Dana á Íslandi lýst sem grimmilegri nýlendukúgun og arðráni, sú mynd var lituð af sjálfstæðisbaráttu Íslendinga en það er óðum að breytast þar sem æ oftar er dregin upp mynd af Dönum sem vina- og bræðraþjóð með sameiginlegan menningararf.

Þegar gildi eru skoðuð í námskrá fyrir sögukennslu kemur í ljós að þau eru margræð og óljós. Í kennslubókum í sögu er andstæðum gildum oft miðlað í mismunandi köflum í einni og sömu bókinni. Sem dæmi um slíkt er umfjöllun um siðaskiptin í íslenskum kennslubókum, og er í brennipunkti í síðari hluta ritgerðarinnar.

---

<sup>38</sup> Enn önnur dæmi má finna í grein Derrick P. Alridge, „The Dilemmas, Challenges, and Duality of an African-American Educational Historian“, bls. 25-34, en hann lýsir vel flóknum etnískum aðstæðum sem sagnfræðingar og sögukennarar þurfa að glíma við. Sjá einnig Þorstein Helgason, „Inntak sögukennslu“.

## Meðvituð sköpun og endurskoðun gilda

Sú breyting á forsendum gilda og miðlun þeirra sem fjallað er um hér að framan getur verið meðvitað og markvisst ferli og þar hafa yfirvöld menntamála, stofnanir og samtök kennara oft verið virkir gerendur. Dæmi um það er framtak Þjóðabandalagsins í kjölfar friðarsamninganna í Versölum. Þá voru menntastofnanir og samtök kennara í Evrópu virkjuð til að hreinsa fordóma úr kennslubókum með það að markmiði að stuðla að friðsamlegri sambúð þjóða Evrópu, sérstaklega Pólverja, Þjóðverja og Frakka.<sup>39</sup> Á Norðurlöndum voru það norrænu félögin sem höfðu frumkvæði að slíkum aðgerðum, en þau voru stofnuð 1919-1923. Þau lögðu áherslu á kennslubækur í sögu og landafræði og settu á laggirnar nefndir til að kanna og gagnrýna slíkar kennslubækur.<sup>40</sup>

Eftir seinni heimsstyrjöld fór af stað úttekt á kennslubókum á vettvangi UNESCO og Evrópuráðsins. Útbúnar voru leiðbeiningar til kennslubókahöfunda og kennara um hvernig taka ætti á efnisþáttum eins og stríði og friði í Evrópu, nýlendustefnu, trúarbrögðum og jafnrétti kynjanna. Frá 1990 hefur þessi þróun eflst og stofnanavæðst og markmiðið hefur verið að endurskapa hinn evrópska menningararf með áherslu á jákvæða sameiginlega fortíð frekar en á stríð og átök. Merki um þetta er áhersla evrópsku sögukennarasamtakanna, EUROCLIO, á að byggja upp evrópska sögugítund (e. *European historical consciousness*). EUROCLIO skipuleggur vinnustofur til að ræða kennslu um umdeilda atburði og einstaklinga í Evrópusögu. Kennarar frá Spáni, Hollandi, Portúgal, Skotlandi og Englandi hittust t.d. í þeim tilgangi að endurskilgreina Filippus II og gera hann gjaldgengan í hinni „jákvæðu fortíð Evrópu“. Þar var lögð áhersla á þátt hans í listum og bókmenntum í stað þess að lýsa hlut hans í að reyna að endurreisa kaþólskuna í Evrópu.<sup>41</sup>

Mörg fleiri dæmi eru til um slíka endurskoðun sem sýna mikilvægi gilda í sögukennslu og hvernig þau eru sköpuð og endursköpuð á hverjum tíma. Í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar varð þjóðernishyggja í sögukennslu og sagnfræðirannsóknum augljóst vandamál. Í formála bókarinnar *Beyond the canon: History for the twenty-first century* segja þau Stuurman og Grever: „Síðustu áratugi hafa margir stjórnáamenn og spekingar fírast yfir nýjum áherslum í sögurannsóknum og kennslu sem veikja

<sup>39</sup> Soysal, Yasemin, „The Construction of European Identity 1945-Present“, bls. 118.

<sup>40</sup> Svavar Jósepsson, „Bodil Bergtrup: barátta danska sendiherrans fyrir breytingum á söguskoðun Íslendinga“, bls. 17-58.

<sup>41</sup> Soysal, Yasemin, „The Construction of European Identity“, bls. 118. Sjá einnig Þorstein Helgason, „Inntak sögukennslu“.

þjóðernisvitund í vestrænum löndum.<sup>42</sup> Þetta er nokkuð lýsandi fyrir umræðuna. Þessu hefur verið svarað með því að benda á að við lok 20. aldar og byrjun þeirrar 21. séu lykilhugtökinn hnattvæðing, fólksflutningar (e. *migration*) og fjölmening.<sup>43</sup> Viðfangsefni tengd þessum hugtökum séu nærtækari og meira áriðandi í sögunni nú á dögum en efling þjóðernisvitundar. Í okkar heimshluta má ætla að vöxtur og viðgangur Evrópusambandsins sé að einhverju marki í andstöðu við þjóðernishyggju. Með auknum áherslum á jafnrétti kynjanna, hlutskipti ýmissa jaðarhópa og fjölbreytileika er ennfremur minna rými fyrir eflingu þjóðernisvitundar sem gæti hugsanlega verið í andstöðu við gildi tengd framangreindum fyrirbærum. Kennarar starfa í núinu og glíma við veruleika dagsins í dag.

### **Kennimið í sögukennslu**

Þegar sögukennsla er annars vegar hefur almenn framfarahugmynd legið til grundvallar, meðvitað eða ómeðvitað. Sagan er rakin frá upphafi siðmenningar til okkar daga. Stundum er talinn koma afturkippur í þessa þróun en oftast er þróunin talin vera á réttri leið. Heimsstyrjaldirnar tvær á tuttugustu öldinni með fasismann og skyldar hörmungar, og núna síðast umhverfisváin og orkukreppan, hafa mulið úr stoðum framfarahugmyndarinnar. Georg Henrik von Wright hefur gagnrýnt það sem hann kallar „framfaragoðsögnina“ í vestrænni menningu í samnefndri bók sinni, *The Myth of Progress*. Hann telur hugtakið „framfarir“ gildishlaðið, engin haldbær viðmið séu til um framfarir og hugtakið beri að aðgreina frá hugtökum eins og „breyting“ og „vaxtaaukning“.<sup>44</sup>

Nærtækt er að skoða þessa umræðu í samhengi við hugmynd Kuhns hér að framan. Við sjáum hvernig viss gildi eru samofin stórkenningum og hafa ráðið för í sögu sagnfræðinnar. Sú stórkenning módernismans um framvindu sögunnar sem mest samstaða hefur verið um er að mestu miðuð við Evrópu og mætti lýsa í stuttu máli svona: **Forsögulegur tími** án ritaðra heimilda → **Fornöld**: Upphaf siðmenningar, gullöld (Mesópótamía, Grikkland, Róm) → **Miðaldir**: Lénskerfi, lénsk sundrung, myrkar miðaldir, bakslag í þróun → **Nýöld**: Óslitið framfaraskeið sem tekur upp

---

<sup>42</sup> „Over the past decades many politicians and pundits have blamed new trends in historical research and teaching for weakening of national identity in the Western world“. Stuurman, Sieb og Maria Grever, *Beyond the canon: History for the twenty-first century*, bls. 1.

<sup>43</sup> Stuurman og Grever, *Beyond the canon*, bls. 2.

<sup>44</sup> Wright, Georg Henrik von, *Framfaragoðsögnin*, bls. 83.

þráðinn þar sem fornöld lauk. Sagnfræði 20. aldarinnar hefur í mórernískum anda lýst þessari þróun sem framþróun frá lægra til æðra, frá verra til betra.

Hjá Norður-Evrópubúum eru þessar „framfarir“ tákngerðar með endurreisninni, landafundum, siðaskiptum (þ.e. lúterskum löndum), eflingu veraldlegs ríkisvalds á kostnað kaþólsku kirkjunnar og þjóðríkjamyndun á kostnað lénsfyrirkomulags og fjölþjóðaríkja. Borgarmyndun, kaþítalismi, vísindabylting og iðnbylting eru gjarnan tengd eflingu ríkisvalds og þjóðríkjamyndun. Þjóðernishyggja er samofin þjóðríkishugmyndinni. Þetta síðasta „framfaraskeið“ með þjóðríkjamyndun í Evrópu hefur beina skírskotun til Íslands og íslenskrar sagnfræði á 20. öld. Þjóðernishyggja 19. og 20. aldar í Evrópu varð kveikjan að sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Flestir atburðir frá landnámi til nútímans sem hafa verið viðfangsefni sagnfræðinnar, ásamt þeim einstaklingum sem koma við sögu, hafa verið vegnir og metnir eftir því hvort þeir hafi stuðlað að sjálfstæði Íslands.

Sjálfstæðiskennimiðið mótar þannig á djúpstæðan hátt afstöðu til atburða og framvindu Íslandssögunnar. Þessari framvindu hefur verið lýst þannig að með stofnun Alþingis hafi orðið til þjóðveldi sem samsvarar að nokkru sjálfstæðu þjóðríki sem á að hafa verið við lýði fram að Gamla sáttmála 1262. Þetta tímabil hefur á sér gullaldarblæ. Þegar Íslendingar játast Noregskonungi það ár missa þeir sjálfstæðið. Tímabil niðurlægingar, stöðnunar og ósjálfstæðis hefst og varir fram á 19. öld þegar endurreisn þjóðríkisins hefst með sjálfstæðisbaráttunni.

Íslensk sagnfræði 20. aldar hefur verið ástunduð í anda Ranke-kennimiðsins, í senn nátengd og gegnsýrð af þjóðernishyggju. Hér er sjálfstæðiskennimiðið talið túlkunarramminn fyrir hvernig saga Íslands hefur verið sögð á 20 öld. Því verður haldið fram að hin Evrópumíðaða stórkenning mórernismans sé komin að fótum fram og með henni íslenska sjálfstæðiskennimiðið. Það fjarar undan þeim grunnildum sem sjálfstæðiskennimiðið miðlaði, framfaratrú og þjóðernishyggju. Upplausn er komin í það sem borið hefur uppi framvindu sögunnar, ásamt túlkunum á þeim atburðum sem miðluðu þessum grunnildum.



### III. Könnun á gildum og gildamiðlun í sögukennslu

#### Um spurningalistakönnunina

Sú könnun sem hér er kynnt er afrakstur samstarfs norrænna fræðimanna í tengslanetinu „Historia i läromedlen“ en það er hópur sem hefur áhuga á kennslubókum og kennsluefni í sögu. Hópurinn hittist í Reykjavík 2005 til að stilla saman strengi fyrir Norræna söguþingið 2007 og ákvað að standa fyrir ítarlegri spurningakönnun um viðhorf grunn- og framhaldsskólakennara á Norðurlöndum til kennsluefnis og kennslubóka í sögu. Markmiðið var að afla gagna um afstöðu kennara til þess námsefnis sem þeir nota en einnig hvernig óskanámsefnið væri í hugum þeirra. Eins og kemur fram í kaflanum um aðferðafræði stóð könnun hópsins yfir frá því í nóvember 2006 til apríl 2007 og henni svöruðu alls 409 norrænir sögukennarar á grunn- og framhaldsskólastigi.<sup>45</sup>

Tafla 1 Fjöldi þátttakenda frá hverju landi og hlutfall af heild.

Þjóðerni	Fjöldi	%
Danir	44	10,8
Finnar	19	4,6
Finnlandssvíar	38	9,3
Íslendingar	97	23,7
Norðmenn	151	36,9
Svíar	60	14,7
Alls	409	100

Eins og sést á töflunni hér að ofan var þátttakan góð á Íslandi. Fjöldi sögukennara á framhaldsskólastigi er á bilinu 90-100 samkvæmt upplýsingum frá Félagi sögukennara. Á grunnskólastigi er fjöldinn óljós þar sem kennarar eru ekki endilega skilgreindir sem faggreinakennarar. Sá hópur er þó nokkuð minni en framhaldsskólakennarar. Af þeim 97 sem svöruðu könnuninni voru 38 framhaldsskólakennarar og 48 grunnskólakennarar en 11 tilgreindu ekki skólastig.

Könnunin var rafræn og var framkvæmd þannig háttað að slóð var send kennurum gegnum samtök sögukennara á Norðurlöndum sem settu slóðina á heimasíðu sína og/eða áframsendu tölvupóst til félagsmanna sinna. Könnunin var aðgengileg á öllum

<sup>45</sup> Eins og fram kom í aðferðafræðikafla er heildarumfjöllun um könnunina að finna í bókinni *Opening the Mind or Drawing Boundaries? History Texts in Nordic Schools*.

Norðurlöndunum í sex mánuði. Hún var á fjórum norrænum tungumálum auk finnsku og var hægt að velja eitt þeirra. Nokkrar ítrekanir voru sendar út eftir sömu leiðum.

Þekking og aðgengi að tölvum er tæplega hindrun fyrir kennara á Norðurlöndum. Þess vegna voru það vonbrigði hve fáir svöruðu könnuninni í Finnlandi og Danmörku. Lágur hlutfall svarenda frá þessum tveimur löndum dregur úr áreiðanleika könnunarinnar um sögukennslu og sögukennara í þeim löndum.

Áreiðanleiki og alhæfingargildi þessarar könnunar takmarkast af því að ekki er um úrtak að ræða og þýðið ekki nákvæmlega skilgreint. Þátttaka í könnuninni var frjálst og ekki er víst að svarendahópurinn endurspegli alla sögukennara. Engu síður er um að ræða svör fólks frá fimm löndum, af báðum kynjum og á mismunandi aldri. Þeirri spurningu má varpa fram hvort svarendahópurinn endurspegli þann hóp kennara sem eru virkari og áhugasamari en hinir sem ekki svara. Sama aðferð var notuð við framkvæmd könnunarinnar í öllum löndunum og því má ætla að svarendahópurinn sé ekki mjög ólíkur milli landanna. Fjöldi svarenda frá Íslandi er með betra móti og styrkir þann hluta sem er meginviðfangsefni þessarar ritgerðar, þ.e. gildamiðlun meðal sögukennara á Íslandi. Þá gefur hinn stóri hóp svarenda í Noregi og Svíþjóð könnuninni gildi. Af þessum ástæðum var talið ómaksins virði að skoða afstöðu þeirra 409 sögukennara sem svöruðu könnuninni. Úrvinnsla könnunarinnar er með þeim hætti að reynt er draga upp heildarmynd og mynstur með innbyrðis samanburði milli spurninga en forðast að draga ályktanir sem gögnin standa ekki undir. Loks má áréttast að í þessari ritgerð er spurningakönnunin aðeins eitt af fleiri sjónarhornum sem notuð eru til að draga upp mynd af gildum í sögukennslu.

Könnun innihélt 15 spurningar auk sex bakgrunnsspurninga þar sem spurt var um aldur, kyn, menntun og hvaða skólastigi svarendur störfuðu á. Lykilspurningin í könnuninni var eftirfarandi: „Hver eru mikilvægustu hlutverk námsgagna í sögu að þínu mati?“<sup>46</sup> Svarendur voru svo beðnir að forgangsraða eftirfarandi þáttum:

- Að ýta undir sjálfstæða hugsun nemenda.
- Að miðla sögulegu yfirliti.
- Að skýra og styrkja sjálfsvitund nemandans.
- Að gefa nemendunum innsýn í sagnfræðileg vinnubrögð.
- Að miðla gildum.

---

<sup>46</sup> Spurning nr. 7, spurningalisti er í viðauka.

Spurt var nánar út í hvern og einn af þessum fimm þáttum. Í þessu verkefni er sjónum beint sérstaklega að síðasta liðnum, *að miðla gildum*. Í könnuninni var spurt um afstöðu kennara til fimm „aðalgilda“ í sögukennslu: „Hvaða gildum skiptir mestu máli að námsgögnin komi á framfæri?“ Þar voru svarendur beðnir að forgangsraða eftirfarandi gildum:<sup>47</sup>

- Alþjóðahyggja
- Umburðarlyndi
- Jafnrétti
- Þjóðvitund
- Umhverfisvitund

Þessi gildi voru valin af því að þau eru ofarlega á baugi í samfélagsumræðunni. Þau eru ekki endilega samstæð en þurfa þó ekki að vera í andstöðu hvert við annað. Svarendur voru beðnir að raða þeim í mikilvægisröð, þannig að ekki þurfti að velja á milli þeirra heldur einungis forgangsraða.

*Alþjóðahyggja* varð fyrir valinu vegna þess að málefni sem tengjast þessu gildi hafa verið ofarlega á baugi síðustu áratugi. Má þar nefna hnattvæðingu og áhrif hennar á hagkerfi heimsins, t.d. flutningur á framleiðslu til þróunarlanda þangað sem framleiðendur sækja ódýrara vinnuafl. Evrópusamruninn og Evrópusambandið hefur einnig verið ofarlega á baugi og vekur spurningar um fullveldi þjóða, hlutverk alþjóðastofnana í heimspólitík samtímans.

*Umburðarlyndi* hefur verið mikið til umræðu síðari ár samfara auknum fólksflutningum og margbreytileika nútímasamfélaga. Vaxandi fjöldi innflytjenda, átök milli menningar- og trúarhópa kalla á umræðu um virðingu fyrir síðum og venjum annarra menningarheima.

*Jafnrétti* er hugtak sem hefur margvíslega skírskotun, ekki einungis í jafnrétti karla og kvenna, heldur einnig efnahagslegt jafnrétti, jafnrétti þjóða og þjóðarbrotta, jafnrétti heimamanna og innflytjenda og fleira. Hugtakið jafnrétti var ekki skilgreint nánar í könnuninni og getur átt við jafnrétti í víðasta skilningi.

*Þjóðvitund* er hugtak sem vekur hugrenningatengsl við fyrirbæri eins og þjóðernishyggju, rasisma, þjóðrembu, menningararf, sjálfsmynd og fleira. Flestir vilja leggja rækt við þjóðlegan menningararf og hann er hluti þess sem ber að miðla samkvæmt námskrám. Á hinn bóginn hefur þjóðernishyggja á sér neikvæðan blæ. Það

---

<sup>47</sup> Spurning nr. 12, sjá viðauka.

er því áhugavert að skoða hvaða afstöðu norrænir kennarar hafa til þjóðvitundar, t.d. hvort áherslubreytingar í sögukennslu frá þjóðernishyggju til fjölmenningshyggju hafi haft áhrif á gildamiðlun.

Loks er spurt um *umhverfissvitund* sem er mjög áberandi í samfélagsumræðunni um þessar mundir vegna umræðunnar um gróðurhúsaáhrif og hlýnun andrúmslofts. Sú umræða hefur farið vaxandi undanfarna áratugi. Að hvaða marki telja sögukennarar og þeir sem miðla sögu til nemenda að hafa beri umhverfissjónarmið til hliðsjónar? Þau gildi sem spurt var um eru vitaskuld ekki tæmandi, þau eru hins vegar öll ofarlega á baugi í okkar samtíma og þess vegna líklegt að þau séu bein eða óbein viðmið þegar fjallað er um fortíðina.

Fyrir því má færa rök að staðhæfingin „efling sjálfsvitundar og að ýta undir sjálfstæða hugsun nemenda“ feli einnig í sér miðlun gilda. Ekki verður fjallað um þessi atriði í tengslum við spurningalistakönnunina en þessi sjónarmið koma fram í viðtölum við kennara í seinni hluta ritgerðarinnar.

### **Niðurstöður spurningalistakönnunar**

Í þessari ritgerð er aðallega notast við fjórar spurningar af 21 í spurningalistanum.<sup>48</sup> Svörin eru greind með innbyrðis samanburði og tengingum í þeim tilgangi að skoða tilhneigingar og mun milli landa. Í fyrstu spurningunni voru svarendur beðnir að raða fimm skilgreindum þáttum í sögukennslu í mikilvægisröð.<sup>49</sup> Í annarri spurningu voru svarendur beðnir að meta hvaða gildi þeir teldu mikilvægast að væri miðlað í námsgögnunum út frá fimm tilgreindum möguleikum.<sup>50</sup> Í þriðju spurningunni voru svarendur beðnir að meta valið námsefni með mikilvægisröðun sömu möguleika.<sup>51</sup> Í fjórðu spurningunni voru svarendur spurðir hvað þeir gerðu ef þeir væru óánægðir með framsetningu ákveðins efnis í kennslubók sem þeir nota.<sup>52</sup> Tilgátan sem liggur til grundvallar er að kennarar séu virkir í afstöðu til ákveðinna gildisþátta og enn frekar þegar gildin eru nákvæmlega tilgreind. Hér á eftir er reynt að nálgast gildisþættina á tvennan hátt, annars vegar með því að greina muninn á því þegar spurt er um gildi

<sup>48</sup> Þetta eru spurningar nr. 7, 12, 13 og 20, sjá viðauka.

<sup>49</sup> Spurning nr. 7, sjá viðauka.

<sup>50</sup> Spurning nr. 12, sjá viðauka.

<sup>51</sup> Spurning nr. 20, sjá viðauka.


<sup>52</sup> Spurning nr. 13, sjá viðauka.

almennt og þegar nánar er spurt um ákveðin gildi, og hins vegar með því að skoða innra samræmi í svörum við mismunandi spurningum (spurningar 12 og 20).

Í öllum spurningunum voru svarendur beðnir að raða svarmöguleikum í mikilvægisröð frá 1-5 þar sem 1 þýddi „mikilvægast“, 2 þýddi „næstmikilvægast“, o.s.frv. Svarmöguleikinn „á ekki við“ var til staðar í hverri spurningu. Í umfjölluninni hér á eftir er svarmöguleikunum „mikilvægast“ og „næstmikilvægast“ slegið saman og er það hlutfallið sem sést á myndunum. Einnig er notast við orðalagið að raða gildum í „1. sæti“ eða „2. sæti“. Þetta er gert í þeim tilgangi að einfalda framsetninguna og undirstrika mynstur og tilhneigingar.

Í fyrstu spurningunni er spurt hvert sé helsta hlutverk kennslugagna og fimm svarmöguleikar eru gefnir: *Sögulegt yfirlit*, *sjálfstæð hugsun*, *sjálfsvitund*, *sagnfræðileg vinnubrögð* og *miðlun gilda*. Í myndritum 1 og 2 hér að neðan eru sýndar niðurstöðurnar svarendur allra landa.

**Mynd 1** Hvert er helsta hlutverk kennslugagna? Hlutfall sem telur tiltekinn svarmöguleika „mikilvægastan“ eða „næstmikilvægastan“. Allir svarendur.



Niðurstöðurnar sýna að gildin raðast lægst af þessum fimm svarmöguleikum. Þeir eru fáir sem telja *gildin* „mikilvægust“ (7%) eða „næstmikilvægust“ (10%), eða samanlagt 17%. Lágt hlutfall svarenda segir að gildin eigi ekki við í þessu samhengi, eða 4%. Örlítill kynjamunur kemur fram í mati svarenda við þessari spurningu. Einn af hverjum fimm körlum (20%) telur gildin „mikilvægust“ eða „næstmikilvægust“ á móti 17% kvenna (ekki sýnt á mynd). Þessi niðurstaða bendir til þess að þegar gildin eru almennt

orðuð fái þau minna vægi en aðrir þættir. Það þýðir þó ekki að þau séu talin lítilvæg. Á myndinni sést að svarkostirnir *að ýta undir sjálfstæða hugsun nemenda* (65%) og *að miðla sögulegu yfirliti* (67%) hafa mest vægi en hinir þrír svarkostirnir eru taldir hafa miklu minna vægi, þ.e. *að efla sjálfsvitund nemenda* (24%), *að gefa nemendum innsýn í sagnfræðileg vinnubrögð* (24%) og loks *að miðla gildum* (17%).

Þessu næst verður gerð grein fyrir svörum við spurningum þar sem svarendur voru beðnir að raða tilteknum gildum í mikilvægisröð.<sup>53</sup> Þegar gildin eru brotin niður og skilgreind nánar eru færri sem merkja við svarmöguleikann *á ekki við*.<sup>54</sup>

Í spurningunni *hvaða gildum skiptir mestu máli að námsgögnin komi á framfæri?* voru gefnir svarmöguleikarnir *alþjóðahyggja*, *umburðarlyndi*, *jafnrétti*, *þjóðvitund* og *umhverfissvitund* en val á þessum svarmöguleikum var skýrt hér að framan.<sup>55</sup> *Umburðarlyndi* raðast hæst þegar skoðað er hvað svarendur telja „mikilvægast“ og „næstmikilvægast“ (65%). Næst á eftir kemur *jafnrétti* (41%) og á svipuðu róli er *alþjóðahyggja* (39%), þá *þjóðvitund* (26%) og loks *umhverfissvitund* sem raðast lægst (23%). Það er athyglisvert að þetta mynstur breytist aðeins ef einungis er skoðað hvað svarendur töldu *mikilvægast*. Þá er *jafnrétti* miklu neðar en þó ofar en *umhverfissvitund*.

Í myndriti 2 eru sett hlið við hlið svörin við eftirfarandi tveimur spurningum: *Hvaða gildum skiptir mestu máli að námsgögnin komi á framfæri?* (merkt sem „óskakennslubókin“ á mynd 2) og *hvaða gildi leggur kennslubókin áherslu á?* (merkt sem „kennslubókin sem er í notkun“ á mynd 2).<sup>56</sup> Sú fyrrnefnda vísar í hvað svarendur telja *æskilegt* að sé í námsgögnunum en sú síðari vísar í hvernig því er *raunverulega háttað* í því námsefni sem svarendur nota eða hafa reynslu af að nota. Á myndinni sést dreifing svaranna með hliðsjón af því hve margir töldu gildið *mikilvægast* (sett í 1. sæti) og *næstmikilvægast* (sett í 2. sæti). Á sumum sviðum fellur námsefnið að óskum kennara en á öðrum sviðum er misræmi milli þess sem talið er æskilegt og þess sem er til staðar í námsefninu.


<sup>53</sup> Spurningar nr. 12 og 20, sjá viðauka.

<sup>54</sup> Frá 1% til 4,8%, þ.e. oftast lægra en þau 4,4% sem töldu að gildi ættu ekki við þegar spurningin var almennt orðuð.

<sup>55</sup> Spurning nr. 12, sjá viðauka.

<sup>56</sup> Spurningar nr. 12 og 20, sjá viðauka.


**Mynd 2 Samanburður á spurningunum: Hvaða gildum skiptir mestu máli að námsgögnin komi á framfæri? og hvaða gildi leggur kennslubókin áherslu á? Allir svarendur.**



Ýmislegt má lesa út úr þessu myndriti. *Umburðarlyndi* er það gildi sem talið er mikilvægast. Þar er líka mestur munur á því sem svarendur þykir æskilegt (bláa súlan til vinstri) og því sem þeir telja námsefnið miðli í raun (græna súlan til hægri). Mikið misræmi kemur einnig í ljós varðandi afstöðu til *jafnréttis* sem yfir 40% samanlagt telja *mikilvægast* eða *næstmikilvægast* (1. og 2. sæti), en áberandi færri telja að þessi gildi endurspeglar í námsgögnunum. Misræmi er í hina áttina þegar kemur að mikilvægi *þjóðvitundar* sem 26% telja „mikilvægast“ eða „næstmikilvægast“. Miklu fleiri telja hins vegar að *þjóðvitundin* sé áberandi í námsgögnunum. Miðlun *alþjóðahyggju* og *umhverfissvitundar* virðist vera í samræmi við það sem kennarar telja æskilegt. Það er á hinn bóginn umhugsunarvert hve *umhverfissvitund* raðast lágt bæði sem æskilegt gildi og gildi sem er til staðar í reynd í námsefninu.


Hér að framan var vikið að því að bæði sögukennarinn og sagnfræðingurinn séu alltaf staðsettir í tíma og rúmi, þ.e.a.s. hluti af samfélagi sem alltaf er í deiglu og undirorpið breytingum. Í því ljósi er áhugavert að skoða hvort munur sé á afstöðu norrænna kennara eftir löndum. Á myndritunum 3-7 eru svarendur greindir eftir löndum. Það er umhugsunarvert að Danir skera sig nokkuð úr á sumum sviðum.

Mynd 3 Hlutfall svarenda sem álítur alþjóðahyggju mikilvægt gildi. Greint eftir löndum.



Í fyrsta lagi leggja Danir meiri áherslu en aðrir á *alþjóðahyggju* en þrír af hverjum fjórum danskra svarenda setja mikilvægi hennar í 1. og 2. sæti. Til samanburðar setja 42-45% Finna, Norðmanna og Svía *alþjóðahyggju* í 1. og 2. sæti. Íslendingar eru andsætæða Dana í þess tilliti og leggja litla áherslu á *alþjóðahyggju* en minna en fimmti hver (23%) setur mikilvægi hennar í 1. og 2. sæti. Þessi tilhneiging verður skoðuð nánar hér á eftir. Danir skera sig einnig nokkuð úr þegar kemur að afstöðu til *umburðarlyndis* eins og sést á myndriti 4.

Mynd 4 Svarendur sem álíta umburðarlyndi mikilvægt gildi. Greint eftir löndum.




Svarendur allra landanna telja *umburðarlyndi* mikilvægt gildi þegar svarkostirnir „mikilvægast“ og „næstmikilvægast“ eru taldir saman. Þegar einungis er skoðað hverjir settu *umburðarlyndi* í 1. sætið eru danskir svarendur langt frá hinum. Um það bil 22%



dönsku svarendanna setja *umburðarlyndi* í 1. sæti en 47% og 58% svarenda frá hinum löndunum. Danir skera sig ennfremur úr þegar kemur að afstöðunni til *jafnréttis* eins og sést á myndriti 5.


Mynd 5 Svarendur sem álíta jafnrétti mikilvægt gildi. Greint eftir þjóðerni svarenda.



Svarendur allra landanna nema Danmerkur telja *jafnrétti* mikilvægt og setja það næst á eftir *umburðarlyndi* (þegar „mikilvægast“ og „næstmikilvægast“ er slegið saman). Enginn af dönsku svarendunum setur *jafnrétti* í 1. sæti og aðeins einn af hverjum tíu setja það í 2. sætið. Enda þótt frekar fáir af svarendum hinna landanna setji *jafnrétti* í 1. sæti (5-16%) eru talsvert fleiri (34-58%) sem setja það í 1. eða 2. sætið. Þetta bendir til að *jafnrétti* sé álitið mikilvægt gildi að miðla jafnvel þó að það sé ekki efst á listanum. Hvers vegna danskir svarendur skera sig svo úr er sérstök rannsóknarspurning sem áhugavert væri að skoða nánar. Margt bendir til að í Danmörku ríki tortryggni gagnvart umræðu um kynjajafnrétti sem þykir ganga gegn frjálslýndum lýðræðishefðum landsins.<sup>57</sup> Á myndriti 6 er fjallað um þjóðvitund.

<sup>57</sup> Lykke, Nina, „Interseksjonalitet – ett användbart begrepp för genusforskningen“, bls. 47-55.


Mynd 6 Svarendur sem álíta þjóðvitund mikilvægt gildi. Greint eftir þjóðerni svarenda.



Íslenskir svarendur er sá hópur sem telur *þjóðvitund* mikilvægasta en um þriðjungur (33%) setur hana í 1. eða 2. sæti. Eins og fram hefur komið leggja íslenskir svarendur minnsta áherslu allra svarenda á *alþjóðahyggju*. Íslenskir svarendur eru þó ekki þeir sem skera sig úr hópnum heldur þeir finnsku sem eru lægstir með 17% í 1. og 2. sæti. Svarendur hinna landanna eru mitt á milli hinna íslensku og finnsku og hafa tiltölulega jafna dreifingu milli 1. og 2. sætis. Þessi tilhneiging hjá íslenskum kennurum rennir frekari stoðum undir það sem ég tel mig sjá í greiningu á kennslubókunum og samtölum við kennara í fjórða hluta ritgerðarinnar. Þess má geta að unglingar á Íslandi og Færeyjum skera sig úr þegar borið er saman þjóðarstolt eyjarskeggja á Kýpur, Möltu, Færeyjum og Íslandi. Þeir mælast með meira þjóðarstolt en eyjaskeggjar við Miðjarðarhaf.<sup>58</sup> Á myndriti 7 er umhverfisvitund sýnd.

<sup>58</sup> Atli Hafþórsson, *Stoltir eyjarskeggjar? – Tengsl menningar og viðhorfa við þjóðernisstolt unglunga í evrópskum eyjasamfélögum*, bls.18-19.

Mynd 7 Svarendur sem álíta umhverfisvitund mikilvægt gildi. Greint eftir þjóðerni svarenda.




Þegar kemur að *umhverfisvitund* eru íslenskir svarendur á svipuðu róli og hinir norsku en 29-30% þeirra setja þetta gildi í 1. og 2. sæti. Á hinum endanum eru finnskir svarendur en einungis 11% þeirra setja *umhverfisvitund* í 2. sæti og enginn í 1. sæti. Svarendur hinna landanna eru þarna mitt á milli og liggur munurinn helst í hve margir setja umhverfisvitund í 2. sæti. Þetta líkist mynstrinu í svörunum um *jafnrétti* sem fáir setja í 1. sæti og munurinn felst aðallega í hve margir setja gildið í 2. sæti. Hér verður ekki skoðað hvað gæti skýrt áherslu Íslendinga á *umhverfisvitund*, en nærtækt er að álykta að mikil umræða síðasta áratug um virkjanaframkvæmdir hafi haft áhrif.

Þessu næst verður fjallað um hversu virkir svarendur eru gagnvart kennsluefni. Ein spurningin sem stuðst er við var á þessa leið: *Hvað tekur þú til bragðs ef þú ert ekki ánægð/ur með efnisþátt í bókinni sem þú notar?*<sup>59</sup> Svarmöguleikarnir voru fimm; *ég læt kennslubókina ráða för, ég sleppi efninu, ég nota annað efni í staðinn, ég gagnrýni efnið opinskátt* og loks *ég ræði við nemendur um framsetningu efnisins*. Niðurstöðurnar eru sýndar í myndriti 8 hér að neðan en þar eru allir svarendur (þ.e. ekki greindir eftir þjóðerni).

<sup>59</sup> Spurning 13, sjá viðauka.

**Mynd 8 Hvað tekur þú til bragðs ef þú ert ekki ánægð/ur með efnispátt í bókinni sem þú notar? Allir svarendur.**



Niðurstöðurnar sýna að þrír fjórðu svarenda (76%) segjast nota annað efni þegar viðkomandi er óánægður með tiltekinn efnispátt í þeirri bók sem notuð er, þ.e. settu þennan valkost í 1. eða 2. sæti. Mikill meirihluti (60%) segist ræða við nemendur um framsetningu efnisins. Þess verður þó að geta að mjög fáir setja þennan kost í 1. sæti andstætt fyrrnefnda hópnum, sem segist nota annað efni. Það er áhugavert að sjá að aðeins minnihluti svarenda (22%) lætur bókina ráða þó að þeir séu óánægðir með framsetningu hennar.

Umræðuna hér að framan má til hægðarauka draga saman í tvo flokka eftir því hvernig spurningunni í myndriti 8 var svarað. Fyrri flokkurinn, þ.e. meirihlutinn, er *virkir gerendur* (þeir sem svara „ég nota annað efni í staðinn“, „ég gagnrýni efnið opinskátt“ og „ég ræði við nemendur um framsetningu efnisins“). Seinni hópurinn, þ.e. minnihlutinn, er *lít virkir eða óvirkir svarendur* (þeir sem svara „ég læt bókina ráða“ og „ég sleppi efninu“). Sé þessi flokkun viðhöfð kemur í ljós að mikill meirihluti svarenda flokkast sem *virkir gerendur* í móta það efni sem miðlað er í sögukennslu.

### Samtöl við kennara um gildamiðlun

Í þessum hluta er ljósi varpað á könnunina hér að framan með samtölum við starfandi sögukennara. Eins og fram kom í aðferðafræðikaflanum var rætt við sjö kennara í þremur framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu. Fimm kennaranna voru úr einum og sama skólanum og hinir tveir hvor úr sínum skóla. Aðferðin við val á viðmælendum er

svokallað „hentugleikaúrtak“. Þar sem samfélag sögukennara á Íslandi er fámennt og ég þekki alla viðmælendurna varð þetta að hluta til samtali milli kollega. Til að undirstrika þetta enn frekar og gagnvirkni þessa hluta er talað um þennan hluta sem *samtöl* frekar en viðtöl. Markmið samtalanna er að skoða hvernig starfandi kennarar takast á við þau viðfangsefni sem fjallað er um í ritgerðinni.

Hér á eftir eru dregin saman meginþemu samtalanna og beinar tilvitnanir notaðar til að gæða umfjöllunina lífi. Fræðilegt gildi samtalanna í þessu samhengi felst ekki síst í því að þau eru efniviður sem hvergi er aðgengilegur nema hjá kennurunum sjálfum.<sup>60</sup> Hér er reynt að formbinda reynslu kennara í kennslustofunni og tengja hana við annað efni ritgerðarinnar. Kennararnir sjö byrjuðu á að svara tveimur spurningum úr könnuninni. Eftir það voru þeir spurðir út í skilning sinn á spurningunum og beðnir að útskýra afstöðu sína með dæmum. Markmiðið er ekki að finna einhlít svör heldur að skyggjast inn í hugarheim þeirra og röksemdarfærslu og skoða hvernig þeir hugsa um miðlun gilda í eigin kennslu.

Fyrri spurningin snerist um hvert helsta hlutverk námsgagna í sögu ættu að vera og sú síðari snerist um hvaða gildi skipti mestu máli að námsgögnin kæmu á framfæri. Voru kennararnir beðnir að raða svarmöguleikunum í forgangs röð frá 1-5 þar sem 5 mikilvægast og 1 minnst mikilvægt. Allir kennararnir sjö svöruðu spurningunum og er niðurstaðan sýnd í töflum 1 og 2 hér að neðan. Í töflunni eru kennararnir merktir með númerum (k1 fyrir fyrsta kennara, k2 fyrir annan kennara, o.s.frv.). Þegar þessu var lokið voru kennararnir spurðir nánar hvort miðlun gilda væri mikilvægur þáttur í sögukennslu; hvort mikill munur væri á því mikilvægasta og því minnst mikilvæga; hvernig þeir bæru sig að við forgangsröðunina og hvers vegna röðunin væri eins og hún var. Í töflunum eru svör kennaranna borin saman við spurningalistakönnunina.

---

<sup>60</sup> Ólafur Páll Jónsson, „Gildi og skynsemi“, bls. 95-102.

Tafla 2 Svör kennara við spurningunni: Hver ættu að vera helstu hlutverk námsgagna í sögu?

Kennari	k1	k2	k3	k4	k5	k6	k7	Summa	Röðun við- mælenda meðaltal	Röðun könnun
Ýta undir sjálfstæða hugsun nemenda	5	4	5	5	5	5	4	33	5	4
Miðla sögulegu yfirliti	4	5	4	4	4	3	3	27	4	5
Skýra og styrkja sjálfsvitund nemandans	3	2	2	1	3	4	2	17	3	3
Gefa nemendunum innsýn í sagnfræðileg vinnubrögð	2	1	3	3	1	1	1	12	1	2
Miðla gildum	1	3	1	2	2	2	5	16	2	1

Raðað í forgangsröð: 5 mikilvægast, 1 minnst mikilvægt. Spurning nr. 7, sjá viðauka.

Tafla 3 Svör kennara við spurningunni: Hvaða gildi skipti mestu máli að námsgögnin komi á framfæri?

Kennari	k1	k2	k3	k4	k5	k6	k7	Summa	Röðun við- mælenda meðaltal	Meðaltal Könnun
Alþjóðahyggja	3	3	3	4	1	4	2	20	3	3
Umburðarlyndi	4	5	4	5	2	5	4	29	5	5
Jafnrétti	1	4	5	3	4	3	5	25	4	4
Þjóðvitund	5	1	1	2	3	1	1	14	1	2
Umhverfisvitund	2	2	2	1	5	2	3	17	2	1

Raðað í forgangsröð: 5 mikilvægast, 1 minnst mikilvægt. Spurning nr. 12, sjá viðauka.

Svör kennaranna sjö eru á nokkuð svipuðum nótum og svarenda í könnuninni. Í spurningunni um hvert helsta hlutverk námsgagna í sögu ætti að vera víkur einn kennari frá mynstrinu og telur *miðlun gilda* mikilvægast. Þessi kennari færir nokkuð skýr rök fyrir afstöðu sinni: „Sögukennsla og sagnfræði væru tilgangslaus ef ekki væri vegna gildanna sem umlykja manninn, menninguna og tilveruna“ (Kennari 7).

Annar kennari setur *þjóðvitund* í efsta sæti, tengir það við að efla sjálfsvitund nemandans. Þessi kennari setur *jafnrétti* í neðsta sæti en hin þrjú gildin raðast svipað og meðaltalið. Allir kennararnir segja að erfitt sé að forgangsráða hlutverkum námsgagna í sögu vegna þess að þetta sé allt saman samofið í námsefninu og kennslunni. Þeir segja einnig að *miðlun gilda* sé mikilvæg að einum kennara undanskildum, en sá endurskoðaði afstöðu sína þegar leið á samtalið. Ummæli eins kennarans eru dæmigerð en hann sagði: „Umræðan um gildi er alltaf fylgífiskur sögukennslunnar.“

Hjá öllum sjö kennurunum kom fram um gildamiðlun að eftir því sem fjær dregur í tíma og því fjarlægari heimshluta sem um ræðir, þeim mun fleiri og afdráttarlausari gildisdómar falli. Dæmin sem kennararnir tóku um atburði voru yfirleitt þeir sömu. Þannig fer ekki á milli mála að mannfórnir Asteka voru ekki taldar góðar, sama gildir

um þrælahald, mansal, fjöldamorð frumbyggja eða Gyðinga í seinni heimsstyrjöldinni, aðskilnaðarstefnuna í Suður-Afríku og Ródesíu/Simbabve. Þegar nær dregur í tíma og rúmi, t.d. þegar fjallað er um íslenska stjórn málaflokka og innanlandsátök, reyna kennararnir að taka ekki beina afstöðu. Þeir halda sig við eitthvað sem þeir upplifa sem sameiginleg gildi, en halda þó uppi umræðu um mismunandi stefnur og hvaða gildi fylgja þeim. Flestir segja kennararnir að það séu nokkuð skýrar óskrifadaðar reglur um hvað séu sameiginleg gildi og þar með óhætt að taka til umfjöllunar.

Að mati kennarana sjö eru öll þau gildi sem talin eru upp í gildasurningunni talin skipta máli í námsgögnum og í raun viðvarandi viðfangsefni í sögukennslu. Þeim reyndist þó erfitt að forgangsraða þeim. Kennararnir segjast ekki „troða einhverjum skoðunum upp á nemendur eða predika“, aðalmálið sé að umræðan um sögulega atburði feli í sér að tekist sé á við þessi gildi þegar við á. Einn kennarinn orðar þetta svona:

Ég held að hlutverk kennarans sé kannski ekki beinlínis að miðla gildum, ég held að nemendur sjálfir séu alveg færir um að rækta með sér þroska og gildismat samhliða námi í sögu og öðrum fögum, ekki síst í sögu [...] Allir þessir þættir, umburðarlyndi, jafnrétti, þjóðvitund, alþjóðavitund, umhverfisvitund eru allt mikilvægir þættir, sem erfitt er að forgangsraða, því þetta er allt samofið og við erum oftast að glíma við þá með einhverjum hætti í kennslunni á hverjum degi. Þjóðvitund og alþjóðahyggja eru nátengd hugtök og spila mikið saman, sama má segja um umburðarlyndi og jafnrétti. Það er kannski umhverfisvitundin sem er af öðrum toga. Fyrir 20 árum hefði hún ekki verið sett með í þessu samhengi. Í dag í minni kennslu er ég oft með tilvísanir í þessa umhverfisvá sem við glímum svo sannarlega við. Landbúnaðarbyltingin, iðnbyltingin, hlýnunin, tengslin við þessa spurningu um manninn sem drottara jarðar sem getið er um í 1. Mósebók (Kennari 4).

Annar kennari segir:

Það er ekki þannig að miðlun gilda sé jafn markviss og miðlun sögulegs yfirlits, maður kemur í tíma og veit að maður ætlar að tala um efni X og passar sig á að skipuleggja tímann þannig að það efni komist til skila. Gildamiðlunin er meira svona undirliggjandi án þess að ég hugsi sérstaklega um hana, en þegar maður veltir þessu fyrir sér þá er maður að miðla helling af gildum og koma ýmsu á framfæri (Kennari 3).

Umburðarlyndi er gildi sem er mjög ofarlega hjá flestum kennaranna og mjög tengt gagnrýnni, sjálfstæðri hugsun. Einn kennari orðar það svo:

Mér finnst miðlun gilda ekki fara fram að neinu marki nema hún sé undir formerkjum gagnrýnnar hugsunar, það er ekki hægt að mata fólk á gildum [...] Mér finnst mjög mikilvægt að koma að þessu með umburðarlyndi, þá gagnvart fortíðinni, samtíðinni, fólk í annarri stöðu, sjálfum sér. Mér finnst

umburðarlyndi eitthvað sem menn verði að hafa í samfélaginu og vona að það endurspeglis í minni kennslu (Kennari 2).

Jafnrétti er jafnframt hátt skrifað hjá flestum kennurunum og er gjarnan nefnt í sambandi við umburðarlyndi. Áberandi var að eftir því sem leið á samtölin virtust kennararnir gera sér betur grein fyrir að í kennslunni væru þeir mikið að fást við alls kyns gildi, sumt meðvitað en annað ekki. Gildin virðast vera sjálfsagður hluti af kennslunni t.d. þegar fjallað er um útrýmingu Gyðinga eða mannfórnir Asteka, og flestir fylgja þar viðteknum straumi án þess að ígrunda meðvitað að hér sé um miðlun gilda að ræða.

### Samantekt um kennslubækur og samtöl

Umfjöllunin hér að framan gefur möguleika á að greina gildi í sögukennslu og námsefni í sögu frá nokkrum sjónarhólum. Þegar svarendur í spurningalistakönnuninni eru spurðir almennt um gildi raða þeir gildunum lágt miðað við aðra þætti sem eiga að einkenna æskilega kennslubók. Þegar spurningar um gildi eru orðaðar á nákvæman hátt, og tiltekin gildi tilgreind, kemur í ljós að svarendur gera greinarmun á gildum og eru meðvitaðir og virkir í afstöðu sinni til margra slíkra. Umfjöllun um spurningalistakönnunina hafði að markmiði að varpa ljósi á þessa hluti. Misræmið milli þess sem svarendur telja æskilegt og þess sem þeir raunverulega búa við gefur mikilvægar upplýsingar um að svarendur eru virkir og meðvitaðir í sínu starfi við sögukennslu.<sup>61</sup>

Munurinn á viðhorfum svarenda eftir löndum gæti bent til að hið staðbundna samhengi hafi áhrif á afstöðu til gilda. Danskir svarendur skera sig úr þegar kemur að *jafnrétti* og *umburðarlyndi* sem þeir leggja minni áherslu á en aðrir. Íslenskir og norskir svarendur leggja meiri áherslu á *umhverfissvitund* en aðrir. Þá leggja íslenskir svarendur mesta áherslu allra á *þjóðvitund* en minnsta á *alþjóðahyggju*.

Svörin við spurningunni „Hvað tekur þú til bragðs ef þú ert ekki ánægð/ur með efnispátt í bókinni sem þú notar?“<sup>62</sup> sýna að svarendur spurningalistakönnunarinnar eru meðvitaðir og virkir þegar þeir vinna með námsefni sem þeir eru ekki ánægðir með. Sú spurning bendir til þess kennarar taki sér frelsi til að endurskoða námsefnið eftir sínu

---

<sup>61</sup> Hér er átt við spurningu nr. 12: „Hvaða gildum skiptir mestu máli að námsgögnin komi á framfæri?“ og spurningu nr. 20: „Hvaða gildi leggur kennslubókin áherslu á? (Sjá viðauka).“

<sup>62</sup> Spurning 13, sjá viðauka.



höfði. Það sýnir að þeir ráða sjálfir miklu um hvaða gildum er miðlað í kennslustofunni eins og Ólafur Páll Jónsson hefur bent á og fjallað er um hér að framan. Í upphafi þessa kafla var þeirri spurningu varpað fram hvort þeir kennarar sem svöruðu spurningalistakönnuninni væru virkari og áhugasamari en þeir sem ekki svöruðu. Það er aðferðafræðileg spurning sem ekki verður svarað með vissu en hin meðvitaða afstaða gagnvart námsefninu gæti bent til að svo sé. Þar birtist mynd af hópi sem er virkur í afstöðu sinni til miðlunar gilda og innihalds þeirra námsgagna sem miðlað er.

Viðtölin við kennarana sjö renna stoðum undir niðurstöður spurningalistakönnunarinnar. Þeir voru að nokkru leyti ómeðvitaðir um að þeir væru að miðla gildum en þegar þeir voru inntir nánar eftir því með dæmum kom í ljós að gildamiðlun var mikilvægur hluti af kennslunni. Að því leyti er samhljómur milli spurningalistakönnunarinnar og samtalanna við kennarana. Í þessari umfjöllun hefur sjónum verið beint að tilhneigingum og mynstrum um miðlun gilda í sögukennslu. Þessi umfjöllun kallar á frekari rannsóknir og greiningu á þessu sviði. Í næsta kafla er fjallað um gildamiðlun frá öðru sjónarmiði. Þar er gildamiðlun í kennslubókum skoðuð með siðaskiptin sem dæmi með sérstakri áherslu á þjóðernishyggju og sjálfstæðiskennimiðið. Í lok þess kafla er gerð grein fyrir viðhorfum kennaranna sjö um það þema.

#### IV. Tilvikskönnun á gildamiðlun: Siðaskiptin í kennslubókum

Þessi hluti fjallar um gildamiðlun íslenskra kennslubóka í sögu. Þær kennslubækur sem teknar eru til skoðunar eru bæði Íslands- og mannkynssögubækur en einnig bækur þar sem þetta tvennt er samþætt. Leitast er við að sýna hvernig *þjóðvitund*, eða öllu heldur þjóðernishyggja, er eitt höfuðgildið sem miðlað er í kennslubókum 20. aldar og fram á okkar tíma. Í kaflanum eru siðaskiptin tekin sem dæmi og sýnt hvernig umfjöllun um þau miðlar þjóðernishyggju. Umfjöllun um siðaskiptin er í þessum skilningi birtingarmynd á sjálfstæðiskennimiðinu og hvernig það vex fram sem túlkunarrámmi fyrir þá sögu sem sögð er í kennslubókum.

##### Sjálfstæðiskennimiðið vex fram

Elstu bækurnar sem hér eru teknar fyrir eru *Íslandssaga* eftir Jónas Jónsson frá Hriflu sem fyrst var gefin út árið 1915 og *Íslandssaga* eftir Jón J. Aðils sem gefin var út sama ár. Árið 1991 var *Íslandssaga* Jónasar gefin út sem hljóðbók og er því sums staðar er enn notuð, og því enduróma áhrif hennar í dag. Bók Jónasar var aðalkennslubók í sögu í barnaskólum og síðar grunnskólum frá því á þriðja áratug síðustu aldar fram undir 1980. Þegar saga Jónasar kom fyrst út árið 1915 var hún í einni bók en lengst af var hún gefin út í þremur heftum. Bók Jóns J. Aðils var kennd í menntaskólum allt fram til 1970.<sup>63</sup> Hér verður reynt að sýna fram á hvernig sjálfstæðiskennimiðið vex fram og birtist í þessum bókum með áherslu á umfjöllun þeirra um siðaskiptin. Eins og fram hefur komið varð verk Jóns Sigurðssonar *Hugvekja til Íslendinga* til þess að sjálfstæðisbarátta Íslendinga gegn Dönum varð samofin sagnfræðinni.

Í bók Jónasar Jónssonar, *Íslandssaga*, er grunnurinn lagður að viðhorfum Íslendinga á 20. öld til siðaskiptanna. Þar er að finna togstreitu milli þeirra gilda sem miðlað er í umfjöllun um siðaskiptin á Íslandi og í Evrópu. Þessi togstreita birtist í jákvæðri afstöðu til umskiptanna til lútersku í Evrópu en neikvæðri umfjöllun um hið sama á Íslandi. Í umfjöllun um Evrópu eru trúarleg málefni miðlæg og með jákvæðum formerkjum en í umfjöllun um Ísland er glötun sjálfstæðis í forgrunni með þjóðernislegum undirtón og neikvæðum formerkjum. Jónas hefur umfjöllun sína um siðaskiptin í Evrópu á byggingu

---

<sup>63</sup> Jónas Jónsson, *Íslandssaga* 1. hefti; Jónas Jónsson, *Íslandssaga*, 2. hefti; Jónas Jónsson, *Íslandssaga* 1 [hljóðbók]; Jónas Jónsson, *Íslandssaga* 2 [hljóðbók]; Jónas Jónsson, *Íslandssaga* 3 [hljóðbók]; Jón J. Aðils, *Íslandssaga*. Bókin kom fyrst út 1915 en hér er stuðst við útgáfuna frá 1961.

Péturskirkjunnar í Róm og þann fjárskort í Páfagarði sem skapaðist í kjölfar byggingarinnar sem leiddi til umfangsmikillar sölu aflátsbréfa. Þetta varð í raun kornið sem fyllti mælinn í þeirri aldalöngu spillingarþróun innan kaþólsku kirkjunnar sem hratt siðaskiptunum af stað. Jónas segir:

En nú var fylling tímans komin, og orð Lúthers urðu upphaf að voldugri hreyfingu, því að þau voru sem töluð úr hvers manns hjarta. Kirkjan hafði í mörg hundruð ár verið að villast af leið og spillt kenningum Krists með margs konar mannasetningum og þjónar kirkjunnar blandað sér í veraldleg mál, sótt fast eftir auði, völdum og vegtyllum, en farið misjafnlega vel með. Í margar aldir hafði safnast fyrir í hugum manna víða um kristin lönd innibýrgð gremja og mótþróaöngun gegn kaþólsku kirkjunni, en fram að þessu hafði páfavaldinu tekizt að þagga niður öll mótmæli. En andmæli Lúthers brutu fjöturinn af norrænu þjóðunum. Ótal menn komu honum til hjálpar, ýttu honum lengra fram og komu með nýjungar sjálfir, og eftir fáein ár var ofurmagn páfavaldsins brotið á bak aftur bæði í Þýskalandi og Norðurlöndum. Þess í stað byggðu siðaskiptamenn upp nýja kirkjuskipun í samræmi við orð og anda Nýja testamentisins.<sup>64</sup>

Texti Jónasar sýnir að hann er einlægur siðaskiptamaður og lútheristi þegar hann fjallar um siðaskiptin í Evrópu. Hann tíundar hvernig þjóðir Norðurlanda og Þýskalands hafi brotist undan ofurvaldi páfavillunnar og farið að breyta rétt í anda Nýja testamentisins. En hvernig kemur þessi skoðun Jónasar fram í umfjöllun hans um Íslandssöguna? Áhugavert er að skoða á hvaða grundvelli hann skoðar sögu fyrri alda á Íslandi. Jónas skiptir fyrri öldum Íslandssögunnar í „landnámsöld“, „friðaröld“ og „Sturlungaöld“ en tímabilið eftir það og fram að siðaskiptum heitir „Veldi kaþólsku kirkjunnar“. Þegar Jónas fjallar um kristnitökuna er það í anda sanntrúaðs lútersks siðbótarmanns. Hann lýsir kaþólsku kirkjunni við kristnitökuna á eftirfarandi hátt:

Þegar Íslendingar tóku kristni, voru liðnar því nær tíu aldir frá því, að Kristur flutti boðskap sinn. Þennan langa tíma höfðu kenningar hans verið að berast vestur og norður um álfuna, unz þær komu til Norðurlanda. Á þessu ferðalagi hafði kristnin breytzt til stórra muna, gruggast eins og fjallalækur, sem seytlar gegnum leirmýri, litast af grimmd og fávisku hálfvilltra þjóða eins og sólargeisli, sem fellur gegnum litað gler. [...] Á Íslandi var hún [kirkjan] lítilþæg í fyrstu. Hún krafðist, að menn viðurkenndu, að þeir væru kristnir, og létu skýrast. Beztu menn heiðninnar höfðu snúist vegna sannra yfirburða kristinnar.<sup>65</sup>

<sup>64</sup> Jónas Jónsson *Íslandssaga* 2. hefti, bls. 88-89.

<sup>65</sup> Jónas Jónsson *Íslandssaga* 1. hefti, bls. 58-59.

Þessi lýsing á við um þá kristni sem barst til Íslands um árið 1000. Hann lýsir enn frekar „lágkúru“ kaþólskunnar, svo sem dýrlingum, dýrkun helgra beina og annarra helgidóma. Þegar Jónas síðar meir fjallar um fyrstu íslensku biskupana minnkar þessi andúð á kaþólsku kirkjunni. Andúðin færir í bakgrunninn þegar uppbygging hinnar íslensku kristnu kirkju hefst. Ísleifi Gissurarsyni (1056-1080)<sup>66</sup>, fyrsta Skálholtsbiskupi í kjölfar kristnitökunnar, er lýst sem miklum mannkostamanni sem leggur drög að uppbyggingu kirkjunnar með því að koma á prestaskóla. Sonur hans, Gissur Ísleifsson (1082-1118), er talinn hafa tekið við kirkjunni vanmáttugri og skilað henni sem stórveldi í landinu án þess að þó að það stórveldi fái neikvæð formerki. Tíundin sem hann kom á hefur ekki á sér neikvæðan blæ hjá Jónasi. Jón Ögmundsson (1106-1121), fyrsti biskup á Hólum, fær þau jákvæðu eftirmæli að hafa verið mikill trúmaður, mælskur og siðavandur. Lýsingar Jónasar á þessum þremur mönnum eru í hetjustíl og þeir gætu flokkast með þjóðhetjum Íslendinga. Þjóðhetjuhlutverk þeirra er í forgrunni frekar en að þeir séu hluti af kaþólsku kirkjunni. Þjóðernishyggjan tekur yfir sem túlkunarrámi.<sup>67</sup>

Næst tekur Jónas tekur til umfjöllunar Guðmund Arason (1203-1237) biskup á Hólum og fléttast umfjöllun um hann saman við atburðarás Sturlungaaldar. Guðmundur fær skaplega umfjöllun sem fulltrúi kristni og kirkju en sama er ekki að segja um þá veraldlegu höfðingja sem deildu við hann. Jónas telur þó Guðmund upphafsmann þess að leggja innlend deilumál til úrskurðar erlendra manna og má túlka texta Jónasar þannig að það hafi verið skref til þverrandi sjálfstæðis.<sup>68</sup>

Árni Þorláksson (1269-1298), eða Staða-Árni, verður í meðförum Jónasar fulltrúi kaþólsku kirkjunnar með það hlutverk að efla vald hennar gegn veraldlega valdinu. Jónas telur Árna hafa komið á siðbót meðal klerkastéttarinnar og skírífi klerka, jafnframt því að vinna að fjárhagslegu sjálfstæði kirkju gagnvart höfðingjum. Honum er þó ekki lýst sem spilltum og ágjörnum fulltrúa kaþólsku kirkjunnar andstætt þeim sem á eftir honum koma.<sup>69</sup> Jón Gerreksson (1426-1433), biskup í Skálholti, er sagður vera „útlendur maður“, og sem biskup er hann fulltrúi spilltra og vanhæfra embættismanna konungsvaldsins. Síðan koma lýsingar á erlendum biskupum þar sem Jóni

---

<sup>66</sup> Ártöl í umfjölluninni um biskupa vísa í embættistíma þeirra og eru fengin úr *Skrá yfir kaþólska biskupa á Íslandi*, sem er að finna á heimasíðu Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi og af heimasíðu Skálholts.

<sup>67</sup> Jónas Jónsson, *Íslandssaga* 2. hefti, bls. 3-8.

<sup>68</sup> Jónas Jónsson, *Íslandssaga* 2. hefti, bls. 24.

<sup>69</sup> Jónas Jónsson, *Íslandssaga* 2. hefti, bls. 65-69

Vilhjálmssyni (1435-1437), biskupi á Hólum og í Skálholti, er lýst sem „harðdrægum og fégjörnum“ manni. Ólafur Rögnvaldsson (1460-1495), biskup á Hólum, er sagður „slægvitur, grimmur og fégjarn.“<sup>70</sup> Af honum tók við Gottskálk Nikulásson (1496-1520), af mörgum nefndur hinn grimmi. Hann fylgdi sömu stjórnarstefnu og fyrirrennari hans og auðgaði bæði stólinn og sjálfan sig.<sup>71</sup> Þessir menn eru útlendir og spilltir fulltrúar kaþólsku kirkjunnar.

Þegar kemur að Ögmundi Pálssyni (1521-1541) og Jóni Arasyni (1524-1550) er annað uppi á teningnum. Þeir eru íslenskir og fá svipaða umfjöllun og hinir fyrstu þrír biskupar landsins, þ.e. Ísleifur Gissurarson, Gissur Ísleifsson og Jón Ögmundsson. Jónas rekur stuttlega ævi þeirra og að nefnir að þeir hafi verið efnilegir strax á unga aldri. Bæði Ögmundur og Jón fá jákvæða umfjöllun. Jónas lýsir stuttlega átökum milli þeirra en þau leysast farsælega að hans sögn.<sup>72</sup> Þegar atburðarás siðaskiptanna er rakin er þeirra þætti lýst á jákvæðan hátt. Í frásögnum af samskiptum þeirra og konungsmanna er framferði konungsmanna lýst sem ruddalegu og grófu og samúðin er öll með Ögmundi og Jóni Arasyni. Gissur Einarsson (1540-1548), fyrsti lúterski biskupinn á Íslandi, fær á sig blæ svikara sem er í slagtogi við konungsvaldið. Gissur á að hafa hjálpað konungsmönnum við að handtaka Ögmund, blindan átræðan öldunginn. Því er lýst í smáatriðum hvernig konungsmenn hafa allar eigur af Ögmundi með hótunum og svikum og flytja hann síðan nauðugan í útleið til Danmerkur. Jónas rekur svo að Jón Arason hafi barist gegn ásælni konungsvaldsins. Atburðarás handtöku Jóns og sona hans er rakin og undirstrikað að þeir hafi verið teknir af lífi án dóms og laga.<sup>73</sup>

Eins og áður sagði var Jónas Jónsson einlægur siðaskiptamaður. Áhugavert er að viðsnúningur verður í umfjöllun hans um biskupana. Fyrstu íslensku biskuparnir fá jákvæða umfjöllun sem fulltrúar Íslands og íslensku kirkjunnar. Kaþólsku biskuparnir á eftir þeim, útlendir og íslenskir, eru álitnir fulltrúar erlends valds. Þegar kemur að hinum tveimur síðustu, þ.e. Ögmundi Pálssyni og Jóni Arasyni kveður við annan tón. Ætla má að afstaða Jónasar til Jóns Arasonar, annars vegar sem kaþólsks biskups og hins vegar sem baráttumanns gegn ásælni konungsvaldsins, hafi vafist fyrir honum. Greiningin hér að ofan sýnir að sjálfstæðiskennimiðið er sá túlkunarrámi sem liggur til grundvallar. Kaþólska kirkjan og biskupar hennar eru stundum fulltrúar erlends valds og stundum

<sup>70</sup> Jónas Jónsson, *Íslandssaga* 2. hefti, bls. 83.

<sup>71</sup> Jónas Jónsson, *Íslandssaga* 2. hefti, bls. 84.

<sup>72</sup> Jónas Jónsson, *Íslandssaga* 2. hefti, bls. 87.

<sup>73</sup> Jónas Jónsson, *Íslandssaga* 2. hefti, bls. 87-97.

íslenskra hagsmuna eftir því sem hentar hverju sinni til að miðla þjóðernishyggjunnni í anda sjálfstæðiskennimiðsins. Texti Jónasar gefur í skyn að Jón Arason hafi barist sérstaklega fyrir réttindum og sjálfstæði Íslendinga þó það sé aldrei sagt berum orðum og þagað um kaþólskuna sem er almennt gruggug og spillt hjá Jónasi. Jónas velur í Íslandssögu sinni að láta Jón Arason standa sem táknmynd baráttumanns réttinda og sjálfstæðis Íslands en sleppir algerlega að gera grein fyrir hinum kaþólska málstað Jóns Arasonar þar sem það brýtur gegn skoðunum hans sjálfs sem sanntúaðs lútherstrúarmanns.

Sama ár og *Íslandssaga* Jónasar Jónssonar kom út, eða 1915, var gefin út bók Jóns J. Aðils, *Íslandssaga*, sem kennd var í menntaskólum fram til 1970. Sagnfræðingurinn Jón J. Aðils segir í formála að bókinn sé skrifuð fyrir kennslu í æðri menntastofunum landsins. Íslandssaga hans er efnismeiri og ítarlegri en bók Jónasar Jónssonar. Segja má að þessir tveir höfundar séu samstíga í efnisvali og almennri túlkum á sögunni. Jón J. Aðils fjallar þó lítið sem ekkert um siðaskiptin í Evrópu en undirstrikar með ýmsum hætti að hann fylgi lútherskunni að málum. Þegar hann hefur lokið við að lýsa kirkjuskipan á Íslandi á fyrstu öldum kristinnar fylgir stuttur kafli um klaustrin sem hann telur miðstöðvar mennta, auðs og valda. Þar er lýst hvernig klastrum almennt í hinum kristna heimi hnignaði vegna þess að auðurinn og völdin spilltu munkum og ábótum sem lögðust í svall og hógólfi.<sup>74</sup> Síðar í bókinni eru kaflar í aðdraganda siðaskipta undir yfirskriftinni „Hnignun klausturlífsins“, „Siðleysi klerkastéttarinnar“ og „Ásælni og yfirgangur biskupa“. Þar er meginþemað að klerkar og kirkja hafi þjarmað að höfðingjum og alþýðu og sölsað undir sig eignir og völd með öllum meðulum og ekki síst með bannfæringuna að vopni.

Jón J. Aðils lýsir atburðarás siðaskiptanna á Íslandi í smáatriðum og með svipuðum áherslum og Jónas Jónsson. Aðalþemað í frásögnum þeirra er barátta Jóns Arasonar gegn ásælni konungsvaldsins og að við siðaskiptin hafi konungsvaldið eflst verulega. Jón J. Aðils lýsir þó ítarlegar hvernig þessi atburðarás eflði konungsvaldið á kostnað sjálfstæðis Íslendinga. Samúðin er með Jóni Arasyni og Ögmundi Pálssyni en þeir eru þó aldrei kallaðir þjóðhetjur eða sagt hreint út að þeir hafi barist sérstaklega fyrir sjálfstæði Íslands. Trúarlegur boðskapur siðaskiptanna hverfur í bakgrunninn og hefur litla sem enga þýðingu í því hvernig atburðarásinni er stillt upp. Siðaskiptin snúast um

---

<sup>74</sup> Jón J. Aðils, *Íslandssaga*, bls. 68-87.

sigur konungsvaldsins og minnkandi sjálfstæði Íslendinga, eða eins og Jón J. Aðils orðar það:

Siðaskiptin höfðu fljótlega í för með sér ýmsar breytingar í fjármálum. Konungur tók undir sig kirkjueignir, en þær voru miklar, og eins þær árlegu tekjur, sem klerkdómurinn hafði haft í ýmsum afgangi og greiðslum. Hag landsmanna hnignaði eftir siðaskiptin og sjálfstæði og frelsi þvarr og trú þjóðarinnar á sjálfa sig.<sup>75</sup>

Sá höfundur sem hefur mest allra haldið Jóni Arasyni á lofti sem þjóðhetju og ættjarðarvini er Páll Eggert Ólason. Þetta kemur skýrast fram í *Menn og menntir siðaskiptaaldar*, doktorsritgerð hans frá 1919, þar sem hann gerir Jóni Arasyni einmitt skil sem þjóðhetju. Þegar Páll rekur samskipti Jóns biskups og Kristjáns III. snýst röksemdafærslan að verulegu leyti um lögformlega stöðu Íslands gagnvart norska og danska ríkinu. Sáttmálar og samþykktir eru lykilforsendur fyrir greiningunni. Þetta sést m.a. á eftirfarandi orðalagi: „...framferði konungs hér var andstætt landslögum og fornum réttindum landsins [...] þá hlaut hollusta hans (Jóns Arasonar) við konung að víkja fyrir því, sem honum var dýrra, en það var sjálfstæði landsins ...“<sup>76</sup> Og áfram er vísað í bréfaskriftir Ara lögmans Jónssonar og Jóns Arasonar þar sem vísað er í stöðu norska ríkisráðsins og Gamla sáttmála sem er lykilforsenda í greiningunni:

... að ekki er að ræða nokkurt undanlát hjá Jóni byskupi frá þeirri skoðun, að konungur hafi ekki vald til þess að ganga á hina fyrri sáttmála, og að efsta vald til þess að gera skipun um málefni þjóðarinnar sé eigi í höndum konungs, heldur ráðs Noregsríkis, en þar átti Jón sæti.<sup>77</sup>

Hér virðist Páll Eggert Ólason sækja í smiðju þeirra Jóns Þorkelssonar og Einars Arnórssonar, sem fjallað var um hér að framan, þegar hann rekur samskipti Jóns Arasonar biskups við danska konungsvaldið. Svo vill til að doktorsritgerð Páls Eggerts fjallar um siðaskiptatímamann. Þarna virðast hugtökin „landsréttindi“ „ríkisréttindi“ og „sjálfstæði“ hafa verið meðtekin sem sjálfsögð og eðlileg í orðræðu sagnfræðinnar um Íslandssögu. Þessi áhersla Páls Eggerts í umfjöllun um siðaskiptin er í augljósu samhengi við þær hræringar í stjórn málasögu Íslands sem leiddu til sambandslagasamningsins og fullveldisins 1918.

Ljóst er að Jón Arason var umtalaður sem þjóðhetja þegar á fyrstu áratugum 20. aldarinnar. Guðmundur F. Guðmundsson rekur t.d. umræðu meðal kaþólskra og

<sup>75</sup> Jón J. Aðils, *Íslandssaga*, bls. 207.

<sup>76</sup> Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir siðaskiptaaldarinnar á Íslandi*, bls. 227-228.

<sup>77</sup> Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir*, bls. 238.

samskipti við veraldleg og lútersk kirkjuleg yfirvöld frá 1910 og fram eftir 20. öldinni. Hann segir það samdóma álit að Jón Arason hafi verið talinn þjóðhetja, þótt ekki hafi allir verið sammála um að hann hafi verið píslarvottur á kaþólska vísu.<sup>78</sup> Lýsingar Páls Eggerts Ólasonar á persónu Jóns Arasonar eru einmitt í hetjustíl: „Jón Arason hefir haft þá kosti til að bera, sem gera menn að sjálfkjörnum höfðingjum“.<sup>79</sup> Páli Eggerti verður tíðrætt um ættjarðarást Jóns Arasonar: „Jón byskup var ættjarðarvinur mikill og fróður um réttindi landsins. Barðist hann fastlega gegn því, að á þeim væri traðkað. Sveið honum mjög yfirgangur konungsmanna ...“.<sup>80</sup> Og áfram segir: „Í sambandi við ættjarðarást Jóns byskups stendur ást hans og lotning fyrir móðurmáli sínu, sem kemur fram í kvæðum hans ...“.<sup>81</sup> Fjölmargar lýsingar á borð við þessar er að finna hjá Páli Eggerti og þær móta sterkt þá þjóðhetjuímynd sem birtist svo víða í ræðu og riti fram eftir 20. öldinni.

Sú mynd sem Páll Eggert dregur upp sleppur þó ekki alveg mótþróaust gegnum fræðasamfélagið. Finnur Jónsson textafræðingur gagnrýnir Pál Eggert í *Skírni* árið 1920, ári eftir að doktorsritgerð hans kom út. Hann telur að Páll Eggert hafi misskilið orð Jóns Arasonar og hafnar þeirri túlkun að hann hafi verið að verja landsréttindi jafnt sem kaþólsku í glímu sinni við konungsvaldið. Hann telur að Jón Arason hafi eingöngu verið að fjalla um þau lög og samþykktir sem snéru að trúmálum.<sup>82</sup> Það fennir þó fljótt yfir þessa gagnrýni Finns í orðræðunni um Jón Arason.

Sem dæmi um að gagnrýni Finns varð ekki langlíf má nefna grein í *Skírni* árið 1950 eftir Þorkel Jóhannesson.<sup>83</sup> Þorkell gefur tóninn með þessum orðum:

Hafi Jón Arason látið lífið sem réttur óbótamaður fyrir dómstóli óvina sinna og andstæðinga, hafi því dómsorði löngu verið hrundið fyrir dómstóli tímans í meðvitund þjóðarinnar. Ég ætla að enginn Íslendingur hafi komist nær því að mega kallast þjóðhetja en Jón biskup Arason. Sjálfur Jón Sigurðsson, sem manna best þekkti og skildi sögu þjóðarinnar, hafi kallað hann hinn síðasta Íslending, og leit hann þá að vísu til þess tíma er síðaskiptunum fylgdi.<sup>84</sup>

Lykilstefið er að Jón Arason sé þjóðhetja Íslendinga þar sem dreginn er fram menntamaðurinn, miðaldafurstinn, framfaramaðurinn, biskupinn og síðast en ekki síst

<sup>78</sup> Guðmundur F. Guðmundsson, „Jón Arason: Píslarvottur eða þjóðhetja?“, bls. 9-27.

<sup>79</sup> Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir*, bls. 447.

<sup>80</sup> Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir*, bls. 451.

<sup>81</sup> Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir*, bls. 452.

<sup>82</sup> Finnur Jónsson, „Jón Arason og „landsrjettindin““, bls. 277-280.

<sup>83</sup> Þorkell Jóhannesson, „Jón biskup Arason – fjögurhundruð ára minning“, bls. 152-174.

<sup>84</sup> Þorkell Jóhannesson, „Jón biskup Arason“, bls. 154.



maðurinn sem berst fyrir réttindum Íslands gagnvart danska konungsvaldinu. Við afhjúpun minnismarkis Jóns Arasonar á klausturrústum á Munkaþverá 23. ágúst 1959 hélt Benjamín Kristjánsson ræðu þar sem birtist uppskrúfuð hetjumynd af Jóni biskupi Arasyni. Lokapátturinn hefst á fyrirsögninni „Hinn frjálsi andi“ og eftirfarandi tilvitnun sýnir anda ræðunnar:

Saga Jóns biskups Arasonar er saga um óbugandi vilja að berjast gegn hvers konar kúgun. Hún er saga hins frjálsa anda, sem fylgir samvisku sinni hvað sem það kostar [...] Jón Arason hefur sigrað.<sup>85</sup>

Jóns Arasonar er minnst sem þjóðhetju í ræðu sem Sverrir Kristjánsson hélt þjóðhátíðarárið 1974 og komu þar fram svipaðar hugmyndir. Líkt og Þorkell vitnar hann í orð Jóns Sigurðssonar um Jón Arason sem „síðasta Íslendinginn“.<sup>86</sup> Þrjátíu árum síðar vitnar Björn Bjarnason, þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra, enn í orð Þorkels Jóhannessonar í ræðu sem Björn hélt á Hólahátíð 15. ágúst 2004.<sup>87</sup>

Eins og vikið var að í hluta II má halda því fram að á fyrstu áratugum 20. aldar hafi orðið til í sagnfræði *stórkennning* eða *kennimið* um að saga Íslands frá upphafi hafi verið sjálfstæðisbarátta. Þetta varð ráðandi *kennimið* í íslenskri sagnfræði sem og í kennslubókum um Íslandssögu og almennri orðræðu um Íslandssögu. Þorri þeirra atburða eða viðfangsefna sem látnir eru varða veginn í sögu Íslendinga eru tengdir við sjálfstæði landsins á einhvern hátt til minnkandi eða aukins sjálfstæðis, með réttu eða röngu. Grunnildið sem miðlað er, meðvitað eða ómeðvitað, er þjóðernishyggja. Frá og með bókum Jóns J. Aðils og Jónasar Jónssonar er hún ráðandi gildi sem miðlað er bæði í sagnfræði og sögukennslu sem sjálfsögðu og eðlilegu.

### **Sjálfstæðiskennimiðið undir hatti hefðarvísinda**

Í þessum kafla eru teknar til umfjöllunar nokkrar kennslubækur í Íslands- og mannkynssögu til að skoða hvernig gildamiðlun breytist í tímans rás. Athugað verður hvort mismunandi túlkunarrámmar eru notaðir á siðaskiptin eftir því hvort fjallað er um siðaskiptin á Íslandi eða Evrópu eins og kom fram hjá Jónasi Jónssyni hér að framan. Hér verður fjallað um kennslubækur eftir Björn Þorsteinsson, Ólaf R. Einarsson, Helga Skúla Kjartansson, Gunnar Karlsson, Margréti Gunnarsdóttur, Sesselju G.

<sup>85</sup> Benjamín Kristjánsson „Íslands djarfasti sonur“, bls. 404-416.

<sup>86</sup> Sverrir Kristjánsson, „Síðasti Íslendinginn“, bls. 75-79.

<sup>87</sup> Björn Bjarnason, „Hnigna tekr heims magn?“.

Magnúsdóttur, Guðmund J. Guðmundsson og Ragnar Sigurðsson, en auk þess nokkrar þýddar norrænar kennslubækur í mannkynssögu.

Höfundar síðari tíma kennslubóka fara varlega í að gera Jón Arason að þjóðhetju eða að tjá sig um hvort hann hafi staðið fyrir einhvers konar sjálfstæðisbaráttu. Engu að síður varpa þeir fram spurningunni og glíma þar með við þau viðhorf sem lýst var hér að ofan. Rétt eins og hjá þeim Jónasi Jónassyni og Jóni J. Aðils verður atburðarás siðaskiptanna í forgrunni og trúarmálin í bakgrunni. Þannig er siðaskiptunum á Íslandi lýst sem eins konar spennusögu um valdabaráttu konungs, konungsmanna og Íslendinga.

*Íslensk miðaldasaga* eftir Björn Þorsteinsson kom fyrst út 1973 og var notuð sem kennslubók um nokkurra ára skeið. Þar sér Björn sig knúinn til að ræða stöðu Jóns Arasonar í þjóðarvitund Íslendinga og opnar fyrir túlkanir án þess að slá neinu föstu. Til marks um það eru setningar eins og þessi: „Glæsímennið og hetjan Jón Arason hefur orðið hálfgerður þjóðardýrtingur okkar Íslendinga“.<sup>88</sup> Síðar segir hann berum orðum að Jón Arason hafa hafi verið „þjóðhetja okkar“ og vitnar sér til fulltingis í eftirfarandi kveðskap Jóns um sjálfan sig:

Við Dani var hann djarfur og hraustur,  
Dreifði hann þeim á flæðarflaustur  
með brauki og bramli.<sup>89</sup>

Í framhaldi af þessu slær Björn úr og í um hvort Jón hafi verið þarfur Íslandi en það er flókin saga að hans álitum.<sup>90</sup> Björn lýsir valdabrölti Jóns Arasonar og Ögmundar og kallar þá „kirkjufursta“ í stíl við biskupa annars staðar í Evrópu á sama tíma. Hann lýsir einnig í smáatriðum valdabaráttu konungsmanna og biskupa, flókinni stöðu Gissurar, sem vill hindra að konungur fari með hernaði á hendur Íslendingum og loks hvernig Jón Arason tapar að lokum. Björn lýsir Jóni sem íhaldssömum miðaldafursta en bætir við að hann hafi verið „framfarasinnaður menntavinur“ og „besta skáld samtíðar sinnar.“<sup>91</sup> Björn telur menningu og listir á Íslandi hnigna við siðaskipti til viðbótar við hið þverrandi sjálfstæði.

---

<sup>88</sup> Björn Þorsteinsson, *Íslensk miðaldasaga*, bls. 376.

<sup>89</sup> Björn Þorsteinsson, *Íslensk miðaldasaga*, bls. 380.

<sup>90</sup> Björn Þorsteinsson, *Íslensk miðaldasaga*, bls. 380.

<sup>91</sup> Björn Þorsteinsson, *Íslensk miðaldasaga*, bls. 370.

Ólafur R. Einarsson tók árið 1975 saman Íslandssögu fyrir framhaldsskóla *Frá landnámi til lútherstrúar*.<sup>92</sup> Fram kemur í formála bókarinnar að hún byggi á verkum Jóns Jóhannessonar, Björns Þorsteinssonar og fleiri sagnfræðinga. Ólafur R. Einarsson beitir sömu aðferð og þeir þegar hann lýsir atburðarás siðaskiptanna, þ.e. hún verður spennusaga þar sem rakin eru í tæknilegum smáatriðum átök konungs, konungsmanna og kapólskra. Samúðin með Jóni Arasyni er augljós án þess að málstaður deiluaðila sé tíundaður sérstaklega. Í framsetningu Ólafs verður ásælni konungsvaldsins aðalþemað og því lýst hvernig það eflist og sigrar með siðaskiptunum. Hann lýsir hlutverki Jóns Arasonar í siðaskiptunum á eftirfarandi hátt:

Þegar Jón biskup stendur fast gegn boðskap konungs og reynir að hindra lögfestingu hins nýja siðar, er hafði í för með sér eflingu konungsvaldsins, þá er ekki hægt að túlka baráttu Jóns sem þjóðfrelsisbaráttu. Hann var að verja kirkjuvaldið og var fús til að yfirgefa landið ef hann biði ósigur. Í þessari baráttu barðist hann fyrir íslenskum landsréttindum, en á þeim hvíldi tilveruréttur íslensku þjóðkirkjunnar.<sup>93</sup>

Hér er athyglisvert að Ólafur R. Einarsson telur sig þurfa að taka afstöðu til þess hvort Jón hafi verið í þjóðfrelsisbaráttu. Hann telur að svo hafi ekki verið en aftur á móti hafi hann barist fyrir „landsréttindum“ Íslands. Hann virðist fylgja því sjónarmiði fyrirrennara sinna að einhvers konar sjálfstæðisbarátta hafi átt sér stað gegn ásælni konungsvaldsins. Hann aðgreinir baráttuna fyrir „landsréttindum“ frá „þjóðfrelsisbaráttu“. Hér virðist hann aðgreina Jón Arason frá sjálfstæðisbaráttuhugmynd 19. aldar og einnig frá þjóðfrelsisshugtakinu (e. *national liberation*) sem mikið var notað af róttæklingum á 8. áratug síðustu aldar, þegar bókin var skrifuð og vísar í baráttu þriðjaheimslanda fyrir frelsi frá nýlendukúgurunum.

Hugtakið „landsréttindi“ hjá Ólafi virðist vera komið frá Páli Eggerti Ólasyni og byggjast á þeirri söguskoðun að Ísland hafi verið sjálfstætt land eða ríki eða að Íslendingar hafi verið sjálfstæð þjóð fram að 1262 en bundin Gamla sáttmála eftir það. Textinn andar þeim skilningi að Íslendingar hafi verið í stöðugri sjálfstæðis- og varnarbaráttu gagnvart danska konungsvaldinu til að halda þeim réttindum sem þeir höfðu samkvæmt Gamla sáttmála. Þar með virðist vera komin málamiðlun milli Páls Eggerts Ólasonar og þeirrar gagnrýni sem hann fékk frá Finni Jónssyni, sem áður var

---

<sup>92</sup> Ólafur R. Einarsson, *Frá landnámi til lútherstrúar: Þættir úr Íslandssögu fram til 1550*. Bókin var endurprentuð nokkrum sinnum og er hér stuðst við útgáfuna frá 1986.

<sup>93</sup> Ólafur R. Einarsson, *Frá landnámi til lútherstrúar*, bls. 90.

getið um. Í meðförum Ólafs verður kaþólska kirkjan á Íslandi að „þjóðkirkju“ sem hvílir á íslenskum landsréttindum.

Gunnar Karlsson hefur skrifað þær kennslubækur sem mest hafa verið lesnar síðustu áratugi. Fyrir grunnskóla samdi Gunnar bækurnar *Sjálfstæði Íslendinga 1, 2 og 3*, þar sem Íslandssagan er rakin með áherslu á stjórn málasögu fyrir börn. Bækurnar komu út 1985 og 1986 og fylgdu þeim sérstakar kennslutillögur. Í formála að *Sjálfstæði Íslendinga 2 – kennslutillögur* segir Gunnar:

Í barnasögu verður að einfalda margt. Skyld er að játa fyrir kennurum bókarinnar að sú stöðuga þróun í átt til þverrandi sjálfstæðis, sem er látin mynda þráð hennar, er hugsanlega meira formleg en raunveruleg.<sup>94</sup>

Gunnar lýsir síðan hvernig nýjar rannsóknir bendi til að Íslendingar hafi ráðið sér talsvert sjálfir en kemst að því að það borgi sig ekki að flækja þetta of mikið fyrir börnunum og segir:

Ég kaus að halda mig við hitt heygardshornið í þessari bók vegna þess að það felur að minnsta kosti í sér talsvert mikinn sannleika og auðveldara er að koma því til barna en hinu.<sup>95</sup>

Með þessari framsetningu hreinræktar Gunnar söguskilning Jónasar Jónssonar og Jóns J. Aðils, sem fylgt hefur kennslubókum í Íslandssögu fyrir grunnskóla og framhaldsskóla frá Jónasi til okkar daga, þó með þeim fyrirvara að þetta sé ekki allskostar rétt en feli í sér mikinn sannleika.

Í *Sjálfstæði Íslendinga 2* er kaflinn um siðaskiptin í samræmi við þetta sjónarmið. Umfjöllun Gunnars um Lúther og lestur hans á Biblíunni er jákvæð; hann hafi talið að um margt af því sem kaþólskir álitu góða og gegna kristna trú fyndist ekki stafkrókur um í Biblíunni. Allir ættu því að lesa Biblíuna en ekki trú á páfann í blindni.<sup>96</sup> Þegar kemur að umfjöllun um siðaskiptin á Íslandi er sama uppi á teningnum og hjá Jónasi Jónssyni. Trúarlegi þátturinn fellur í skuggann af ásælni konungsvaldsins í auð og völd á Íslandi og andstaða Jóns Arasonar fær jákvæðan blæ í tæknilegri lýsingu á atburðarás siðaskiptanna. Niðurstaðan er að með siðaskiptunum hafi átt sér stað stórfelld eignaupptaka og valdaröskun.<sup>97</sup> „Aldrei hafði einn aðili, ein *útlend* stofnun, haft eins

<sup>94</sup> Gunnar Karlsson, *Sjálfstæði Íslendinga 2 – kennslutillögur*, bls. 4-5.

<sup>95</sup> Gunnar Karlsson, *Sjálfstæði Íslendinga 2 – kennslutillögur*, bls. 5.

<sup>96</sup> Gunnar Karlsson, *Sjálfstæði Íslendinga 2 – kennslutillögur*, bls. 4.

<sup>97</sup> Gunnar Karlsson, *Sjálfstæði Íslendinga 2*, bls. 39-40.

mikil völd á Íslandi og konungur hafði eftir siðaskipti. Sjálfstæði Íslendinga varð því minna en áður.“<sup>98</sup>

Árið 1989 gaf Gunnar Karlsson út kennslubók í íslenskri miðaldasögu fyrir framhaldsskóla, *Samband við miðaldir*, þar sem siðaskiptin eru til umfjöllunar. Þar fær trúarþátturinn lítið rými. Lýsing á atburðarás siðaskiptanna er allsráðandi og snýst um átök Jóns Arasonar við konungsvaldið en hvergi í textanum er ályktað beint um hugsanlegan ásetning Jóns. Í verkefnaspurningu úr kaflanum virðist Gunnar þó halda sig við þá hugmynd að Jón Arason hafi í raun verið þjóðernissinni:

9.2-2 Fræðimenn eru sammála um að Jón biskup hafi fyrst og fremst verið að verja kaþólska trú með andspyrnu sinni gegn siðaskiptunum. Hins vegar hafa menn verið í nokkrum vafa um hvort hann hafði líka í huga að verja það sem eftir var af sjálfstæði Íslendinga gegn dönsku konungsvaldi. - Hvað má álykta um það af vísium Jóns í kaflanum? - Hvort virðast honum ofar í huga andstæðurnar *villutrúarmenn: rétttrúaðir kaþólikkar* eða andstæðurnar *Danir:Íslendingar*?<sup>99</sup>

Tvær af þeim þremur vísium sem í kaflanum eru vísa í Dani sem andstæðinga á meðan engin þeirra fjallar um trúmál. Því getur lesandinn ekki komist að annarri niðurstöðu en að athafnir Jóns Arasonar hafi verið í anda þjóðernisbaráttu fyrir hönd Íslendinga gegn Dönum.

Í síðustu kennslubókinni sem Gunnar ritstýrði og skrifaði að hluta, *Fornir tímar* og kom út árið 2003, er hann enn við „hitt heygarðshornið“, svo notað sé orðalag hans sjálfs. Þar skrifar hann meðal annars kaflann um siðaskiptin á Íslandi, fjallar opið um spurninguna hér að ofan og ræðir mögulegar túlkanir. Hann kemst að þeirri sömu niðurstöðu og hann leiddi nemendur að í verkefnaspurningunni í *Samband við miðaldir*, þ.e. að Jón Arason hafi verið að verja sjálfstæði Íslands gagnvart ásælni danska konungsvaldsins.<sup>100</sup>

## **Evrópusaga – mannkynssaga - siðaskipti**

Fæstir Íslandssöguhöfundar tjá sig sérstaklega um siðaskiptin í Evrópu nema að því leyti að minnst er á greifastríðin sem pólitíska atburðarás og aðdragandann að

<sup>98</sup> Gunnar Karlsson, *Sjálfstæði Íslendinga 2*, bls. 40.

<sup>99</sup> Gunnar Karlsson, *Samband við miðaldir*, bls. 242.

<sup>100</sup> Gunnar Karlsson, *Fornir tímar*, bls. 189-191. Auk Gunnars eru eftirfarandi höfundar að bókinni: Brynja Dís Valsdóttir, Eiríkur K. Björnsson, Ólafur Rastrick, Sesselja G. Magnúsdóttir, Sigríður Hjördís Jörundsdóttir og Sigurður Pétursson. Hér er eingöngu fjallað um siðaskiptin en þá kafla skrifa Gunnar og Sesselja. Þegar vísað er í bókina er vísað í nafn Gunnars Karlssonar.

siðaskiptum í Danaveldi. Gunnar Karlsson og Jónas Jónsson eru undantekning þar á. Þeir fjalla báðir sérstaklega um Lúther og siðaskiptin í Evrópu og á mjög jákvæðum nótum. Það er nokkurt stílbrot að Evrópusaga fái svo mikið rými miðað við aðra atburði og atburðarás Íslandssögunnar. Hjá þessum höfundum er mismunandi túlkunarrámi eftir því hvort fjallað er um siðaskiptin í Evrópu eða á Íslandi. Alla jafna hafa Íslandssagan og mannkynssagan verið aðskildar í námsefni og kennslu þannig að ekki hafa verið beinir árekstrar í umfjölluninni. Þær kennslubækur í mannkynssögu sem notaðar hafa verið í grunnskólum og framhaldsskólum hafa ýmist verið eftir íslenska höfunda eða þýddar úr Norðurlandamálum. Norðurlöndin eru öll lútersk sem kunnugt er og það endurspeglast í þessum bókum eins og sýnt verður fram á síðar í ritgerðinni.

Elsta kennslubókin í mannkynssögu sem hér er til athugunar er *Mannkynssaga handa framhaldsskólum, fyrra hefti* eftir Jón R. Hjálmarsson, fyrst gefin út 1961 og endurútgefin margsinis til og með 1975.<sup>101</sup> Tilvísunin í framhaldsskóla í titlinum á við gagnfræðaskóla en ekki framhaldsskóla í nútímaskilningi. Lykilstefin í umfjöllun um siðaskiptin hjá Jóni R. Hjálmarssyni eru nokkur. Í fyrsta lagi hnignun kaþólsku kirkjunnar á síðmiðöldum þar sem aflátssala Tetsels átti að sýna hve spillt kirkjan var. Í öðru lagi umfjöllun um Lúther en í stuttu æviágripi er honum lýst mjög jákvætt, þ.e. sem hálærðum guðfræðingi sem vildi leiðrétta ýmislegt innan kirkjunnar. Viðleitni hans er sögð hafa endað með klofningi kirkjunnar þótt það hafi ekki verið ætlun hans. Siðaskiptunum er því lýst á jákvæðan hátt. Í þriðja lagi að margir furstar hafi verið fúsari að taka hina nýju trú vegna þess að konungar áttu að verða æðstu yfirmenn kirkjunnar, klaustrin átti að leggja niður og eignir þeirra áttu að renna til ríkisins.<sup>102</sup>

*Samferða um söguna* er sænsk bók skrifuð fyrir grunnskólanemendur af Bengt Åke Häger, þýdd og staðfærð af Sigurði Hjartarsyni. Hún kom út á sænsku 1985 en á íslensku 1987. Þar eru siðaskiptin afgreidd í tveimur stuttum málsgreinum sem hefjast á þessa leið:

Hin útbreidda óánægja með páfakirkjuna varð að allsherjar báli þegar þýski munkurinn og háskólakennarinn hóf að gagnrýna kirkjuna árið 1517. Páfinn fordæmdi Lúther en almenningur og furstar í Norður-Þýskalandi og síðar Norðurlöndum fylgdu honum að málum.<sup>103</sup>

---

<sup>101</sup> Jón R. Hjálmarsson, *Mannkynssaga handa framhaldsskólum*.

<sup>102</sup> Jón R. Hjálmarsson, *Mannkynssaga*, bls. 82-85.

<sup>103</sup> Häger, Bengt Åke, *Samferða um söguna*, bls. 74.

Eftir það er stuttlega minnst á kalvínismann og ensku biskupakirkjuna án þess að fjalla um innihald eða leggja neitt sérstakt mat á hvað siðaskiptin gengu út á.<sup>104</sup> Í þessu ljósi verður lúterskan sjálfsögð og eðlileg á Norðurlöndum. Hvers vegna er þessi umfjöllun svona stutt og lítt afgerandi í þessari bók? Það má skýra með vaxandi áherslu á samstöðu í Evrópu og minnkandi áherslu á það sem sundrar Evrópulöndum eins og fjallað er um í hluta II hér að framan.

1991 kom út *Evrópusaga frá Þjóðflutningum til borgarsamfélags* eftir Guðmund J. Guðmundsson.<sup>105</sup> Á baksíðu bókarinnar segir að hún sé ætluð efstu bekkjum grunnskólans, þar segir jafnframt: „Hún er hugsuð sem nokkurs konar viðbót við kennslubókina *Samferða um söguna* sem kom út 1987 en þar er aðeins lauslega sagt frá tímabilinu sem um ræðir.“ Umfjöllun um siðaskiptin hefur sömu lykilþemu og áherslur og bók Jóns R. Hjálmarssonar. Hér er þó bætt við einu fyrirferðamiklu þema en það umfjöllun um bændauppreisnina í Suður-Þýskalandi og hvernig Lúther gerði bandalag við furstana gegn bændum. Þetta birtist sem ljóður á ráði Lúthers sem annars fær jákvæða umfjöllun.<sup>106</sup>

Guðmundur J. Guðmundsson fylgir hér leiðarstefi sem kom upp á yfirborðið í tengslum við róttækniþylgju á kringum 1970 og kennd er við 68-kynslóðina. Marxískur söguskilningur varð áberandi í allri umræðu um sögulega framvindu. Stéttaátök, kúgun öreigastétta, heimsvaldastefna og þjóðfrelsisbarátta nýlendna voru hugtök sem smugu inn í orðræðuna. Bændauppreisnirnar í Suður-Þýskalandi, sem þema í tengslum við siðaskiptin, höfðu áður birst í ítarlegri umfjöllun Helga Skúla Kjartanssonar í bókinni *Þættir úr sögu nýaldar* en það er kennslubók fyrir framhaldsskóla sem kom út 1976.<sup>107</sup> Helgi Skúli tilheyrir 68-kynslóð sagnfræðinga og kennslubókarhöfunda. Hann veitir stéttasjónarmiðum ásamt félags- og hagsöguviddum frekar inn í kennslubækur en áður hafði verið gert. Helgi Skúli rekur nokkuð nákvæmlega meinta spillingu kaþólsku kirkjunnar og notar í því samhengi aflátssöluna til hins ýtrasta.<sup>108</sup> Hann lýsir einnig hvernig Lúther fylgir gamalli hefð andstöðu og gagnrýni gegn spillingu og páfavaldinu innan kirkjunnar. Lúther er einnig settur í

---

<sup>104</sup> Häger, Bengt Åke, *Samferða um söguna*, bls. 74.

<sup>105</sup> Guðmundur J. Guðmundsson, *Evrópusaga frá Þjóðflutningum til borgarsamfélags*.

<sup>106</sup> Guðmundur J. Guðmundsson, *Evrópusaga*, bls. 63-65.

<sup>107</sup> Helgi Skúli Kjartansson, *Þættir úr sögu nýaldar*.

<sup>108</sup> Helgi Skúli Kjartansson, *Þættir úr sögu nýaldar*, bls. 17-21.

samhengi við húanismann og endurreisnarhreyfinguna sem tengir hann enn frekar við pólítískan og hugmyndasögulegan tíðaranda síns samtíma.

Það er athyglisvert að Helgi Skúli ber í bætifláka fyrir Lúther þegar hann gerir grein fyrir atburðarás bændauppreisnarinnar. Hann vísar í fyrri uppreisnir gegn páfavaldinu og í ófarir uppreisnarmanna og segir að afstaða Lúthers með furstum gegn bændum hafi ekki verið sársaukalaus þar sem hann var sjálfur af lágum stigum.<sup>109</sup> Þegar Helgi Skúli hefur rakið allar hliðar málsins verða siðaskiptin í Evrópu eðlileg móðernísk framvinda með jákvæðum formerkjum þó með þeim neikvæða bletti að Lúther tók þátt í að berja niður „réttmæta“ uppreisn kúgaðra bænda. Helgi Skúli heldur sig við sömu túlkun og fyrirrennarar hans þegar siðaskiptin nálgast Norðurlöndin og Ísland: Siðaskiptin koma utan frá og ofan. Niðurstaða hans er í stíl við íslensku hefðina um siðaskiptin og þverrandi sjálfstæði landsins gagnvart danska konungsveldinu. „Siðaskiptin marka þáttaskil í íslenskri sögu að því leyti að við þau komast ríkisvald og kirkjuvald á eina hendi og ítök konungs aukast stórlega, bæði efnahagslega og pólítískt.“<sup>110</sup>

Bók Helga Skúla Kjartanssonar *Þættir úr sögu nýaldar* var allsráðandi frá því hún kom út þangað til hún varð uppseld hjá forlaginu um 1985. Bókin var ekki endurskoðuð og endurútgefin. Þess í stað réðust þeir Helgi Skúli og Sigurður Ragnarsson í að þýða norska kennslubók eftir A. Sveen og S. A. Aastad *Mannkynssaga fram til 1850* sem hafði komið út á norsku 1983.<sup>111</sup> Sú bók kom út í íslenskri þýðingu árið 1987 og tók við af bók Helga Skúla sem aðalkennslubók fyrir framhaldsskóla um það tímabil sem fjallar um siðaskiptin. Stuttu áður hafði komið út í íslenskri þýðingu Sigurðar Ragnarssonar *Mannkynssaga eftir 1850* eftir sömu höfunda.<sup>112</sup>

Óhætt er að halda því fram að kaflinn um siðaskiptin í *Mannkynssögu fram til 1850* flytji sama boðskap og bók Helga Skúla Kjartanssonar, þótt ekki sé farið eins mildum höndum um aðkomu Lúthers að bændauppreisninni og hann gerir. Nokkrar breytingar verða með bók þeirra Sveens og Aastads. Í fyrsta lagi verður stéttasjónamiðið meira áberandi þar sem borgarastéttin fær meira hlutverk í framvindu siðaskiptanna og sérstaklega útbreiðslu kalvínismans. Stéttasjónarmiðið verður t.d. eitt meginstefið í umfjölluninni um baráttu alþýðunnar gegn ráðandi stéttum. Gefið er í skyn að í upphafi

<sup>109</sup> Helgi Skúli Kjartansson, *Þættir úr sögu nýaldar*, bls. 26.

<sup>110</sup> Helgi Skúli Kjartansson, *Þættir úr sögu nýaldar*, bls. 27.

<sup>111</sup> Sveen, Asle og Svein A. Aastad, *Mannkynssaga fram til 1850*.

<sup>112</sup> Sveen og Aastad, *Mannkynssaga eftir 1850*.



hafi kenningar Lúthers verið hliðhollar alþýðunni og jafnvel stuðlað að umbótakröfum bænda og handverksmanna en að Lúther hafi svikið þá til að bjarga eigin skinni.<sup>113</sup>

Í öðru lagi birtist kynjavídd í fyrsta skipti í bók þeirra Sveens og Aastads og verður til viðbótar við stéttavíddina annað meginstef bókarinnar. Í lok hvers efnispáttar er fjallað um stöðu kvenna í því samhengi sem um ræðir. Á sama hátt og fjallað er um aðkomu alþýðunnar að siðaskiptunum er lýst hvernig siðaskiptin hafi horft við konum. Þær hafi verið áberandi í upphafi siðaskiptahreyfinganna og fengið aukið olnbogaráymi, en guðfræðin og íhaldssemi Lúthers og Kalvíns hafi síðan slegið á þá þróun.<sup>114</sup> Þessi bók kemur út þegar kvannahreyfingunni er að vaxa fiskur um hrygg og ætla má að höfundar vilji koma að gildum kynjajafnréttis og kvenfrelsis.

Enn önnur bók var notuð við kennslu á þessu tímabili en hún var þýdd úr dönsku og kom út 1994, *Nýöld - Upphaf nútíma*, eftir þá John T. Lauridsen, Nils Arne Sörensen og Thorsten Borre Olsen. Þessi bók hefur mjög svipaðar áherslur og sú norska. Alþýðan fær sinn skerf, stéttavíddin er á sínum stað og félagssagan fær aukið rými. Hins vegar er kynjavíddin ekki með hjá Dönunum.<sup>115</sup>

Önnur íslensk kennslubók um þetta tímabil sögunnar kom út 1995, samin af þeim Guðmundi J. Guðmundssyni og Ragnari Sigurðssyni, *Þættir úr sögu vestrænnar menningar. Nýöldin 1492-1848*.<sup>116</sup> Þeir halda til haga öllum þemunum frá Helga Skúla og þeim Sveen og Aastad, þar með talið kynjavíddinni þótt í minna mæli sé.

Þær mannkynssögubækur sem fjallað hefur verið um hér að framan eiga sameiginlegt að siðaskiptin í Evrópu eru jákvæð þróun og merki um framfarir. Hér á eftir verður fjallað um kennslubækur þar sem mannkynssagan og Íslandssagan eru samþættar.

### **Sjálfstæðiskennimiðið í kreppu? Samþætt mannkyns- og Íslandssaga**

Námskráin sem tók gildi á Íslandi árið 1999 byggir á að samþætta mannkynssögu og Íslandssögu. Í kjölfarið komu út nýjar kennslubækur fyrir framhaldsskóla í þeim anda. Nýja bókafélagið (NB) reið á vaðið, setti saman hóp kennara og sagnfræðinga sem skiptu með sér efnispáttum og skrifuðu kennslubækur sem komu út árið 2000 og

---

<sup>113</sup> Sveen og Aastad, *Mannkynssaga fram til 1850*, bls. 138.

<sup>114</sup> Sveen og Aastad, *Mannkynssaga fram til 1850*, bls. 140.

<sup>115</sup> Lauridsen, John T., Nils Arne Sörensen og Thorsten Borre Olsen, *Nýöld - Upphaf nútíma*, bls. 81-84.

<sup>116</sup> Guðmundur J. Guðmundsson og Ragnar Sigurðsson, *Þættir úr sögu vestrænnar menningar: Nýöldin 1492-1848*.

2001.<sup>117</sup> Þessar bækur eru fyrsta tilraun í að samþætta Íslands- og mannkynssögu og tekst það oft með ágætum. Kaflinn um siðaskiptin sem Margrét Gunnarsdóttir skrifar í *NB I* er mjög stuttur og efnislítill, þó sérstaklega kaflinn um siðaskiptin á Íslandi. Siðaskiptin og Lúther eru hér sett í samhengi við húanismann og endurreisnarhreyfinguna eins og hjá Helga Skúla Kjartanssyni og í þeim bókum, bæði þýddum og frumsömdum, sem komu í kjölfar hennar.

Í meðförum Margrétar verða siðaskiptin í Evrópu eðlileg módernísk söguleg framvinda með jákvæðum formerkjum. Spilling, veraldarvafstur og aflátssalan eru á sínum stað og dregin er upp mynd af kaþólsku kirkjunni sem afvegaleiddri stofnun.<sup>118</sup> Eignaupptaka fursta á kirkjum og klaustrum í þeim ríkjum sem lúterskan komst á er tíunduð og í lokin eru tölulegar upplýsingar um hve miklar jarðeignir fóru undir konung á Íslandi. Einnig er getið um hvernig „konungur tók til sín hestburði af verðmætum kirkjumunum, gulli og silfri frá íslenskum kirkjum og klaustrum.“<sup>119</sup> Hér er haldið til haga valdabaráttu ríkis og kirkju en trúarhlutinn verður í bakgrunni. Stéttasjónarmiðið er horfið, til dæmis er ekki minnst á uppreisn bænda í Suður-Þýskalandi. Kynjavíddin er einnig horfin en nokkur áhrif frá menningarsögu síðari tíma hafa ratað í kaflann.

Í kaflanum *Siðaskiptin á Íslandi* sem spannar ríflega hálfblaðsíðu er atburðarás siðaskiptanna á Íslandi ekki rakin, það er stílbrot við hefðina sem skapast hefur. Aðeins er tæpt á örfáum atriðum í nokkrum línunum sem má draga saman í eftirfarandi: Kenningar Lúthers bárust fljótt til Íslands, fyrsti íslenski biskupinn, Gissur Einarsson, er nefndur á nafn og sagt að siðaskiptin hafi ekki gengið átakalaust fyrir sig. Sagt er að Jón Arason og synir hans hafi spyrt af alefli gegn hinum nýja sið og dagsetning aftöku hans tilgreind. Þá tekur við umræða um Jón biskup Arason og stöðu hans í þjóðarsál Íslendinga:

Jón Arason hefur orðið vinsæll í minningu þjóðarinnar. Vinsældirnar má rekja til þess að Jón er talinn hafa barist gegn ásælni konungsvalds á Íslandi og dauðdagi hans var átakanlegur. Enn er að nefna að afkomendur Jóns hafa haldið nafni hans á lofti en haft er fyrir satt að allir Íslendingar séu komnir af Jóni og Helgu Sigurðardóttur, konu hans, sem ól honum sex börn.<sup>120</sup>

<sup>117</sup> Árni Hermansson, Jón Ingvar Kjarran, Lýður Björnsson og Margrét Gunnarsdóttir, *Íslands- og mannkynssaga NB*, Margrét Gunnarsdóttir er höfundur þess efnis sem hér er til skoðunar.

<sup>118</sup> Margrét Gunnarsdóttir, „III. hluti. Nýöld“, *Íslands- og mannkynssaga NBI*, bls. 173-174.

<sup>119</sup> Margrét Gunnarsdóttir, „III. hluti. Nýöld“, *Íslands- og mannkynssaga NBI*, bls. 176.

<sup>120</sup> Margrét Gunnarsdóttir, „III. hluti. Nýöld“, *Íslands- og mannkynssaga NBI*, bls. 179-180.

Í þessari tilvitnun er ekki tekin bein afstaða til þess hvort Jón hafi barist gegn ásælni konungsvaldsins heldur einungis sagt „hann er talinn hafa ...“. Hugsanlega telur höfundur sig skyldugan til að bregðast við umræðu um „þjóðhetjuna“ Jón Arason en skilur lesandann eftir í vafa því ekki er unnið úr þessari yrðingu. Þótt umfjöllun *NB I* um siðaskiptin sé efnislítill og að því er virðist stefnulítill, þá tekur höfundurinn sér stöðu innan íslenskrar kennslubókahefðar með jávæðum boðskap um siðaskiptin í Evrópu. Í umfjölluninni um Ísland er áhersla á persónuna Jón Arason enda þótt markmiðið með umfjölluninni sé óljóst. Kannski er það lýsandi fyrir þau vandræði sem blasa við með vaxandi gagnrýni á hina hefðbundnu þjóðernissinnuðu söguskoðun.

Í mannkynssögu *NBI* minnkar umfjöllunin um siðaskiptin frá fyrri bókum. Hér er ekki boðið upp á haldbæra skýringu hvers vegna Evrópuhluti umfjöllunarinnar skreppur svona saman. En það liggur beinast við að skýra samdráttinn í Íslandssögunni með því að sú hefðbundna gildamiðlun sem hefur haldið siðaskiptunum sem einum af lykilatburðum Íslandssögunnar er að missa marks. Sjálfstæðisbaráttan hættir að vera merkingarbær hluti atburðarásarinnar og ekkert hefur komið í staðinn. Trúarlegi þátturinn hefur alla tíð verið í bakgrunni og virðist ekki geta tekið yfir sem burðarás framvindunnar til að gæða hana lífi og merkingu. Jón Arason búinn að missa hlutverkið sem baráttumaður fyrir sjálfstæði Íslands, hann er ekki lengur þjóðhetja.

Næsta kennslubók, *Fornir tímar*, sem einnig er byggð á námskránni frá 1999, kom út 2003.<sup>121</sup> Gunnar Karlsson ritstýrði henni og skrifaði Íslandssöguhlutann. Þessi bók er ekki beinlínis samþætt heldur er öll Íslandsagan í sérstökum köflum sem stungið er inn í mannkynsöguna eftir tímabilum. Það sem vekur athygli hér í fyrstu er að kaflarnir um siðaskiptin í Evrópu og Íslandi eru hvor eftir sinn höfundinn. Gunnar Karlsson er höfundur Íslandshlutans en Sesselja G. Magnúsdóttir er höfundur Evrópuhlutans. Þessi kafli í Evrópuhlutanum er nýstárlegur. Sesselja tekur mið af síðari tíma rannsóknum í menningarsögu og lýsir fjölbreytileika þeirrar menningarflóru sem einkenndi andstöðuna við kaþólsku kirkjuna og kom fram í fjölda trúarhreyfinga. Hún lýsir hvernig þessi andstaða fann sér farveg í hinum nýju mótmælendakirkjum.<sup>122</sup> Lúther fær mjög jákvæða umfjöllun, lykiltæma er gagnrýni hans á aflátssölu kirkjunnar og hvernig bændauppreisnin í Suður-Þýskalandi tengdist kenningum Lúthers. Einnig kemur fram að Lúther hafi þurft að velja milli bændanna annars vegar og furstanna og aðalsins hins

<sup>121</sup> Gunnar Karlsson, *Fornir tímar*.

<sup>122</sup> Gunnar Karlsson, *Fornir tímar*, bls. 179-181.

vegar. Sesselja lýsir ennfremur upphafinu að þjóðkirkjum í Norður-Þýskalandi og Norðurlöndum.<sup>123</sup> Hér birtist það sem áður hefur verið kallað „eðlileg módernísk framvinda sögunnar“. Þetta kemur til dæmis fram í klausu þar sem talað er um að mótmælendahreyfingar hafi ýtt undir fjölhyggju og lýðræðistilhneigingar. Þetta er nýjung í þessum kennslubókum og virðist styrkja enn frekar áðurnefndar hugmyndir um móderníska framvindu:

Lengi hefur sú skoðun ríkt að mótmælendatrúin hafi fengið svona góðan hljómgrunn vegna þess að kaþólska kirkjan hafi verið orðin spillt. Á seinni árum hefur verið fallið frá þeim skýringum. Einn þáttur sem vert er að athuga að með því að taka mótmælattrú færast valdið frá páfanum í Róm heim í heimalönd fólksins. Fyrir almenning kvað við nýjan tón, því hann var vanur að prestar og predikarar töluðu niður til safnaðarins úr hæstu hæðum, stundum á latínu. Nú nálgudust þeir almenning á nýjan hátt, sögðu frá ósætti sínu í trúarmálefnum og nýjum skoðunum og hvöttu til umræðu meðal safnaðarfólks. Almennigur var ekki lengur hlutlaus móttakandi.<sup>124</sup>

Í kafla sínum um siðaskiptin á Íslandi í kennslubókinni *Fornir tímar*, greinir Gunnar Karlsson ítarlega frá atburðarás átakanna á Íslandi á sex blaðsíðum án þess að trúmálin komi mikið við sögu. Niðurstaða Gunnars er í lokasetningum kaflans: „Siðaskiptin höfðu loks sigrað á Íslandi, sem pólitísk bylting. Sem hugarfarsbreyting áttu þau enn langa og torsótta leið eftir.“<sup>125</sup> Gunnar fjallar opið um þátt Jóns Arasonar og ræðir mögulegar túlkanir. Hann kemst að sömu niðurstöðu og hann leiddi nemendur að í verkefnaspurningunni í *Samband við miðaldir*, þ.e. að Jón Arason hafi verið að verja sjálfstæði Íslands gegn ásælni danska konungsvaldsins jafnframt því að vera að verja kaþólskuna. Ályktun Gunnars er að tíminn frá 1540 til 1555 sem skilgreindur er sem tími siðaskiptanna hafi nánast eingöngu snúist um ásælni konungsvaldsins og sjálfstæðisbaráttu Jóns Arasonar gegn konungi og konungsmönnum. Hin trúarlega hugarfarsbreyting var eftir og átti „enn langa og torsótta leið eftir“ eins og áður er getið.

Einn þáttur sem áhugavert er að skoða er hversu mikið vægi siðaskiptin fá í hinum ýmsu kennslubókum miðað við heildartexta bókanna. Í dönsku bók þeirra Lauridsens, Sörensens og Olsens fá siðaskiptin áberandi lítið rými eða einungis tvær og hálf blaðsíða af 226. Þetta er talsvert minna en í öðrum bókum sem hér hefur verið fjallað um. Siðaskipti fá sex af 243 blaðsíðum hjá Sveen og Aastad, 14 af 315 hjá Helga Skúla

<sup>123</sup> Gunnar Karlsson, *Fornir tímar*, bls. 182-183.

<sup>124</sup> Gunnar Karlsson, *Fornir tímar*, bls. 184.

<sup>125</sup> Gunnar Karlsson, *Fornir tímar*, bls. 185-191.

Kjartanssyni og loks 10 af 141 hjá Guðmundi J. Guðmundssyni og Ragnari Sigurðssyni. Íslensku höfundarnir eru með lengstu og viðamestu umfjöllunina um siðaskiptin en Danirnir þó langminnstu. Á þingi norrænna sögukennara sem haldið var í Gautaborg árið 1991 kom fram í umræðum að við samningu kennslubóka um sögu Evrópu væri það yfirlýst stefna innan ESB að draga ætti úr vægi þeirra atburða sem sundruðu Evrópu á kostnað hinna sem væru hlutlausir eða stuðluðu að einingu. Hugsanlega getur þetta verið skýring á ólíku vægi þessarar umfjöllunar í kennslubókum í mismunandi löndum.<sup>126</sup>

Þó að sagnfræði, kennslubækur í sögu og sögukennsla hafi á síðari tímum orðið blæbrigðaríkari með aukinni áherslu á menningarsögu, félagssögu, hugmyndasögu og hagsögu í stað einhliða stjórnmálasögu virðist viðmiðið þó enn vera sjálfstæðiskennimiðið. Hugtök eins og jöfnuður, kynjajafnrétti og mannréttindi eru orðin hluti af umfjölluninni í samræmi við tíðarandann hverju sinni. Á síðari árum hefur þó aukist gagnrýni á sjálfstæðiskennimiðið meðal sagnfræðinga. Í því samhengi er vert að skoða bók Gunnars Karlssonar frá 1986, *Sjálfstæði Íslendinga*. Titillinn á verkinu er táknrænn og því er áhugavert að í inngangi hennar áréttar Gunnar að sjálfstæðiskennimiðið, „hins stöðuga þróun í átt til þverrandi sjálfstæðis“, sé einföldun og kannski meira formleg en raunveruleg.<sup>127</sup> Á þessu sést að Gunnar er meðvitaður um þá gagnrýni sem sjálfstæðiskennimiðið hefur fengið þótt hann treysti sér ekki til að kynna heildstæða mynd af Íslandssögunni án þess. Það er vitaskuld ekkert áhlaupaverk að stokka upp sögu heils lands, afbyggja þjóðernistúlkun og ríkjandi söguskilning og skapa nýtt kennimið. Hitt er ljóst að sjálfstæðiskennimiðið er í kreppu.

Helgi Þorláksson fjallar um Jón Arason og hans hlutverk í framgangi siðaskiptanna í VI. bindi *Sögu Íslands* sem kom út 2003.<sup>128</sup> Þar gagnrýnir hann að sjálfstæðisviðmiðið. Hann skrifar um Jón Arason og siðaskiptin og kemst að þeirri niðurstöðu að mönnum hafi hætt til að gera of mikið úr pólitískri framgöngu Jóns og ættjarðarást en minna úr trú hans: „Svo sem Jón Arason vildi berjast fyrir góðum, gömlum réttindum og siðvenjum á veraldlega sviðinu, vildi hann og berjast fyrir hinni góðu, gömlu trú, kaþólskunni.“<sup>129</sup> Helgi telur að framganga Jóns hafi litast af því að íslenskir höfðingjar hafi haft ástæðu til að líta á siðaskiptin sem ógn við stöðu sína. Hann segir að íslensk

<sup>126</sup> Minnispunktar ritgerðarhöfundur frá þingi norrænna sögukennara í Gautaborg september 1991.

<sup>127</sup> Gunnar Karlsson, *Sjálfstæði Íslendinga*, 2 kennslutillögur, bls. 4-5.

<sup>128</sup> Helgi Þorláksson, „Frá Kirkjuvaldi til ríkisvalds“.

<sup>129</sup> Helgi Þorláksson, „Frá Kirkjuvaldi til ríkisvalds“, bls. 76.

yfirstétt hafi getað greint Íslendinga frá Englendingum og Þjóðverjum en ekki dottið í hug að öll íslenska þjóðin ætti sameiginlega hagsmuni til að berjast fyrir. Úr texta Helga má lesa að Jón Arason hafi barist fyrir þeim landsréttindum sem þjónuðu hagsmunum íslenskrar yfirstéttar, embættismanna og landeigenda en ekki þjóðarinnar í heild. Þeir voru m.ö.o. að verja hagsmuni sína gegn ásælni konungsvaldsins og þýskrar yfirstéttar sem var að seilast til valda á Íslandi í gegnum danska konungsvaldið. Enn heldur Jón Arason nokkrum hetjuljóma og enn eimir eftir af baráttumanni fyrir íslenskum landsréttindum en það eru ekki réttindi allrar þjóðarinnar. Það má lesa úr texta Helga Þorlákssonar að ástæðan fyrir því að þjóðernishyggjan tengist Jóni Arasyni sé að á 16. öld hafi verið til eitthvað sem líktist þjóðernishyggju en var það ekki í raun:

Einstaklingar gátu verið gagnteknir af þjóðrækni og jafnvel þjóðrembu, t.d. talið lög sín, tungu og menningu skara fram úr eða hafa sérstakt gildi, en þeir hafa ekki náð svo langt á þessum tíma að gera þetta að forsendum fyrir kröfum um sérstök landsréttindi í nútímaskilningi, hvað þá fyrir þjóðfrelsi.

130

Í aðalatriðum viku Helgi þó ekki frá hefðbundinni túlkun frekar en Gunnar Karlsson, vegna þess að ekki er boðið upp á neinn nýjan túlkunarramma fyrir viðfangsefnið.

### **Siðaskiptin í kennslu: hvernig fara kennarar að?**

Þessi hluti byggist einnig á áður nefndum samtölum við starfandi kennara. Þeim til viðbótar voru þrjár vettvangsathuganir framkvæmdar þar sem ég fylgdist með kennslustundum í sögu. Þrír kennarar voru heimsóttir. Hér eru samtölin við kennarana og vettvangsheimsóknirnar notuð til að varpa ljósi á hvernig þeir takast á við siðaskiptin sem viðfangsefni í kennslunni. Dregin eru saman meginþemu samtalanna og tilvitnanir notaðar til að varpa frekara ljósi á þemun. Í samtölunum voru kennararnir spurðir hvernig þeir hugsuðu um og unnu með námsefnið um siðaskiptin. Þeir voru enn fremur spurðir hvaða gildum þeir álíti að þeir miðli í þeirri umfjöllun. Í viðtölunum var byggt á eftirfarandi spurningum um siðaskiptin:

- Hverju telur þú þig miðla þegar þú ert að kenna um siðaskiptin á Íslandi?
- Hvaða hlutverk fær Jón Arason í umfjöllun þinni?
- Miðlar þú einhverjum gildum til nemenda þegar þú fjallar um siðaskiptin? Ef svo er, hver eru þau?

---

<sup>130</sup> Helgi Þorláksson, „Frá Kirkjuvaldi til ríkisvalds“, bls. 76.

- Ert þú sátt/ur við umfjöllun kennslubókarinnar sem þú notar um siðaskiptin?
- Notar þú aukaefni svo sem kvikmyndir, greinar o.þ.h.?

Viðtölin varpa ljósi á að kennarar nota siðaskiptin til að miðla mörgu. Í fyrsta lagi eru yfirlit og orsakasamhengi siðaskiptanna alltaf sterklega í forgrunni og í því sambandi nota kennararnir hugtök eins og „sögulegt yfirlit“, „sögulegt samhengi“, „orsakasamhengi“ og „að nemendur nái tökum á atburðarásinni“.

Í öðru lagi er mikil áhersla lögð á að Ísland sé hluti af stærra samhengi, hluti af Evrópusögunni. Kennararnir nota orðalag eins og „litla fjarlæga Ísland er hluti af stærri heild“ og „áhersla á hina almennu þróun, Ísland er af hluti stærra samhengi“.

Í þriðja lagi virðast kennararnir leitast við að skapa umræðu um mismunandi túlkanir og hvetja nemendur til að vera sjálfstæðir í hugsun með orðalagi eins og: „reyna að fá nemendur til að meta þetta sjálfstætt út frá sínum eigin reynsluheimi“, „kynna mismunandi túlkanir, ekki heilabvo“, „mikilvægt að þau færi rök fyrir sínum skilningi og afstöðu til efnisins sem um ræðir, sjálfstæð hugsun“.

Í fjórða lagi kom í ljós að umburðarlyndi virtist mikilvægt þegar kennarar voru spurðir um hvaða gildum þeir væru að miðla í kennslu um siðaskiptin. Nánast öll nefndu orðið „umburðarlyndi“:

Fyrst og fremst umburðarlyndi og það með því að sýna hvað lítið umburðarlyndi var í þessum samfélögum og hvaða áhrif það hafði á líf fólks. [...] Einnig þegar verið er að tengja atburðina við stærra samhengi er líka verið að miðla alþjóðahyggju og því er miðlað að við erum hluti af stærra samhengi og hvort sem við ætlum okkur að vera einangruð eða ekki ... Það er kannski sjálfstæð hugsun, láta ekki telja sér trú um allskonar kreddur [...] Mér finnst ekki ástæða til að gera lítið úr þessu. Það er mjög margt gott sem kirkjan gerir, mér finnst kirkjan ekki njóta sannmælis [...] Mér finnst mikilvægt að nemendur sjái málin frá fleiri en einni hlið, sýni sjálfstæða hugsun, ekki láta skólabækurnar eða einhverja fræðimenn heilabvo sig að svona á að hugsa um þetta, heldur sjá þetta frá fleiri en einni hlið, ég reyni það.<sup>131</sup>

Aðspurðir um Jón Arason sögðust allir kennararnir taka til umfjöllunar mismunandi túlkunarmöguleika, þ.e. hvort Jón Arason hafi verið sjálfstæðishetja eða ekki og hvað honum í raun gekk til með andófi sínu eða uppreisn. Sjónarhorn kennaranna voru margvísleg. Dæmi voru um kennara sem gengu hart fram í að afgreiða þjóðernistúlkunina sem mjög vafasama eða ranga. Aðrir virtust draga hana nokkuð í efa,

<sup>131</sup> Samtöl við kennara.

enn aðrir skilja spurninguna eftir opna fyrir nemendur sjálfa til að taka afstöðu. Loks voru þeir sem töldu að nemendur færu út með þá hugmynd að Jón hafi verið sjálfstæðishetja og píslarvottur.

Þjóðernissinnuð túlkun er viðfangsefni, ég tengi við sögu ríkisvaldsins, ég vísa í 1262 sem yfirdramatiseruð tímamót í anda þjóðernissinnaðrar túlkunar [...] ég passa upp á að það komi fram gagnrýni á öll þessi sjónarmið og í mínum tímum stýri ég umræðunni kannski frekar í þá átt að draga úr þjóðernissinnuðu túlkuninni [...] Hann [Jón Arason] er ekki settur í einhvern skúrka- eða hetjuljóma, krakkarnir ræða þetta út frá þeim flötum sem gefnir eru í bókinni og þau átta sig á því allflest að hugtakið sjálfstæði er ekki ofarlega á dagskrá á þessum tíma, ég ýti ekki undir það heldur skil ég það eftir handa þeim að draga ályktanir um það [...] Ég tek afstöðu sem ég reyni ekki að leyna fyrir nemendum, þ.e. ég er ekki trúaður á þjóðernissinnann Jón Arason, og þegar allir þessir þættir hafa verið ræddir kem ég með þá afstöðu mína inn í umræðuna. [...] Börnin sitja ekki uppi með þessa hugmynd að Jón hafi verið sjálfstæðishetja, að ég held. [...] Ég held að krakkarnir fari með þá hugmynd út frá mér að hann hafi verið píslarvottur og þjóðhetja, hafi verið að verja sjálfstæði Íslands eins og sú mynd sem bókin hefur.<sup>132</sup>

Þessi orð kennaranna eru kannski lýsandi fyrir hvernig sjálfstæðiskennimiðið er enn nokkuð ráðandi sem túlkunarrámi í kennslustofunni þó að örli á gagnrýnni afstöðu meðal flestra kennara.

Þegar kemur að því hvort gagnrýnin á sjálfstæðiskennimiðið skili sér inn í kennslustofurnar verður einnig að skoða hvað fer fram í kennslustundum. Þrír kennarar voru heimsóttir, eins og áður kom fram. Athugunin tók tvær til þrjár kennslustundir hjá hverjum kennara. Tilgangurinn var að athuga hvernig viðkomandi kennari ynni úr atburðum siðaskiptanna, hvernig umfjöllun birtist með tilliti til þeirra þátta sem greindir hafa verið í þeim kennslubókum sem að framan greinir, hvaða gildum er haldið á lofti í umfjölluninni. Allir kennararnir, sem voru til skoðunar, notuðu kennslubókina *Fornir tímar*.

Það var sameiginleg skoðun allra þriggja kennaranna að siðaskiptin í Evrópu yrðu sjálfsagður hluti af móðernískri sögulegri framvindu og lúterskan birtist sem réttmætur sigurvegari í þessu þróunarferli, þótt ekki sé það sagt berum orðum eða því haldið sérstaklega fram. Hvergi kemur t.d. fram hversu lítill hluti kristinna manna er lútherstrúar. Vandlega var farið í hugmyndasögulegan uppruna siðaskiptanna svo sem eldri trúarhreyfingar sem voru í andstöðu við páfakirkjuna og endurreisnina. Lúther fær

---

<sup>132</sup> Samtöl við kennara.



mikið pláss og öll sýndu þau sömu kvikmyndina um hann og hún var skoðuð með gagnrýnum verkefnum og umræðum. Konungs- og furstavaldið fær hefðbundna umfjöllun í samhenginu ásamt bændauppreisninni og togstreita Lúthers í samhenginu og bág kjör alþýðunnar undirstrikuð. Sala aflátsbréfanna var á sínum stað sem þakklátt umfjöllunarefni, hneykslunin var eldsmatur í að koma hita í umfjöllunina. Skemmtileg guðfræðileg umræða um fyrirgefningu syndanna spratt upp úr umfjölluninni um aflátssöluna og úr varð dálítill siðfræðiúttekt. Konurnar í hópnum tóku nokkuð á hlutskipti kvenna með jafnrétti eða kvenfrelsi sem undirliggjandi þema. Þær eyddu talsverðum tíma í að ræða hlutverk trúarbragða í tilvistarspurningum sem einstaklingar og menningarheimar væru að kljást við og tengdu við nútímann og hvort nemendurnir væru trúaðir eða ekki.

Umburðarlyndi blandaðist í umræður um trúarbrögðin. Það birtist í umræðum um kalvínismann, biskupakirkjuna ensku og gagnsiðbót kaþólsku kirkjunnar þó með þeirri undantekningu að Kalvínistar fengu dálitlar glósur. Vitnað var í kennslubókina þar sem segir: „Náið var fylgst með fjölskyldulífi safnaðarmanna og gátu börn sagt til foreldra sinna ef eitthvað var öðruvísi en ætlast var til á heimilinu.“<sup>133</sup> Einn kennarinn nefndi spaugilegt atvik sem skilja mátti sem fordóma í garð kalvínista. Hann sýndi tvö endurreisnarmálverk, annað af Hollendingi og hitt af Feneyingi. Viðfangsefnið var að draga upp dæmigerðar myndir af púrítana og kaþólikka með leiðandi spurningum. Púrítaninn er í svörtum, látlausum klæðnaði og heldur um pyngjuna. Kaþólikkinn er skrautlega klæddur, með gyllingar og skrautfjaðrir. Spurningin var: „Hvernig heldur þú að það hafi verið að fara í party hjá þessum mönnum?“ Niðurstaðan var að hjá Hollendingnum/ púrítananum fengir þú eina kótelettu og kartöflu og vatn með, samræðurnar hefðu verið um hvernig hagkvæmast væri að kaupa inn og spara en hjá kaþólikkanum/Feneyingnum hefðu borðin svignað undan kræsingum og góðum vínum og talað hefði verið um listir og mat.

Umfjöllun um siðaskiptin á Íslandi eru algjörlega innan hefðarinnar hjá öllum þremur kennurunum, þ.e. trúarþátturinn er í bakgrunni og baráttan við konungsvaldið í forgrunni með áherslu á atburðarásina. Hjá tveimur varð ekki til nein spennusaga úr atburðarásinni og lítill áhugi á að nýta tilefnið þannig, efniviðurinn var nýttur í verkefni þar sem nemendur voru þjálfaðir í að raða saman atburðarásinni úr textabútum á lausum

---

<sup>133</sup> Gunnar Karlsson, *Fornir tímar*, bls. 183.

blöðum, með bókina sem hjálpargagn. Þær minntust hvergi á sjálfstæðisbaráttu Jóns Arasonar en gagnrýndu heldur ekki bókina né töluðu sérstaklega um þá túlkunarmöguleika sem Gunnar Karlsson kynnrir í bókinni. Einn lýsti þessu eins og orrustu eða stríði með því að rissa upp kort af landinu, lykilstaðir eins og Skálholt, Hólar, Bessastaðir og Dalirnir voru merktir inn á kortið. Hann talaði um „strategísk“ mistök Jóns og sona hans þegar þeir fóru vestur í Dali á „kontrafaktískum“ nótum. Í lokin tók þessi kennari upp spurningar og vangaveltur Gunnars Karlssonar um hvort Jón hafi verið í sjálfstæðisbaráttu fyrir Íslands hönd. Þá urðu almennar umræður sem kennari stýrði skipulega. Niðurstaðan var að það hafi verið tilhneiging fram að þessu að sjá alla Íslandssöguna í gegnum gleraugu sjálfstæðisbaráttunnar. En einnig kom fram að óhugsandi væri að Jón Arason hefði verið í sjálfstæðisbaráttu vegna þess að slíkar hugmyndir hafi ekki orðið til fyrr en á 19. öld. Kennarinn undirstrikaði þessa forsendu sem er í andstöðu við kennslubókina. Þetta virðist vera bein gagnrýni á sjálfstæðiskennimiðið og það er augljóst að það fjarar undan því í túlkun þessa kennara á siðaskiptunum en hversu víðtæk gagnrýnin er þegar aðrir atburðir eru undir veit ég ekki um.

Glögg kom fram að sjálfstæðiskennimiðið er viðfangsefni flestra kennaranna bæði í samtölunum og í vettvangsheimsóknunum. Bækurnar ásamt hefðinni virðast setja rammann fyrir umfjöllunina. Þótt fæstir setji beinlínis spurningarmerki við sjálfstæðiskennimiðið í heild spyrja nokkrir gagnrýnna spurninga svo sem hvort Jón Arason hafi verið þjóðernissinni eða ekki. Gagnrýnin á sjálfstæðiskennimiðið endurspeglar þannig í samtölunum við kennarana og virðist einnig skila sér í kennslustofuna af vettvangsheimsóknunum að dæma.

Sjálfstæðisbaráttan er aðal þemað hjá öllum fyrrgreindum kennslubókarhöfundum sem hafa siðaskiptin sem viðfang í Íslandssögunni og lítil áhersla er á trúarlegt gildi. Sjálfstæðishugtakið fær vaxandi rými eftir því sem nær dregur nútímanum og kemur meira upp á yfirborðið. Í Evrópusögunni er lykilmæð hjá öllum höfundum að siðaskiptin eru sjálfsagður þáttur í móðernískri framvindu sögunnar. Það sem birtist sem breytilegt eftir tíðarandanum er hvernig stéttavíddin og félagssagan bætist við á 7. og 8. áratugnum sem afurð róttæknibylgjunnar í kjölfar 68-umbrotanna. Samúðin með „réttmætri“ baráttu alþýðunnar gegn kúgun og fyrir auknum réttindum fær talsvert vægi í umfjölluninni. Áhrif kvennahreyfinganna á 8. og 9. áratugunum rata einnig inn í

umfjöllunina um siðaskiptin með nokkurri úttekt á stöðu og hlutverki kvenna í samhenginu. Í einni nýrri íslenskri kennslubók, þ.e. *Mannkynssögu NBI*, er minni umfjöllunin um siðaskiptin en í fyrri bókum. Það gæti verið til marks um þá kreppu sem sjálfstæðiskennimið er nú í. Í nýjustu kennslubókinni, *Fornum tímum*, er umfjöllunin um siðaskiptin enn aðgreind í evrópskan og íslenskan hluta. Þar er sjálfstæðiskennimiðið ennþá til grundvallar jafnvel þótt höfundurinn opni fyrir fleiri túlkanir.

Í samtölum við kennara og vettvangsheimsóknnum kom fram að það er einhver deigla í sögukennslu eins og í sagnfræðinni, kennslubækurnar gefa rammann en orðræðan um gagnrýni á sjálfstæðisviðmiðið læðist að í kennslunni þegar tilefni gefst.

## V. Lokaorð

Hér hefur verið reynt að sýna fram á hvernig gildi eru samofin kennslu og rannsóknum í sagnfræði þó án þess að það rýri endilega vísindalegt gildi greinarinnar. Viðfangsefni sagnfræðinnar er merkingarheimur mannkynsins og í raun tilvistarleg glíma við spurninguna: Hver er ég, hver erum við, hverjir eru hinir, hvaðan komum við og á hvaða leið erum við? Undir eðlilegum kringumstæðum hefur sagnfræðin ekki yfirlýst pólitísk markmið heldur lýtur lögmálum jafningjamats í vísindaheiminum um hvað sé góð eða minna góð sagnfræði. Hver sagnfræðingur er engu að síður staðsettur í tilvist sinni og gildi eru óhjákvæmilega hans meðreiðarsveinar. Nokkuð öðru máli gegnir um sögukennslu því henni er beinlínis ætlað að miðla gildum og leiðbeina nemendum í tilverunni og stuðla að því að þeir meðtaki ákveðin gildi fremur en önnur samkvæmt námskrám. Námssefnið sem nemendum er boðið upp á ásamt því hvernig kennarar vinna úr aðstæðum þegar miðlunin á sér stað er þess vegna lykilatriði um hvernig til tekst.

Í kenningaumuræðunni í öðrum hluta er rætt hvernig sagnfræði er gildishlaðin og mótuð af tíðarandanum hverju sinni. Kennimið og gildi sagnfræðinnar eru yfirfærð á efnivið kennslubóka og miðlun kennara í kennslustundum. Í þessum hluta er sýnt með dæmum hvernig gildi geta verið meðvitað og ómeðvitað ofin inn í kennsluefni. Þar má nefna aðgerðir yfirvalda í Evrópu til að draga úr fordómum eftir heimsstyrjaldirnar tvær. Annað dæmi er samvinna EUROCLIO við stofnanir Evrópusambandsins um að leggja áherslu á það sem sameinar Evrópu frekar en það sem sundrar.

Þriðji hluti ritgerðarinnar byggist á eigin gagnaöflun og úrvinnslu hennar. Í þeim hluta er unnið úr norrænni netkönnun meðal sögukennara á öllum Norðurlöndum. Þessi könnun tekur fyrir afstöðu kennara til námsefnis í sögu, bæði þess sem þegar er til staðar og notað, en einnig hvernig kennarar lýsa óskanámsefni sínu. Spurningarnar eru hluti af stærri könnun en hér eru einungis teknar fyrir þær spurningar sem fjalla um gildi og gildamiðlun. Svör kennaranna gefa til kynna að þeir hafi talsvert meðvitaða afstöðu til gilda og vinni markvisst með þau í kennslu sinni.

Til að styrkja niðurstöður könnunarinnar voru tekin viðtöl þar sem kennarar svöruðu spurningum varðandi gildamiðlun úr könnuninni og síðan var rætt við þá um hvernig þeir forgangsroðu og rökstuddu forgangsroðun sína. Í samtölum við kennara um spurningakönnunina var farið lengra og dýpra með viðfangefnið. Samtölin við kennarana staðfesta það sem könnunin sýnir, það er, að flestir þeirra eru vel meðvitaðir

um að sögukennslu fylgir umtalsverð miðlun gilda. Þeir voru sammála um að þau gildi sem tíunduð voru í könnuninni, *jafnrétti, umburðarlyndi, þjóðvitund, alþjóðahygga og umhverfisvitund*, væru áberandi þættir í þeirra miðlun. Þeim fannst erfitt að forgangsraða gildunum nema *umhverfisvitund* sem þeir lögðu minnsta áherslu á. Allir kennararnir litu á viðleitni sína til að ýta undir gagnrýna hugsun sem gildamiðlun. Það styrkir niðurstöður könnunarinnar að forgangs röðun á gefnum gildum var svipuð hjá viðmælendum og meðalgildi svara í netkönnuninni.

Hvorki könnunin né samtölin gefa tilefni til alhæfinga en bæði eru mikilvæg dæmi um forgangs röðun gilda og samtölin sýna að einhverju leyti hvernig kennarar rökstyðja forgangs röðunina. Samtölin gefa einnig mikilvægar upplýsingar um hvernig hinn almenni sögukennari lítur á sitt hlutverk þegar kemur að miðlun gilda í kennslunni. Samtölin sýna að kennarar fást við þessar spurningar, meðvitað og ómeðvitað. Gildamiðlun hefur fram að þessu ekki verið formgerð í námskrám eða útfærð í kennslufræði sögunnar nema að litlu leyti. Engu að síður virðast kennarar ganga út frá óskrifuðum reglum um gildamiðlunina. Með þeirri námskrá sem kom út 2011 verður hugsanlega breyting á þessu. Þar er gert ráð fyrir að grunnþættirnir *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun* verði fléttaðir inn í kennslu og kennslubækur. Þarna er um að ræða gildi sem þegar eru áberandi í þeirri gildamiðun sem fram fer í sögukennslu.

Í fjórða hluta ritgerðarinnar er reynt að greina íslenskar kennslubækur í Íslandssögu og mannkynssögu. Þar er fjallað um hvernig *sjálfstæðiskennimið* í íslenskri sagnfræði gegnsýrir kennslubækur í Íslandssögu. Þessi umfjöllun sýnir að íslensk þjóðernishygga er það grunnildi sem miðlað er. Umfjöllun um siðaskiptin er tekin sem dæmi um gildamiðlun í anda sjálfstæðiskennimiðsins. Í sögu Norður-Evrópubúa, þeirra er búa á lúterskum svæðum, eru siðaskiptin dæmi um framfarir og kemur það mjög skýrt fram í íslenskum kennslubókum. En siðaskiptin í Íslandssögunni eru sett í annað samhengi. Þegar sjálfstæðiskennimiðið verður ramminn fyrir umfjöllun um siðaskiptin á Íslandi miðlar sú umfjöllun öðrum gildum en framförum. Þetta skapar þá þversögn að siðaskiptin í Evrópu eru talin sýnishorn af sjálfsagðri mórerníski framvindu sögunnar en á Íslandi eru þau til marks um neikvæða þróun og þverrandi sjálfstæði. Þessi mótsögn helgast af því að þjóðernissinnuð þjóðríkishugmynd er sjálfsagður hluti

framfarahugmyndarinnar. Í íslenskri sögu fléttast sjálfstæðisbaráttan hins vegar saman við siðaskiptin og veldur þversögn.

Siðaskiptin fá því mismunandi túlkun í íslensku og evrópsku samhengi. Hér er sýnt fram á að íslenskir kennarar og kennslubókahöfundar takast á við þetta með því að draga úr trúar- og menningarlegum þætti siðaskiptanna á Íslandi en láta þau í staðinn snúast um sjálfstæði frá danska konungsvaldinu. Einnig kemur skýrt fram hvernig fleiri gildi sem tengjast tíðarandanum hverju sinni síast inn í umfjöllunina um siðaskiptin. Dæmi um það er hvernig stéttasjónarmið sem urðu algeng á sjöunda og áttunda áratugnum fléttast inn ásamt kynjasjónarmiðum án þess þó að taka yfir sem grunnildi í samhenginu. Innan Evrópusambandsins eru siðaskiptin einnig vandræðabarn í sögubókum og sögukennslu, því þar er áherslan á að sýna fram á sögulega framvindu sem sameinar frekar en sundrar Evrópu, eins og fjallað var um í kaflanum „Meðvituð endurskoðun og sköpun gilda“.

Þótt borið hafi á gagnrýni á sjálfstæðiskennimiðið á allra síðustu árum ber það eigi að síður enn uppi alla meginatburðarás Íslandsögunnar frá landnámi. Þetta kennimið heldur sagnfræðingum, sögukennurum, nemendum og almenningi enn innan ákveðins túlkunarramma. Sá rammi gerir okkur erfitt fyrir að ráða í fortíð og nútíð. Samtíminn er deigla þar sem fræðimenn og kennarar finna að það fjarar undan gamla sjálfstæðiskennimiðinu og nokkur óvissa og óöryggi ríkir um hvað gæti komið í staðinn. Þetta ástand eykur á sköpun og fjölbreytileika og eflir vitund kennara um hverju þeir miðla.

Niðurstöður þessarar ritgerðar sýna að ráðandi kennimið og miðlun gilda eru óhjákvæmilegur hluti af sögukennslu. Þótt kennarar séu meðvitaðir um þetta er þessi miðlun fremur ómarkviss. Ritgerðin vekur upp spurningar um hvort þörf sé á að færa vitund um kennimið og miðlun gilda enn frekar upp á yfirborðið í þeim tilgangi að ræða og efla vitund sögukennara og námsefnishöfunda. Það skiptir máli hvaða kennimið liggja til grundvallar og hvaða gildum er miðlað í sögukennslu. Það skiptir máli hvernig það er gert, hvernig gildin eru valin og þeim forgangsraðað. Ljóst er að frekari rannsókna er þörf á þessu sviði til þess að gildamiðlun verði meðvitaðri og markvissari en nú er.

## Heimildaskrá

- Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 – Almennur hluti*, Mennta- og menningarmálaráðuneyti, <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgafuskra/>.
- Aðalnámskrá grunnskóla – Almennur hluti*, Menntamálaráðuneytið (Reykjavík 2006).
- Aðalnámskrá grunnskóla – Almennur hluti*, Menntamálaráðuneytið (Reykjavík, 1999).
- Alridge, Derrick P., „The Dilemmas, Challenges, and Duality of an African-American Educational Historian“, *Educational Researcher*, 32:9 (2003), bls. 25-34.
- Atli Hafþórsson, *Stoltir eyjarskeggjar?– Tengsl menningar og viðhorfa við þjóðernissjald unglunga í evrópskum eyjasamfélögum*, Lokaverkefni til BA-prófs í þjóðfélagsfræði við Hug-og félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri (2009).
- Árni Hermannson o.fl., *Íslands- og mannkynssaga NB 1* (Reykjavík 2000).
- Barton, Keith C. og Linda S. Levstik, *Teaching History for the Common Good* (Mahwah, New Jersey, 2004).
- Benjamín Kristjánsson „Íslands djarfasti sonur“, *Kirkjuritið*, 25:9 (1959), bls. 404-416.
- Biskupar*, heimasíða Skálholtsstaðar, sótt 29. apríl af <http://www.skalholt.is/frodleikur/biskupar/>.
- Björn Bjarnason, „Hnigna tekr heims magn?“, *Hólahátíð*, 15. ágúst 2004. Ræða menntamálaráðherra, sótt 29. apríl 2012 af heimasíðu Björns Bjarnasonar <http://www.bjorn.is/greinar/nr/2866>.
- Björn Þorsteinsson, *Íslensk miðaldasaga* (Reykjavík, 1978).
- Burke, Peter, „Paradigms Lost: From Göttingen to Berlin“, *Common Knowledge*, 14:2 (2008), bls. 244-257.
- Denzin, N., „Strategies of multiple triangulation“, ritstj. Denzin, N. *The research act in sociology. A theoretical introduction to sociological method* (New York 1970), 297-313.
- Evans, Ronald W., „Educational Ideologies and the Teaching of History“, *Teaching and Learning in History*, ritstj. Gaea Leinhardt, Isabel L. Beck og Cathrine Stainton (New Jersey, 1994), bls.171-207.
- Finnur Jónsson, „Jón Arason og „landsrjettindin““, *Skírnir*, 94:4 (1920), bls. 277-280.
- Gottskálf Þór Jenson, „Söguleysa þjóðlegrar sagnfræði“, *Þjóðerni í þúsund ár*, ritstj. Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson (Reykjavík, 2003).
- Gunnar E. Finnbogason, „Með gildum skal land byggja – gildagrunnur skólans,“ *Uppeldi og menntun*, 13:2 (2004), bls. 169-184.
- Guðmundur F. Guðmundsson, „Jón Arason: Þíslarvottur eða þjóðhetja?“, *Merki krossins*, 1. hefti (1997), bls. 9-27.
- Guðmundur J. Guðmundsson, *Evrópusaga frá þjóðflutningum til borgarsamfélags* (Reykjavík, 1991).
- Guðmundur J. Guðmundsson og Ragnar Sigurðsson, *Þættir úr sögu vestrænnar menningar: Nýöldin 1492-1848* (Reykjavík, 1995).
- Guðmundur Jónsson, „Sagan og samtíminn: Ráðstefna um söguskoðun Íslendinga“, *SAGA XXXIII* (Reykjavík, 1995), bls. 55-56.
- Gunnar J. Gunnarsson, „Hver eru grunnildin í skólalastarfi í dag?“, *Uppeldi og menntun*, 16:1 (2007), bls. 103-108.
- Gunnar Karlsson, „Markmið sögukennslu. Söguleg athugun og hugleiðingar um framtíðarstefnu“, *SAGA* (Reykjavík, 1982), bls. 173-222.
- Gunnar Karlsson, *Sjálfstæði Íslendinga 2* (Reykjavík, 1986).

- Gunnar Karlsson, *Sjálfstæði Íslendinga 2 – kennslutillögur* (Reykjavík, 1986).
- Gunnar Karlsson, *Samband við miðaldir* (Reykjavík, 1990).
- Gunnar Karlsson o.fl., *Fornir tímar*, ritstj. Gunnar Karlsson (Reykjavík, 2003).
- Hanna Ragnarsdóttir, „Grunngildi skólstarfs í fjölmenningsamfélagi“, *Uppeldi og menntun*, 16:1 (2007), bls. 109-112.
- Helgi Skúli Kjartansson, *Þættir úr sögu nýaldar* (Reykjavík, 1976).
- Helgi Þorláksson, „Frá Kirkjuvaldi til ríkisvalds“, *Saga Íslands*, VI bindi, ritstj. Sigurður Líndal (Reykjavík, 2003).
- Häger, Bengt Åke, *Samferða um söguna* (Reykjavík, 1987).
- Jón J. Aðils, *Íslandssaga* (Reykjavík, 1961, 4. útgáfa endurskoðuð).
- Jón R. Hjálmarsson, *Mannkynssaga handa framhaldsskólum, fyrri hefti* (Reykjavík, 1972).
- Jón Sigurðsson, *Hugvekja til Íslendinga – úrval úr ritum og ræðum Jóns Sigurðssonar til loka þjóðfundar* (Reykjavík, 1951).
- Jón Þorkelsson og Einar Arnórsson, *Ríkisréttindi Íslands - skjöl og skrif* (Reykjavík, 1908).
- Jónas Jónsson, *Íslandssaga*, 1. hefti (Reykjavík, án árs)
- Jónas Jónsson, *Íslandssaga*, 2. hefti (Reykjavík, án árs).
- Jónas Jónsson, *Íslandssaga 1. [hljóðbók]* (Reykjavík, 1991).
- Jónas Jónsson, *Íslandssaga 2. [hljóðbók]* (Reykjavík, 1991).
- Jónas Jónsson, *Íslandssaga 3. [hljóðbók]* (Reykjavík, 1995).
- Karlson, Klas-Göran, „Historiedidaktikens teori“, *Historien är nu: En introduktion till historiedidaktiken*, ritstj. Klas-Göran Karlson og Ulf Zander (Lundi, 2004), bls. 41-43.
- Kuhn, Thomas S., *The Structure of Scientific Revolutions* (Chicago, 1962).
- Kvale, Steinar, *Doing interviews* (London, 2007).
- Lauridsen, John T., Nils Arne Sörensen og Thorsten Borre Olsen, *Nýöld-Upphaf nútíma* (Reykjavík, 1994).
- Lykke, Nina, „Interseksjonalitet – ett Användbart Begrepp för Genusforskningen“, *Kvinnovetenskaplig Tidskrift*, 1(2003), bls. 47-55.
- Läroplan, examensmål och gymnasie gemensamma ämnen för gymnasieskola 2011*. Sótt 28. apríl 2012 af <http://www.skolverket.se/publikationer?id=2705>
- Opening the Mind or Drawing Boundaries? History Texts in Nordic Schools*, ritstj. Þorsteinn Helgason og Simone Lässig (Göttingen, 2010).
- Ólafur R. Einarsson, *Frá landnámi til lútherstrúar: Þættir úr Íslandssögu fram til 1550* (Reykjavík, 1986).
- Ólafur Páll Jónsson „Gildi og skynsemi“, *Uppeldi og menntun*, 16:1 (2007), bls. 95-102.
- Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi*, I bindi (Reykjavík, 1919).
- Praxton, Richard, J., „A Deafening Silence: History Textbooks and the Students Who Read Them“ *Review of Educational Research* 69:3 (1999), bls. 315-339.
- „Sagan og samtíminn: Ráðstefna um söguskoðun Íslendinga“, *SAGA XXXIII* (Reykjavík, 1995), bls. 55-109.
- Silverman, David, E., *Qualitative Research Theory. Method and Practice* (London, 1997).
- Sigrún Aðalbjarnardóttir, „Lífsgildi“, *Rannsóknir í félagsvísindum VII*, ritstj. Úlfar Hauksson, (Reykjavík, 2006), bls. 779-787.



- Skrá yfir kaþólska biskupa á Íslandi*, heimasíða Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, sótt 29. apríl af <http://www.catholica.is/cinco2.html>
- Soysal, Yasemin, „The Construction of European Identity 1945-Present“, *What shall we tell the children*, ritstj. Stuart J. Foster og Keith A. Crawford (Greenwich, Connecticut 2006).
- Svavar Jósepsson, „Bodil Bergtrup: barátta danska sendiherrans fyrir breytingum á söguskoðun Íslendinga“, *SAGA XLII* (2004), bls. 17-58.
- Sveen, Asle og Svein A. Aastad, *Mannkynssaga eftir 1850* (Reykjavík, 1985).
- Sveen, Asle og Svein A. Aastad, *Mannkynssaga fram til 1850* (Reykjavík, 1987).
- Stuurman, Sieb og Maria Grever, *Beyond the canon: History for the twenty-first century*, ritstj. Sieb Stuurman and Maria Grever (New York, 2007).
- Sverrir Kristjánsson, „Síðasti Íslendinginn“, *Tímarit Máls og menningar*, 35:1-2 (1974), bls. 75-79.
- Wright, Georg Henrik von, *Framfaragoðsögnin* (Reykjavík, 2003).
- Þorkell Jóhannesson, „Jón biskup Arason – fjögurhundrað ára minning“, *Skírnir* CXXIV (1950), bls. 152-174.
- Þorsteinn Helgason, „Inntak sögukennslu“, *Uppeldi og menntun. Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 7 (1998), bls. 37–67. Einnig á vefslóðinni [http://saga.khi.is/thelga/inntak\\_sogukennslu.htm](http://saga.khi.is/thelga/inntak_sogukennslu.htm)
- Þorsteinn Vilhjálmsson, *Heimsmynd á hverfanda hveli* (Reykjavík 1986-1987).

## Viðauki: Spurningalisti

Sagan í námsgögnunum, norrænt rannsóknarverkefni. Spurningar til kennara um námsgögn í sögu. Reykjavík, október 2006.

### Til sögukennarans

Allir kennarar nota námsgögn í kennslu sinni en fátt er um rannsóknir á því hvaða afstöðu þeir hafa til námsgagnanna. Þessi spurningarlisti er liður í að bæta þar úr. Hann er hluti af norrænni rannsókn á námsgögnum í sögu, inntaki þeirra og notkun, og þátttakendur eru frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Íslandi. Frekari upplýsingar um rannsóknina er finna á vef hennar, <http://vefir.khi.is/historiskola>

Eftirtaldir kennarar og rannsakendur hafa unnið að gerð spurningalistann:

Þorsteinn Helgason, Kennaraháskóli Íslands

Pálmi Magnússon, Menntaskólinn við Hamrahlíð

Guðmundur Arnlaugsson, Menntaskólinn við Hamrahlíð

Þóroddur Bjarnason, Háskólinn á Akureyri

Helgi Skúli Kjartansson, Kennaraháskóli Íslands

KG Hammarlund, Högskolan Halmstad

Monika Vinterek, Umeå universitet

Dagrun Skjeldbred, Høgskolen i Vestfold

Könnunin er nafnlaus og verða svörin ekki tengd við einstaklinga.

Með fyrirfram þökk fyrir þátttökuna.

1. Ert þú kona eða karl?

- Kona
- Karl

2. Hvaða ár ertu fædd/ur?

3. Hvaða menntun hefur þú lokið?

- Stúdentspróf
- Kennarapróf frá KHÍ eða HA með sérhæfingu í sögu
- Kennarapróf frá KÍ eða KHÍ ekki með sérhæfingu í sögu
- BA-prófi eða samsvarandi með sögu sem aðalgrein
- BA-prófi eða samsvarandi með sögu sem aukagrein
- MA-próf eða samsvarandi með sögu sem aðalgrein
- MA-próf eða samsvarandi hvorki aðal- né aukagrein í sögu
- Doktorspróf eða samsvarandi með sögu sem aðalgrein
- Doktorspróf eða samsvarandi hvorki aðal- né aukagrein í sögu
- Öðru námi, hvaða?

4. Hver er kennslureynsla þín?

- Kennslureynsla, ár:

5. Á hvaða skólastigi? Merktu við allt sem við á:

- Yngsta stig í grunnskóla
- Miðstig í grunnskóla
- Unglingastig í grunnskóla
- Framhaldsskólastig
- Háskólastig

6. Við hvaða skólastig miðar þú aðallega svör þín í sögukennslu?

- Yngsta stig í grunnskóla
- Miðstig í grunnskóla
- Unglingastig í grunnskóla
- Framhaldsskólastig

**Í eftirfarandi spurningum ertu beðin/n að raða valkostunum í mikilvægisröð 1-5 þar sem það mikilvægasta er sett í fyrsta sæti (1) en það sem skiptir minnstu er sett í fimmta sæti (5). Með námsgögnum er átt við útgefið efni sem ætlað er til kennslu, bæði kennslubækur, kennsluleiðbeiningar og annað fylgiefni.**

7. Hver eru mikilvægustu hlutverk námsgagna í sögu að þínu mati?

*Raðaðu í mikilvægisröð (1, 2, 3, 4, 5, á ekki við)*

- Ýta undir sjálfstæða hugsun nemenda
- Miðla sögulegu yfirliti
- Skýra og styrkja sjálfsvitund nemandans
- Gefa nemendum innsýn í sagnfræðileg vinnubrögð
- Miðla gildum

8. Hvernig getur kennslubókin best ýtt undir sjálfstæða hugsun nemenda? Með því að ...

*Raðaðu í mikilvægisröð (1, 2, 3, 4, 5, á ekki við)*

- Tefla fram mörgum sjónarmiðum í umdeildum málum
- Segja frá eins hlutlaust og kostur er
- Veita nemandanum eins miklar upplýsingar og hægt er
- Hvetja nemandann til að leita sjálfur upplýsinga
- Beita vísindalegum hugtökum og fræðikenningum

9. Hvað er mikilvægast þegar gefið er sögulegt yfirlit í námsefni?

*Raðaðu í mikilvægisröð (1, 2, 3, 4, 5, á ekki við)*

- Áhrifamiklir og merkir einstaklingar
- Áhrifaríkir og áttakamiklir atburðir
- Tímaskyn og tímaröð
- Samhengi og orsakasamband
- Lifandi frásögn

10. Hvernig geta námsgögnin hjálpað til við að skýra og styrkja sjálfsvitund nemandans? Með því að ...

*Raðaðu í mikilvægisröð (1, 2, 3, 4, 5, á ekki við)*

- Vísa til reynsluheims nemandans
- Fjalla um sögu þjóðarinnar
- Gæta að kynjavídd í sögunni
- Hafa mannréttindasjónarmið í hávegum
- Gæta að fjölmenningsjónarmiðum

11. Með hvaða hætti geta námsgögnin gefið nemendum innsýn í sagnfræðileg vinnubrögð? Með því að ...

*Raðaðu í mikilvægisröð (1, 2, 3, 4, 5, á ekki við)*

- Kenna heimildarýni
- Örva sjálfstæða þekkingarleit nemandans
- Láta nemendur fást við frumheimildir
- Sýna hvernig söguþekking og sögutúlkun eru í stöðugri endurskoðun
- Gefa dæmi um sagnfræðirannsóknir

12. Hvaða gildum skiptir mestu máli að námsgögnin komi á framfæri?

*Raðaðu í mikilvægisröð (1, 2, 3, 4, 5, á ekki við)*

- Alþjóðahyggju
- Umburðarlyndi
- Jafnrétti
- Þjóðvitund
- Umhverfisvitund

13. Hvað tekurðu til bragðs ef þú ert ekki ánægð/ur með kennslubók sem þú notar?

*Raðaðu í mikilvægisröð (1, 2, 3, 4, 5, á ekki við)*

- Læt kennslubókina ráða för
- Sleppi efninu
- Nota annað efni í staðinn eða samhliða
- Gagnrýni efnið opinskátt
- Ræði við nemendur um framsetningu efnisins

**Mat á ákveðinni kennslubók í sögu ásamt kennsluleiðbeiningum og öðru útgefnu efni sem fylgir kennslubókinni.**

14. Veldu kennslubók sem þú notar:

15. Hvaða hlutverk uppfyllir þessi tiltekna kennslubók best?

*Raðaðu í mikilvægisröð (1, 2, 3, 4, 5, á ekki við)*

- Ýta undir sjálfstæða hugsun nemenda
- Miðla sögulegu yfirliti
- Skýra og styrkja sjálfsvitund nemandans
- Gefa nemendum innsýn í sagnfræðileg vinnubrögð
- Miðla gildum

16. Sjálfstæð hugsun: Hvaða aðferðum er beitt í bókinni?

*Raðaðu í mikilvægisröð (1, 2, 3, 4, 5, á ekki við)*

- Teflt er fram mörgum sjónarmiðum í umdeildum málum
- Sagt er frá eins hlutlaust og kostur er
- Nemendum eru veittar eins miklar upplýsingar og hægt er
- Nemendur eru hvattir til að leita sjálfir upplýsinga
- Beitt er vísindalegum hugtökum og fræðikenningum

17. Sögulegt yfirlit: Hverjir eru helstu áherslupættir í kennslubókinni.

*Raðaðu í mikilvægisröð (1, 2, 3, 4, 5, á ekki við)*

- Áhrifamiklir og merkir einstaklingar
- Áhrifaríkir og áttakamiklir atburðir
- Tímaskyn og tímaröð
- Samhengi og orsakasamband
- Lifandi frásögn

18. Sjálfsvitund nemandans: Hvaða aðferðir/sjónarhorn eru algengust í kennslubókinni?

*Raðaðu í mikilvægisröð (1, 2, 3, 4, 5, á ekki við)*

- Vísað er til reynsluheims nemandans
- Fjallað er um sögu þjóðarinnar
- Gætt er að kynjavídd í sögunni
- Mannréttindasjónarmið eru höfð í hávegum
- Gefið er fjölmenningslegt sjónarhorn

19. Hvernig gefur kennslubókin innsýn í sagnfræðileg vinnubrögð? Með því að...

*Raðaðu í mikilvægisröð (1, 2, 3, 4, 5, á ekki við)*

- Kenna heimildarýni
- Örva sjálfstæða þekkingarleit nemandans
- Nota frumheimildir
- Sýna hvernig söguþekking og sögutúlkun eru í stöðugri endurskoðun
- Gefa dæmi um sagnfræðirannsóknir

20. Hvaða gildi leggur kennslubókin áherslu á?

*Raðaðu í mikilvægisröð (1, 2, 3, 4, 5, á ekki við)*

- Alþjóðahyggju
- Umburðarlyndi
- Jafnrétti
- Þjóðvitund
- Umhverfisvitund

**21. Í síðustu spurningunni átt þú að meta hversu mikið þú notar eftirtaldar tegundir námsgagna í kennslu þinni yfirleitt.**

*Merktu við einn reit í hverri línu (mikið notað, allmikið notað, nokkuð notað, lítið notað, aldrei notað)*

- Kennslubók (nemendabók)
- Vinnubók
- Kennsluleiðbeiningar
- Fræðirit
- Fagurbókmenntir
- Heimildamyndir
- Leiknar bíómyndir
- Ljósmyndir
- Kort
- Frumheimildir (texta)
- Munir
- Námsspil og -leikir
- Vettvangsferðir
- Tölfræðiefni
- Safnaferðir
- Verkefnavinna nemenda
- Frásagnir og fyrirlestrar kennarans
- Netíð
- Annað, hvað?